

**UPPFRÆÐSLA**  
**LITLA TRÉS**  
**eftir**  
**Forrest Carter**

Leikgerð eftir  
Benóný Ægisson

**1. ÞÁTTUR**

## PERSÓNUR

Litla tré, 5 ára.....	.....
Litla tré fullorðinn.....	.....
Wales, afi Litla trés.....	.....
Fagra býfluga, amma Litla trés.....	.....
Bílstjóri.....	.....
Farþegi, kona.....	.....
Kona í rútu.....	.....
Maður í rútu.....	.....
Raddir náttúruvætta.....	.....
Bókavörður, kona.....	.....
Prófessor.....	.....
Kona í bíl.....	.....
Þvottabjarnar-Jói.....	.....
Ethan, faðir Wales, langafi Litla trés.....	.....

**(Umferðarmiðstöð. Vélarhljóð, rútur koma og fara.  
Skvaldur og asi)**

BÍLSTJÓRI

Er þetta þinn farangur?

FARÞEGI

Já. Er þetta ekki rútan til Chattanooga?

BÍLSTJÓRI

Nei. Hún er þarna. Númer 15.

FARÞEGI

Guð minn almáttugur. Er þetta vitlaus bíll?

BÍLSTJÓRI

Það eru nú áhöld um hver er vitlaus hérna. Þú verður að drífa þig, hún fer eftir tvær mínútur.

FARÞEGI

Guð minn almáttugur!

WALES

Hvar er rútan okkar?

FAGRA BÝFLUGA

Rólegur maður. Ég er að lesa á skiltin.

WALES

Hún amma þin getur lesið á við hvern sem er,

FAGRA BÝFLUGA

Það er þessi.

LITLA TRÉ

Er þetta rútan okkar?

FAGRA BÝFLUGA

Já Litla tré. Farðu inn á eftir afa þínum, ég bíð hér þangað til hann er búinn að borga.

BÍLSTJÓRI

Eruð þið ekki með neina miða?

WALES

Við getum borgað fyrir okkur.

FAGRA BÝFLUGA

**(Hvíslar)** Segðu honum afa þínum að segja hvert við erum að fara.

LITLA TRÉ

Afi, þú átt að segja honum hvert við erum að fara

WALES

Við erum að fara að Austari-Brún.

BÍLSTJÓRI

Já var það ekki? Eystri-Brún! Hérna er afgangurinn þinn höfðingi. Há!

**(Farþegarnir hlæja)**

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég varð því feginn að farþegarnir hlógu. Þá gátu þau ekki verið mjög óvinveitt. Við fórum aftast í rútna og gengum framhá veikri konu sem var öll svört um augun og munnur hennar var rauður af blóði.

## KONA

Há höfðingi! (Klappar með lófa á munn.)

Vúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvúvú!

## MAÐUR

(Hlær og slær sér á lær). Ha ha! Þú er nú alveg óborganleg Betty!

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Maðurinn sem var með konunni var með stóran skrautlegan þrjón í bindinu sínu svo ég sá að hann var ríkur og gat borgað fyrir lækni handa konunni svo það var allt í lagi. Ég var á leið heim með afa og ömmu. Þau höfðu komið í jarðaförina hennar mömmu. Pabbi hafði dáið hálfu ári fyrr og ættingjarnir skiptu málaða rúmstæðinu, borðinu og stólunum á milli sín og svo upphófst umræða um hvað ætti að gera við mig. Ég var bara fimm ára. Afi tók ekki þátt í umræðunni. Hann stóð bara utarlega í hópnum næstum tveggja metra hár með svarta hattinn sinn og í svörtu jakkafötunum sem voru bara notuð í kirkju og við jarðarfarir og amma stóð fyrir aftan hann og lagði heldur ekkert til málanna. Hún horfði ekki á mig en það gerði afi hinsvegar og smámsaman þokaði ég mér til hans og greip utan um lærið á honum og neitaði að sleppa.

## FAGRA BÝFLUGA

Þú gafst ekki frá þér hljóð, grést ekki, hélst bara dauðahaldi í afa þinn og vildir ekki sleppa hvað sem þau toguðu. Að lokum lagði afi þinn höndina á höfuðið á þér.

## WALES

Látið hann vera.

## FAGRA BÝFLUGA

Hann afi þinn segir yfirleitt ekki margt í fjölmenni. En þegar hann segir eitthvað þá er tekið mark á því.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þannig stóð á því að ég fór að búa hjá ömmu og afa og öllum hundunum þeirra. Þegar við fórum út úr rútunni og gengum í átt að kofanum þeirra þá var komið niðamyrkur og ég var orðinn dauðþreyttur. Allt í einu tók ég eftir fjöllum. Þau voru dimm og skuggaleg og hálfur máni skein yfir fjallstindinum svo hátt uppi að maður varð að reigja höfuðið aftur til að sjá hann. Það setti að mér hroll í dimmu fjallanna en svo tóku trén og vindurinn í toppi þeirra, lækurinn, dýrin og fjallið á móti mér.

## HVÍSLANDI RADDIR

Hann er að koma  
 Við bjóðum hann velkominn  
 Við óttumst hann ekki  
 Við vitum að það er gæska í hjarta hans  
 Litla tré er ekki einn

## FAGRA BÝFLUGA

Þetta var langt ferðalag fyrir lítinn dreng. Hann var orðinn dauðþreyttur.

## WALES

Við skulum koma honum í rúmið. Það er gott að geta sofið þegar maður hefur misst eitthvað.

## HVÍSLANDI RADDIR

Litla tré er bróðir okkar  
 Litla tré er hér  
 Hugrekkið býr í hjarta hans  
 Og gæskan er styrkur hans  
 Litla tré verður aldrei einn

LITLA TRÉ *fullorðinn*

Amma eyddi fyrstu vikunni minni hjá þeim í að sauma handa mér háar moccasínur úr dádýrshúð. Ég fór í þær blautar og gekk þær til þangað til þær voru þurrar og mátulegar.

## FAGRA BÝFLUGA

Þegar þú gengur í þessum moccasínunum geturðu fundið Món-óla, móður jörð, snerta þig Litla tré. Það geturðu ekki í venjulegum skóm. Finnurðu fyrir henni?

## LITLA TRÉ

Já. Ég finn hana. Hérna er hún hörð og hérna dúar hún.

## FAGRA BÝFLUGA

Í henni eru rætur alls og hún er hlý og góð og heldur þér að barmi sínum og ruggar þér.

## WALES

Jæja karlinn minn, svo þú ert vaknaður?

## LITLA TRÉ

Þú sagðir að ég mætti koma með þér upp í fjall ef ég væri á fótum þegar þú færir.

## WALES

Já maður verður að vakna sjálfur. Það gerir enginn fyrir mann.

LITLA TRÉ

Já, það er rétt hjá þér afi.

**(Fótatak. Skógarhljóð.)**

WALES

Sjáðu. Hérna fara kalkúnarnir um og hér gerum við gildruna. Sko. Fyrst hreinsum við laufin burt og svo gröfum við holu. Sæktu nokkrar greinar þarna hinum megin.

LITLA TRÉ

Já afi. Hvernig eru þessar afi?

WALES

Þær eru fínar. Komdu með þær. Við leggjum þær yfir holuna og svo hyljum við þær með laufblöðum. Sjáðu. Svo gerum við rauf, skáhallt frá slóðinni inn í holuna, stráum dálitið að korni í hana og gildran er tilbúin. Nú skulum við fara og finna góðan stað til að borða nestið okkar.

LITLA TRÉ

Sjáðu afi. Sólin er farin að skína á fjallstindana.

WALES

Já. Hún er að lifna við.

LITLA TRÉ

Já. Hún er að lifna við. Sérðu afi. Fuglinn þarna.

WALES

Þetta er Tal-kon, haukurinn. Nú flýja allar lynghæurnar. Sjáðu þessa. Hún er alltof sein.



## LITLA TRÉ

Æ æ. Hann náði henni.

## WALES

Þú skalt ekki vera leiður yfir því Litla tré. Tal-kon náði þeirri seinustu og því mun hún ekki eignast unga sem verða seinir líka. Haukurinn hjálpar fuglunum líka því hann étur þúsundir af rottum sem annars myndu stela eggjum lynghæunnar. Þetta er Leið lífsins. Taktu bara það sem þú þarft á að halda. Ef þú veiðir dádýr áttu ekki að taka það besta. Það á að taka þau sem eru smá og hægfara og þá verða dýrin smám saman stærri og sterkari og geta alltaf séð þér fyrir kjöti. Þetta veit Pa-kó, fjallaljónið, og þetta verður þú að vita líka. **(Hlær.)** Það er bara Ti-bi, býflugan, sem safnar meiri forða en hún þarf og þess vegna ræna birnirnir og sérókarnir hunanginu hennar. Þannig er það líka með fólk sem dregur að sér meira en því ber. Það verður tekið frá því. Og þessvegna munu brjótast út stríð.. og þeir munu halda langar ræður til að réttlæta hamstrið. Þeir munu segja að fáninn standi fyrir rétt þeirra til að gera þetta.. og fólk mun deyja vegna orðanna og fánans.. en þeir munu ekki breyta lögmálum Leiðarinnar. **(Þögn)** Jæja. Nú skulum við fara að vitja gildrunar.

**(Fótatak. Kalkúnahljóð.)**

## LITLA TRÉ

Það eru kalkúnar í henni.

## WALES

Hvað eru þeir margir?

## LITLA TRÉ

1, 2, 3, 4.. 5, 6. Þeir eru sex afi. Af hverju fara þeir ekki út úr holunni þegar það er engin loka fyrir henni? Þeir þurfa bara að beygja hausinn þá komast þeir út.

## WALES

Tel-kví er eins og sumt fólk. Það þykist vita allt og lítur því aldrei niður fyrir sig til að gá hvað er að gerast í kringum það. Það strigsar bara um með nefið uppí loftið og lærir aldrei neitt.

## LITLA TRÉ

Eins og rútbílstjórinn?

## WALES

Rútbílstjórinn? **(Skellir upp úr.)** Ætli það ekki. Eins og rútbílstjórinn. Það er rétt hjá þér, gaggið í honum var ekkert ósvipað gaggi í kalkúni. En það er hans byrði í lífinu. Ekkert sem við þurfum að hafa áhyggjur af. **(Þögn)** Líttu á þá. Þeir eru allir á svipuðum aldri; það sést á kambinum. Við þurfum bara þrjá svo nú skaltu velja Litla tré.

## LITLA TRÉ

Þennan.. og þennan.. og þennan. Þeir eru minnstir.

## WALES

Getur þú haldið á einum?

## LITLA TRÉ

Já afi.

## WALES

Ef þú værir ekki Litla tré þá myndi ég kalla þig Litla hauk.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég elti afa niður slóðann. Kalkúnninn var þungur en mér fannst gott að hafa hann á öxlinni. Sólin skein á milli greina trjáanna og bjó til gullin mynstur á gönguleið okkar. Vindinn hafði lægt á þessu vetrarsíðdegi og afi raulaði fyrir munni sér. Ég óskaði þess að þetta augnablik varaði að eilífu. Ég vissi að ég hafði glatt afa og ég hafði lært um Leiðina.

## FAGRA BÝFLUGA

Manstu nú orðin þín Litla tré.

## LITLA TRÉ

Já já amma: Abbadís, abbast, abbendi, aborri og abstrakt.

## FAGRA BÝFLUGA

Og hvernig er setningin sem þú gerðir til að muna þau?

## LITLA TRÉ

Abbadísinn fékk abbendi af að abbast upp á aborrann. Ég veit ekki hvað ég á að gera við abstrakt því ég skil það ekki alveg.

## WALES

Hvað ættir þú að skilja það? Þetta er eitthvað alóparft orð sem einhverjir labbakútar, sem hafa ekkert þarfara að gera, hafa fundið upp til að rugla okkur hin í ríminu. Og hvað þýðir þetta abbe.. abben

## LITLA TRÉ

Abbendi?

## WALES

Abbendi! Já, hvað þýðir það eiginlega?

## LITLA TRÉ

Það þýðir harðlífi.

## WALES

Af hverju segja þeir þá ekki harðlífi? Það er gott og gilt orð sem allir skilja. Þau eru alltof mörg þessi skrambans orð.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afi sagði skrambans en ekki fjandans eða andskotans eins og hann var vanur af því amma heyrði til. Afa var alltaf illa við óþörf orð og því gast honum ekki vel að þeirri ákvörðun ömmu að láta mig læra fimm orð á viku í orðabókinni. Afi vantreysti orðum eins og hann vantreysti stjórnámálamönnunum sem höfðu ekkert til málanna að leggja annað en orð. Tvisvar í viku, á laugardags og sunnudagskvöldum kveikti amma á olíulampanum og las fyrir okkur. Það var munaður að kveikja á lampanum og ég er viss um að það var gert mín vegna. Einu sinni í mánuði gengum við afi til þorpsins að sækja olíu og ég bar olíubrúsann til baka. Afi sýndi mér mikið traust með því að leyfa mér að bera brúsann því það kostaði fimmkall að fylla á hann. Við fórum líka í bókasafnið að sækja bækur. Amma gerði lista yfir bækur sem við áttum að fá lánaðar eða réttara sagt yfir höfunda bókanna og þar var herra Shakespeare alltaf efstur á blaði því líklega þekkti amma enga nútímahöfunda.

BÓKAVÖRÐUR

Shakespeare? Og hvað viljið þið fá eftir hann?

WALES

Bara eitthvað sem við höfum ekki fengið áður.

BÓKAVÖRÐUR

Hafið þið lesið Lear konung.

WALES

Er það kóngurinn sem asnaðist til að gefa dætrum sínum  
aleiguna og þær svikust um að sjá fyrir honum?

BÓKAVÖRÐUR

Einmitt. Þú hefur þá lesið hana?

WALES

Nei. Ég kann ekki að lesa.

BÓKAVÖRÐUR

Hvað hefurðu að gera við bækur ef þú ert ekki læs?

WALES

Það er konan mín sem les fyrir okkur.

BÓKAVÖRÐUR

Einmitt það já. Ætli það sé ekki best að ég skrifi hjá  
mér að þið hafið fengið Lear upp á seinni tíma. Hvað um  
Rómeó og Júlíu?

WALES

Það kannast ég ekki við. Gætirðu lesið eitthvað upp úr  
henni fyrir mig?

BÓKAVÖRÐUR

Lesið?

WALES

Já. Svo ég átti mig á þessu.

BÓKAVÖRÐUR

Ég get svo sem gert það. **(Les.)**  
 Þið gamli Kapúlett og greifi Montag!  
 vor stræti hafið þrisvar æst í uppnám  
 svo Verónsborgar gömlu göfugmenni  
 úr fögrum friðarskikkjum máttu klæðast..

LILTA TRÉ

Við höfum fengið þessa.

WALES

Nú? Ertu viss um það? Ég kannast ekkert við þetta? Um  
 hvað er hún?

LITLA TRÉ

Montag- og Kapúlettfjölskyldurnar eru óvinir og þessvegna  
 geta Rómeó og Júlía ekki gifst því þau eru úr sitt hvorri  
 fjölskyldunni. Þau deyja bæði í lokin; af tómun  
 vitleysisgangi sagðir þú.

WALES

Já þvílíkir grasasnar! Hvað áttu fleira? Hefur hann  
 skrifað fleiri bækur hann herra Shakespeare?

BÓKAVÖRÐUR

Hafið þið lesið Makbeð? En ég veit nú ekki hvort hún er  
 við hæfi barna..

WALES

Er hún spennandi?

BÓKAVÖRÐUR

Já, það er hún.

WALES

Þá tókum við hana.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þessi kona var ágæt þó henni gengi stundum erfiðlega að skilja hvert við vorum að fara. Einusinni gaf hún mér brjóstsykurstöng sem ég skipti með afa þegar við vorum komnir út. Hann vildi bara minni helminginn af því ég hafði ekki brotið hana alveg jafnt. Afi var vanur að sitja í ruggustólnum sínum þegar amma var að lesa og ég vissi alltaf þegar hann varð spenntur því þá hætti hann að rugga sér. Það gerðist oft þegar amma var að lesa Makbeð.

FAGRA BÝFLUGA

**(Les.)** Burt, djöfuls blettur! burt segi ég! Eitt, tvö. Nú, þá er stund til starfa. Í víti er myrkur! Svei, minn herra, svei! hermaður og hræddur? Hvað þurfum við að hræðast, hver sem veit það, þegar enginn getur krafið vald okkar reikningsskapar? En hver hefði grunað gamlan manninn um að luma á svona miklu blóði?

WALES

Sko, hún hefði átt að halda sig á mottunni, frúin, þá hefði þetta ekki endað í tómri vitleysu. Auðvitað hefði herra Makbeð átt að sjá um þetta mál. Og hún þykist vera hefðarfrú. Ég get ekki séð að það sé ástæða til að kalla hana lafði Makbeð eins og hún hagar sér. Hún minnir mig

WALES (Frh.)

mest á dádýrshind sem ég sá einusinni. Hún var að beiða og fann engan tarf svo hún varð snarvitlaus og hljóp á trén og hvað sem fyrir varð og að endingu drukknaði hún í læknum. (Þögn.) Þegar öllu er á botninn hvolft þá býst ég nú samt við að herra Makbeð beri mesta ábyrgð, þó herra Shakespeare kveði nú ekki upp úr með það, enda virðist mér sá maður klúðra öllu sem hann kemur nálægt. Og þó. Frúin hefði átt að fá útrás fyrir þessa grimmdargreddu sína með því að berja hausnum við vegg í stað þess að drepa fólk.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afa var ekki vel við Makbeðhyskið og heldur ekki við Brútus og hans kóna sem laumuðust að herra Júlíusi Sesar og myrtu hann. Hann stóð með Júlíusi jafnvel þó hann hefði verið í stjórnámálum.

## WALES

Ég get nú ekki skrifað upp á allt sem herra Sesar gerði en þetta er það lágkúrulegasta sem ég hef heyrt um. Ef þeir voru ekki sammála herra Sesari þá áttu þeir að útkljá það á heiðarlegann hátt.

## FAGRA BÝFLUGA

Það er óþarfi að æsa sig við okkur. Við stöndum líka með herra Sesari.

## WALES

Að laumast svona að honum margir saman og stinga hann. Og hann sem hélt að þessi Brútus væri vinur sinn. Ég hef aldrei..



## FAGRA BÝFLUGA

Það þýðir ekkert að þrasa um það. Ég held að þetta hafi gerst fyrir svo löngu síðan að það sé lítið hægt að gera í því úr þessu.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég held samt að þáttur Georgs Washington hafi valdið afa mestu hugarangri þó svo að hann hafi dáð hann mest allra manna. Afi leit svo á að náttúrulegir óvinir fjallabúanna, sérstaklega þeirra sem voru fátækir og af indjánakyni, væru yfirvöld í hvaða mynd sem þau birtust. Þá gerði hann engan greinarmun á því hvort um var að ræða lögregluna, sýslumanninn, skattstjórann eða stjórnámálamennina því ekkert þessara valdamiklu skrímsla tók nokkurt tillit til þess sem venjulegt fólk varð að gera til að komast af. Ég komst að því síðar að amma sleppti ýmsu um Washington úr sögubókinni eins og til dæmis herferð hans gegn indjánunum því hún vildi ekki spilla aðdáun afa á honum. Aðdáun sem jafnvel vakti hjá honum þá von að það einusinni hefði verið uppi góður stjórnámálamaður. Það stóð þangað til amma gerði þá skyssu að lesa um viskískattinn.

## WALES

Ég er nú ekki viss um að ég hafi skilið þetta rétt. Ætlaði Washington að ákveða hverjir mættu brugga og hverjir ekki?

## FAGRA BÝFLUGA

Hann ætlaði að leggja skatt á viskíbruggarana.

## WALES

Ég veit það. En hvað sagði þá hinn?

## FAGRA BÝFLUGA

Hinn?

## WALES

Hinn stjórnmalamaðurinn?

## FAGRA BÝFLUGA

Thomas Jefferson? Hann sagði að það væri óréttlátt því akrar fjallabúanna væru miklu minni og erfiðari að yrkja en akrar þeirra sem byggju á flatlendinu og þess vegna væri eina leið fjallafólksins til að hagnast á korninu sínu að brugga úr því.

## WALES

Og hvað sagði Washington við þessu?

## FAGRA BÝFLUGA

Ja, hann sagði nú ekki margt. Hann lagði skattinn á.

## WALES

Ja, ekki veit maður nú margt. Ég var til dæmis orðinn fullorðinn maður þegar ég komst að því að það var lögbrot að brugga viskí. Frændi minn einn fór í gröfina án þess að komast nokkurn tíma að því. Hann hélt að löggan fylgdist með honum af því að hann kysi ekki rétt en hafði ekki hugmynd um hvernig ætti að komast að því hvað væri rétt. Hann hafði svo miklar áhyggjur af þessu að hann fór að þjóra ótæpilega og það drap hann. Það má segja að dauði hans hafi verið stjórnmalamönnum að kenna enda eru þeir ábyrgir fyrir flestöllum drápum í veröldinni ef grannt er skoðað.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þetta var mikið áfall fyrir afa. Og mér og ömmu leið illa yfir þessulíka en það var ekki fyrr en mánuði seinna að það rann upp fyrir mér hvað hann tók þetta nærri sér.

**(Þjóðvegur. Fótatak og strjál bílaumferð.)**

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við afi vorum á leið til þorpsins og gengum meðfram akveginum. Öðruhvorum fóru bílar fram úr okkur en afi leit aldrei við enda þáði hann aldrei far hjá neinum. En allt í einu stoppaði náungi sem leit út eins og stjórnmalamaður við hliðina á okkur og þá gerðist hið óvænta.

**(Bíll hægir á sér og stöðvar.)**

° PRÓFESSOR

**(Kallar.)** Viljið far?

WALES

Já takk.

**(Bílhurðir opnast og lokast og bíllinn ekur af stað.)**

PRÓFESSOR

Eruð þið að fara í bæinn?

WALES

Jamm.

PRÓFESSOR

Ertu bóndi.

WALES

Það er óvera.

PRÓFESSOR

Ég er prófessor við kennaraháskólann. (Þögn.) Ertu indjáni?

WALES

Jamm.

PRÓFESSOR

Ó.

(Þögn.)

WALES

Hvað veistu um það þegar Georg Washington lagði á viskískattinn?

PRÓFESSOR

Viskískattinn?

WALES

Já. Viskískattinn.

PRÓFESSOR

Ég veit ekki. Áttu við hershöfðingjann Georg Washington?

WALES

Var nema einn?

PRÓFESSOR

Nei. En ég veit ekkert um það.

WALES

Segðu mér eitt. Veistu til þess að Washington hershöfðingi hafi einhvern tíma fengið höfuðhögg, ég meina, hvort ríffilkúla hafi einhverntíma stökist við gagnaugað á honum í einhverri af þessum orrustum?

PRÓFESSOR

Ég hérna.. ég kenni ensku og veit bara ekkert um Georg Washington.

WALES

Hérna förum við út.

**(Bíllinn snögghemlar, hurðir opnast og lokast og bíllinn ekur burt með látum.)**

LITLA TRÉ

Skrambi lá honum á að komast í burtu afi.

WALES

Það er bara eins og við er að búast frá svona mönnum.

LITLA TRÉ

Heldurðu að hann hafi verið að segja satt að hann væri prófessor. Heldurðu að það geti verið að hann hafi verið stjórnmalamaður?

WALES

Hann hegðaði sér óneitanlega grunsamlega. Ég hef heyrt að sumir stjórnmalamenn læðupokist um meðal heiðarlegs fólks og láti ekki uppi að þeir séu stjórnmalamenn. En það getur vel verið að hann sé prófessor. Þeir eru víst snarklikkaðir líka.

## LITLA TRÉ

Heldurðu að Georg Washington hafi fengið höfuðhögg afi?

## WALES

Það skýrir að minnsta kosti viskískattinn. Einu sinni sparkaði múlasni í höfuðið á frænda mínum og hann var ekki alveg í lagi eftir það. Það er reyndar mín persónulega skoðun að hann hafi stundum þóst vera ruglaðri en hann var eins og þegar náunginn kom að honum í rúminu með konunni sinni. Þá hljóp frændi út í garð á fjórum fótum, rýtti eins og svin og for að éta skít. Það gat enginn áttað sig almennilega á því hvort þetta var uppgerð eða ekki.

## LITLA TRÉ

Mér finnst það líka mjög líklegt að Washington hafi fengið höfuðhögg. Það gæti kannski útskýrt önnur vandræði sem hann lenti í.

## WALES

Jæja Litla tré. Við skulum skjótast á bókasafnið og fá bókina um Alexander mikla lánaða aftur. Ég verð að komast að því hvort hann stóð með Washington í þessu með viskískattinn.

## LILTA TRÉ

Amma segir að Alexander hafi ekki verið í stjórnámálum um leið og Washington. Hún segir að hann hafi ekki einusinni verið á lífi þá.

## WALES

Skrambans bókavörðurinn lánar okkur alltof margar bækur í einu. Allt þetta fólk í bókunum er í einum hrærigraut í hausnum á mér.

## LITLA TRÉ

En heldurðu ekki að þetta sé rétt hjá ömmu?

## WALES

Hún amma þín hefur nú yfirleitt rétt fyrir sér þegar kemur að bókum. En við verðum að fá bókina lánaða til að fá úr því skorið.

**(Bíll stöðvar við hliðina á þeim. Bílflauta.)**

KONA Í BÍL

Halló! Halló! Þú þarna! Hvar er leiðin til Chattanooga?

**(Þögn.)** Halló! Hvar er leiðin til Chattanooga? Ertu heyrnarlaus?

## WALES

Nei frú, heyrn mín og heilsa eru í fínu lagi í dag, þakka þér fyrir. Hvernig hefur þú það?

KONA Í BÍL

Ætlarðu að segja okkur hvernig við komumst til Chattanooga?

## WALES

Auðvitað frú.

KONA Í BÍL

Jæja, segðu okkur það.

WALES

Í fyrsta lagi þá eruð þið að fara í ranga átt, þið eruð á leið í austur. Þið ættuð að fara í vestur. Ekki beint í vestur heldur örlítið til norðurs eiginlega stefna í átt að gilinu þarna fyrir handan. Þá ættuð þið að hitta á þetta.

KONA Í BÍL

Hvaða veg eigum við að keyra?

WALES

Ég býst við að það sé sá sem stefnir í vestur frú, það er að segja ef hann sveigir örlítið til norðurs.

KONA Í BÍL

Hverslags rugl er þetta? Eruð þið einhverjir útlendingar eða hvað?

WALES

Já ætli það ekki bara.

**(Bíllinn ekur burt.)**

WALES

Ég hef hitt marga rugludalla á sjötíu ára langri ævi en fáa verri en þessa konu.

LITLA TRÉ

Hún heldur áfram í vitlausa átt. Heldurðu að hún hafi verið stjórnmalamaður afi?

WALES

Ég hef nú aldrei heyrt um að kona geti verið stjórnmalamaður. En hún gæti vel verið gift einum slíkum.



**(Hundgá.)**

## WALES

Mæja! Hringur. Komið hérna. Farið inn. Já inn með ykkur.  
Það er best að þau verði heima.

**(Hundarnir ýlfra og bera sig illa.)**

## FAGRA BÝFLUGA

Sjáðu Litla tré. Hérna er ný skyrta úr hjartarskinni  
handa þér.

## LITLA TRÉ

Hún er alveg eins og skyrtan hans afa. Það er bara eins  
og ég sé orðinn fullorðinn.

## FAGRA BÝFLUGA

Hérna er nesti handa þér, bæði kjöt og kek. Ég sit á  
pallinum í kvöld og hlusta. Ég heyri til ykkar.

## LITLA TRÉ

Hvert erum við að fara.

## FAGRA BÝFLUGA

Það kemur í ljós. **(Þögn.)** Veistu af hverju afi þinn  
heldur hunda?

## LITLA TRÉ

Til að vera á verði á akrinum?

## FAGRA BÝFLUGA

Já. Það er önnur ástæðan. Hann lætur Mæju og Hring vera  
þar á verði svo dýrin éti ekki allan maísinn.

## LITLA TRÉ

En Mæja finnur enga lykt.

## FAGRA BÝFLUGA

Nei. En hún sér og heyrir vel. Og þó að heyrnin og sjónin hjá Hringi gamla sé orðin léleg þá er ekkert að lyktarskyninu hjá honum. Þannig bæta þau hvort annað upp og koma í veg fyrir að hirtirnir, dádýrinn og þvottabirnirnir éti allan maísinn. En hin ástæðan fyrir því að afi þinn heldur hunda er að hann hefur gaman að því. Og sérstaklega hefur hann gaman að því að láta þá eltast við refi.

## LITLA TRÉ

En afi notar aldrei hunda við veiðar.

## FAGRA BÝFLUGA

Nei. Hann þarf þess ekki. Afí þinn veit hvar dýrin drekka, hvar þau borða, hvar þau búa og hvert þau fara. Hann þekkir eðli veiðidýranna miklu betur en nokkur hundur. Hann veit hvar kalkúnarnir fara um og hann getur elt býfluggu frá vatninu að búinu hennar. Dádýrin koma til hans því hann veit hvað þau hugsa og hann getur læðst í gegnum hóp af lynghænum án þess að bærast vængur. Hann lifir með bráðinni en ekki á henni. Hann tekur bara það sem hann þarf. En ef hvítu veiðimennirnir sjá tólf kalkúna þá drepa þeir þá alla.

## LITLA TRÉ

Já og kvarta í búðinni yir því að bráðin fari minnkandi.

## FAGRA BÝFLUGA

Þeir skilja ekki Leiðina okkar, Sérókanna.

## LITLA TRÉ

En þeir bera virðingu fyrir afa af því hann er svo góður veiðimaður. Ég hef séð það. Þeir taka alltaf ofan fyrir honum og vilja fá ráð hjá honum. En afi svarar yfirleitt ekki mörgu.

## WALES

Jæja litla tré. Eigum við ekki að haska okkur?

## LITLA TRÉ

Jú afi. En amma! Hvað er útlendingur?

## FAGRA BÝFLUGA

Það er maður sem er einhvers staðar annars staðar en þar sem hann fæddist.

## LITLA TRÉ

Afi sagði konu að við værum sennilegast útlendingar. Hún var í bíl að spyrja til vegar. Það var stærsti bíll sem ég hef séð og flottasti og hann var með glerrúður sem hurfu.

## WALES

Nei nei. Þær hurfu ekki. Þær runnu ofan í raufar í hurðunum en það gast þú ekki séð því þú ert ekki nógu hár í loftinu. Ja, mér fannst ólíklegt að við hefðum fæðst þarna í vegkantinum svo við vorum útlendingar þar. Þetta er bara eitt af þessum fjárans orðum og það er allt of mikið af þeim. Svo eru einhverjir blábjánar alltaf að finna upp ný orð sem eru bara til vandræða. Jæja, við skulum koma okkur af stað. Vertu sæl Fagra býfluga.

## FAGRA BÝFLUGA

Vertu sáll. Og vertu sáll Litla tré.

(Fótatak og skógarhljóð.)

## LITLA TRÉ

Af hverju máttu Mæja og Hringur ekki koma með?

## WALES

Þau eru orðin léleg til að rekja slóð. Hringur var einu sinni mjög góður sporhundur en hann er orðinn gamall og lélegur núna.

## LITLA TRÉ

Og Mæja finnur enga lykt.

## WALES

Einmitt. Ég vil ekki niðurlægja þau fyrir framan hina hundana. Hundar verða stoltir ef þeir koma að einhverju gagni. Það er mjög slæmt fyrir hund, já eða bara hvern sem er, ef honum finnst hann vera gagnslaus.

## LITLA TRÉ

Afi. Hefur þú komið til Chattanooga?

## WALES

Nei. En einusinni var ég næstum farinn þangað.

## LITLA TRÉ

Segðu mér frá því afi.

## WALES

Það hefur verið fyrir tuttugu árum.. nei ætli það sé ekki þrjátíu ár síðan. Yngsti bróðir pabba, Enok, var farinn að reskjast og þegar hann fékk sér í staupinu þá varð hann kolruglaður og fór á flakk. Jæja. Enok frændi fer á einn af þessum túrum sínum og hverfur eins og hann gerði oft en í þetta sinn liðu þrjár eða fjórar vikur án þess að hann skilaði sér til baka. Svo við báðum fólk sem var eitthvað á ferðinni að spyrjast fyrir um hann og loks bárust okkur fréttir um að hann væri í fangelsi í Chattanooga. Ég var að leggja af stað til að sækja hann þegar hann birtist allt í einu við kofann. **(Hlær.)** Já kallinn minn! Hann birtist allt í einu berfættur í allt of víðum buxum sem hann þurfti að halda upp um sig með annarri hendinni. Allur hrufaður eins og hann hefði lent í flokki villsvína. Það kom í ljós að hann hafði gengið alla leiðina til baka yfir fjöllin.

**(Ugluvæl.)**

## WALES

Þetta er turnugla. Maður heyrir oft í henni á nóttunni; hún hljóðar eins og kona í barnsnauð. Hún er að fara á rottuveiðar.

## LITLA TRÉ

Hún má fara á rottuveiðar fyrir mér. Haltu áfram með söguna.

## WALES

Nú. Enok frændi sagðist hafa drukkið sig blindfullan og ekki haft hugmynd um hvar hann var þegar hann vaknaði í rúmi með tveimur konum. Hann hafði rétt áttað sig á aðstæðunum og ætlaði að laumast burt svo lítið bæri á

WALES (Frh.)

þegar barsmíðar dundu á hurðinni og stærðar rumur ruddist inn. Náunginn var alveg brjáláður og hélt því fram að önnur konan væri eiginkona hans en hin systir hans. Enok frændi var sem sé í nánnum samskiptum við mestalla fjölskylduna. (Þögn.) Enok frændi sagði að konurnar hefðu vaknað við lätin og byrjað að æpa á hann að hann ætti að láta náungann fá einhverja peninga. Náungin var æpandi líka og Enok frændi að leita dauðaleit að buxunum sínum. Hann efaðist um að það væru nokkrir peningar í þeim en vissi að hann átti hníf í vasanum sem honum fannst öruggara að ná í því náunginn horfði þannig á hann. En hann fann ekki buxurnar sínar því hann hafði ekki hugmynd um hvar hann hafði látið þær og þess vegna var ekkert annað að gera í stöðunni en að stökkva út um gluggann. Það versta var að hann var uppi á annarri hæð og lenti kylliflatur í grjóti og mól og þannig stóð á því að hann var allur hrufilaður. Hann var ekki í nokkurrin spjör en hafði tekið gardínuna með sér í fallinu og henni vafði hann utan um sig svona til að hylja það versta. Hann gat bara ekki fundið neinn stað að fela sig á og það var fullt af fólki á götunni og á endanum náði löggan honum og setti í fangelsið. (Þögn.) Nú erum við komnir á yfirráðasvæði Gamla-Slyngs.

## LITLA TRÉ

Kallarðu hann Gamla-Slyng?

## WALES

Já, það er réttnefni á hann. Jæja greyin mín. Af stað með ykkur.

(Hundarnir hlaupa burt geltandi.)

WALES

Ég er búinn að þekkja hann og eltast við hann í fimm ár.

LITLA TRÉ

Geturðu ekki náð honum afi?

WALES

Það hefur nú lítið reynt á það. Sjáðu til. Þegar refur er hundeltur þá hleypur hann í stóran hring og í miðju hringsins þar er grenið hans. Þegar hann þreytist þrengist hringurinn og á endanum skríður hann í grenið. Þá er ég vanur að kalla á hundana.

LITLA TRÉ

Reynirðu þá ekki að ná honum?

WALES

Nei Litla tré, þá gæti ég aldrei elt hann aftur. Þá gæti ég aldrei setið hérna og hlustað á hundana mína rekja slóðina. Og ég skal segja þér það að Gamli-Slyngur hefur næstum jafngaman að þessu og ég. Ef líður langur tími á milli eltingaleikja þá kemur hann niður að kofanum og gaggar til að stríða mér og hundunum. En þá læt ég það aldrei eftir honum að elta hann. Ég kem með hundana þegar hann er óviðbúinn til að launa honum stríðnina.

LITLA TRÉ

Kláraðu nú söguna afi.

WALES

Jæja. Næsta dag létu fangaverðirnir Enok fá allt of stór föt og skó og sendu hann út að sópa götur bæjarins. Enok frændi sagði að þeir hefður verið tólf í allt og hann gat ekki séð að þeir myndu nokkurn tíma ná að hreinsa allan

WALES (frh.)

bæinn. Hann sagði að fólk hefði hent meira drasli á göturnar en þeir náðu að sópa upp og hann sá engan tilgang með þessu og ákvað að fara. Við fyrsta tækifæri stakk hann af. Einhver náungi greip í skyrtuna hans en hann hljóp úr henni og upp úr skónum líka en buxunum hélt hann upp um sig. Hann hafði verið þrjár vikur á leiðinni og lifað á hnetum og akörnum eins og villigöltur allan tímann. Þetta læknaði Enok af drykkjskapnum og hann fór aldrei aftur til nokkurs bæjar svo ég vissi til. Nei karlinn minn, ég hef aldrei komið til Chattanooga og er ekkert á leiðinni þangað.

## LITLA TRÉ

Veistu það afi. Ég held að ég fari ekki heldur til Chattanooga.

## WALES

Það er gott vinur.

(Stakt hundsgelt í fjarska.)

## WALES

Þetta er Vargur. Heyrirðu. Hann þykist hafa fundið slóðina en það er tóm lygi. Hann veit hvers er ætlast af honum og getur ekki beðið.

## LITLA TRÉ

Já ég heyri það. Þetta er fjandans lygi í honum.

## WALES

Segirðu nokkuð fjandans þegar amma þín heyrir til?



LITLA TRÉ

Nei. Stundum skrambans eða assvítans en aldrei fjandans.

**(Hundsgelt í fjarska)**

WALES

Nú eru hinir búnir að uppgötva að Vargur var að ljúga og eru að taka hann í gegn. **(Þögn.)** Amma þín vill ekki að við séum að blóta, þú veist það.

LITLA TRÉ

En er það ekki í lagi þegar við erum einir afi, er það ekki?

WALES

Jú, kannski smávegis.

**(Stakt gelt í fjarska síðan bætast fleiri við.)**

WALES

Heyrirðu. Þetta var Kolur.

LITLA TRÉ

Er hann búinn að finna slóðina?

WALES

Já. Hann er með besta nefið af öllum hundunum hérna í fjöllumunum.

**(Hinir hundarnir gelta hver af öðrum.)**

WALES

Þetta var Móri litli.. þetta er Snotra. Og Vargur, loksins með á nótunum.

**(Hundgáin hverfur í fjarska.)**

WALES

Nú fara þeir bakvið fjallið.

LITLA TRÉ

Ég heyri ekkert í þeim.

WALES

Bíddu aðeins, þeir koma bráðum til baka.

LITLA TRÉ

Heldurðu að þeir séu týndir?

WALES

Nei nei. Eftir augnablik koma þeir undan fjallinu hinum megin og hlaupa eftir fjallshryggnum þarna. Sjáðu.

**(Hundgá kemur nær en fjarlægist síðan aftur.)**

WALES

Gamli-Slyngur er að þrengja hringinn núna. Ég hugsa að hann leiði þá beint til okkar eftir að þeir fara næst yfir lækinn. **(Lækkar róminn.)** Sjáðu. Þarna er hann. Þarna niðri við lækinn.

LITLA TRÉ

Tungan lafir út úr honum.

WALES

Já hann er farinn að þreytast. Sjáðu hvað hann gerir núna.

## LITLA TRÉ

Hann stekkur út á steinana í læknum. Það er eins og hann sé að dansa á þeim.

## WALES

Hann vill skilja eftir sterka lykt á steinunum fyrir hundana. Sjáðu nú fer hann sömu leið til baka, hann ætlar að láta líta svo út að hann hafi farið yfir lækinn. En sjáðu hvað hann gerir núna.

## LITLA TRÉ

Hann fer út í lækinn og veður upp eftir honum.

## WALES

Nú verður gaman að sjá hvað hundarnir gera.

**(Hundsgelt færast nær.)**

## LITLA TRÉ

Kolur er fyrstur og Vargur stax á eftir honum. Svo Snotra. Kolur hleypur yfir steinana. Hann stoppar á þeim síðasta.

## WALES

**(Hlær.)** En ekki Vargur asnakjálkinn sá. Hann dembir sér beint út í lækinn.

## LITLA TRÉ

Og Snotra á eftir honum. Þetta er meiri gusugangurinn. Þau ætla að synda yfir að hinum bakkanum vitleysingjarnir. **(Hlær.)** Kolur er eitthvað að hnusa út í loftið. Og Móri líka.

WALES

Þarna koma þeir til baka og leita aftur að slóðinni.

**(Ákaft hundsgelt.)**

LITLA TRÉ

**(Hlæjandi.)** Hann er búinn að finna hana. Sjáðu, nú koma hin til baka. Aaaaaaaa.

**(Brak og brestir því hann fellur niður hlíðina.)**

WALES

Meiddir þú þig?

LITLA TRÉ

**(Hlæjandi.)** Nei nei. Ég bara hló svo mikið að ég missti jafnvægið og datt.

WALES

**(Hlæjandi.)** Ég var orðinn hræddur um að þú ætlaðir að velta niður alla fjallshlíðina. **(Þögn.)** Ég vissi að Gamli-Slyngur myndi reyna þetta bragð. Þess vegna vildi ég vera hérna. Hann hefur sjálfsagt fylgst með þessu líka og skemmt sér konunglega. Hann veit vel hvað hann er að gera. Hann beið þar til hundarnir voru alveg að verða komnir að honum svo lyktin af honum væri sem sterkust á steinunum og reiknaði með að tilfinningarnar myndu bera þá ofurliði. Það er ekki von á góðu þegar tilfinningarnar bera skynsemina ofurliði, hvort sem það er hjá mönnum eða dýrum.

LITLA TRÉ

Já, það segirðu satt afi minn. Sjáðu sólin er að koma upp.

WALES

Já, hún er að lifna við. Við skulum fá okkur eitthvað að borða og halda svo heim. Gamli-Slyngur gæti birst bráðum svo við skulum sitja rólegir.

LITLA TRÉ

En geturðu sagt mér aðra sögu afi?

WALES

Það ætti að vera í lagi. Þér er líka óhætt að bursta af þér maurana, Gamli-Slyngur sér þig varla gera það. Hvernig sögu viltu heyra?

LITLA TRÉ

Einhverja um fólkið okkar. Um þig þegar þú varst lítill strákur.

WALES

Þegar maður talar um fólkið sitt þá er maður ekki bara að tala um sína nánustu fjölskyldu, eins og til dæmis hana Fögru býfluggu, ömmu þína, eða um þig Litla tré. Fólkið manns eru allir þeir sem manni þykir vænt um og til þess að manni geti þótt vænt um einhverja manneskju verður maður að skilja hana.

LITLA TRÉ

Þér þykir vænt um ömmu er það ekki?

WALES

Ég skil hana ömmu þína og hún skilur mig líka. **(Þögn.)** Þegar ég var lítill strákur átti pabbi vin sem hét Þvottabjarnar-Jói. Hann var gamall Séróki sem var mjög þunglyndur og algjör skaphundur. Ég gat aldrei skilið

WALES (Frh.)

hvað pabbi sá við Þvottabjarnar-Jóa. Nú, við fórum stundum til messu í litla kirkju niðri í dalnum og einn sunnudaginn átti fólkið að vitna og segja frá syndum sínum og hve mikið það elskaði herrann. Stendur þá ekki Þvottabjarnar-Jói upp:

## ÞVOTTABJARNAR-JÓI

Ég hef heyrt að sumir hérna inni séu að baktala mig. Ég vil að þið vitið að ég veit af því. Ég veit hvað er að ykkur; þið eruð afbrýðisöm af því mér var treyst fyrir lyklinum að sálmabókakassanum. Ég vildi bara segja ykkur að ef ykkur líkar ekki við það þá er ég með dálítið í vasanum sem getur jafnað þann ágreining.

## WALES

Og Þvottabjarnar-Jói lyfti upp skyrtnuni og sýndi öllum byssuskefti. Hann var alveg óður af bræði. Kirkjan var stútfull af harðjökllum, þar á meðal pabba mínum, sem ekki hefðu veigrað sér við að skjóta mann ef vindáttin breyttist en enginn hreyfði sig fyrr en pabbi stóð upp.

## ETHAN

Þvottabjarnar-Jói, allir hérna inni dást að því hve vel þú gætir lykilsins að sálmabókakassanum. Það hefur enginn gert betur. Ef einhver orð hafa fallið sem hafa valdið þér sárindum þá þykir okkur öllum það mjög leitt.

## WALES

Og Þvottabjarnar-Jói settist niður fullkomlega sáttur og það voru allir viðstaddir líka. Á heimleiðinni fór ég að hlæja að því hvað Þvottabjarnar-Jói hafði gert mikið mál út af lyklinum og spurði pabba hversvegna hann hefði komist upp með þessa hegðun.

## ETHAN

Þú skalt ekki gera grín að Þvottabjarnar-Jóa, drengur minn. Sjáðu til, þegar Sérókarnir voru hraktir burt úr heimkynnum sínum þá var Þvottabjarnar-Jói ungur og hann faldi sig í fjöllunum og barðist fyrir rétti sínum. Þegar borgarastyrjöldin byrjaði hélt hann að hann gæti barist í því við þessa ríkisstjórn og náð aftur landinu og heimkynnunum. Hann barðist af hörku og í bæði skiptin tapaði hann. Þegar stríðinu lauk reyndu stjórnámálamennirnir að sölsa undir sig það litla sem við áttum eftir og enn barðist Jói, barðist og flúði og faldi sig og barðist meira. Þvottabjarnar-Jói ólst upp við stöðuga baráttu og allt sem hann á eftir er lykillinn að sálmabókakassanum. Og ef Þvottabjarnar-Jói virðist skapillur.. já, þá er það vegna þess að hann á ekkert eftir til að berjast fyrir. Og hann kann ekkert annað en að berjast.

## WALES

Ég var næstum farinn að vatna músum yfir Þvottabjarnar-Jóa og eftir þetta skipti engu hvað hann sagði eða gerði, mér þótti vænt um hann því ég skildi hann. Ég get sagt þér það að flest vandræði mannfólksins eru vegna þess að því finnst ekki nógu vænt hvert um annað.. já og líka út af stjórnámálamönnunum. **(Þögn.)** Sjáðu þarna er Gamli-Slyngur. **(Blístrar.)**

## LITLA TRÉ

Hann starir á okkur. Það er eins og hann sé að glotta. Nú fnæsir hann. Hann er farinn.

## WALES

Nú er hann alveg búinn að fá nóg að þessum óþægindum.

## LITLA TRÉ

Hann varð sér út um þetta sjálfur, afi. Hann hefði ekki átt að koma niður að kofanum og trufla þig og hundana.

## WALES

Já, satt er það. Veistu það, að það er sagt að refir sem eru eltir hafi vaktaskipti.

## LITLA TRÉ

Er það satt afi?

## WALES

Það held ég nú. Ég hef séð það. Einusinni þegar ég var á refaslóð þá sá ég rauðref koma hlaupandi með hundastóðið á eftir sér. Hann stansaði við tré og gaggaði. Þá kom annar refur út úr holu í trénu en sá fyrri fór inn í hana. Sá seinni trítlaði af stað og leiddi hundana í burtu. Ég gekk upp að trénu og svei mér þá ef þessi gamli refur var ekki hrjótandi þarna inni. Hann var svo öruggur með sig að honum var sama hve nærri hundarnir kæmu.

**(Ákaft gelt.)**

## LITLA TRÉ

Er þetta ekki Vargur aftur?

## WALES

Jú. Nú hefur hann aftur reynt að svindla á slóðinni. Hann er villtur. Við verðum að góla svo hann finni leiðina aftur.

**(Þeir spangóla báðir.)**



LITLA TRÉ

Ég er nú ekkert mjög góður í þessu.

WALES

Jú jú. Þetta er efnilegt hjá þér.

**(Hundgáin færast nær.)**

WALES

Þarna koma þeir. Sjáðu Varg. Hann er að reyna að fela sig bak við hina. Hann veit upp á sig skömmina og reynir að láta lítið á sér bera. Það er mátulegt á hann. Ef maður reynir að svindla þá lendir maður alltaf í vandræðum.

LITLA TRÉ

Já afi. Ég hugsa að það sé alveg hárrétt hjá þér. **(Þögn.)**  
Afi.

WALES

Já vinur.

LITLA TRÉ

Skilur þú mig?

WALES

Já karlinn minn, það geri ég. Ég skil þig.

**UPPFRÆÐSLA**  
**LITLA TRÉS**  
**eftir**  
**Forrest Carter**

Leikgerð eftir  
Benóný Ægisson

**2. ÞÁTTUR**

**PERSÓNUR**

Litla tré, 5 ára.....	
Litla tré fullorðinn.....	
Wales, afi Litla trés.....	
Fagra býfluga, amma Litla trés.....	
Ethan, faðir Wales, langafi Litla trés.....	
Furu-Billi.....	
Jenkins, kaupmaður í vegamótabúðinni.....	
1. lögreglumaður.....	
2. lögreglumaður.....	

(Kofi ömmu og afa.)

LITLA TRÉ

Afi. Barðist langafi minn í stríðinu eins og Þvottabjarnar-Jói?

WALES

Já karlinn minn, það gerði hann. Hann barðist með sunnanmönnum á móti ríkisstjórninni eins og Jói.

LITLA TRÉ

Tapaði hann líka?

WALES

Já vinur. Þeir töpuðu báðir. Eins og Þvottabjarnar-Jói fór hann í stríðið til að berjast við fjarlæggt og andlitslaust skrímsli, sem hét ríkisstjórnin og ógnaði fólki hans og heimili.

LITLA TRÉ

Barðist hann við skrímsli?

WALES

Já karlinn minn það gerði hann og þegar hann eltist varð skegg hans alhvítt og á veturna ýfði kaldur vindurinn upp gömul sár. Sverðshögg hafði flett upp vinstri handlegg hans endilöngum og stálið hafði staðið í beini.

ETHAN

Sárið er gróið núna en stundum nístir kuldinn inn í bein og minnir mig á stjórnarhermennina. Þetta var kvöld eitt í Kentucky og ég skellti í mig hálfum brúsa af viskí á meðan strákarnir hituðu járníð. Svo sviðu þeir sárið og það hætti að blæða.

## WALES

Og hann steig á bak á hestinum og reið af stað. En það var verra með ökkla. Hann hataði þennan ökkla. Hann var stór og fyrirferðarmikill því kúlan sem hafði lent á honum hafði mölbrotið hann.

## ETHAN

Ég tók ekki eftir neinu. Við vorum að gera árás og orrustan átti hug minn allan. Engin hræðsla, bara hesturinn á harðastökki, og vindurinn eins og ógnarstormur í fangið. Við rákum upp stríðsöskur og börðumst eins og ljón. Það var ekki fyrr en við höfðum dregið okkur til baka upp í fjöllin að ég uppgötvaði hvernig í öllu lá. Þegar ég steig af baki bögglaðist fóturinn undir mér og ég komst að því að stígvélið mitt var fullt af blóði.

## LITLA TRÉ

En afi, var hann ekki í mokkalinum?

## ETHAN

Nei Litla tré. Hann langafi þinn var ekki indjáni. Hann var af skoskum ættum og fólkið hans var fjallafólk eins og við. Það hafði engan áhuga á landi og gróða og elskaði frelsið í fjöllum eins og Sérókarnir.

## FAGRA BÝFLUGA

Langamma þín hét Rauði vængur og hún var hreinræktaður Séróki. Hún og langafi þinn kynntust þegar fólkið hennar var í felum því þau vildu ekki feta Slóð táranna.

## LITLA TRÉ

Hvað var Slóð táranna amma?

## WALES

Þú verður að þekkja fortíðina Litla tré, því ef þú þekkir hana ekki áttu enga framtíð. Ef þú veist ekki hvar fólkið þitt hefur verið þá veistu ekki heldur hvert það er að fara.

## LITLA TRÉ

Já afi.

## FAGRA BÝGLUGA

Einu sinni ræktuðu Sérókarnir frjósömustu dalina . Þeir dönsuðu frjósemisdansa á vorin og plöntuðu fræjum í jörðina og hindin og tarfurinn og páhænan og haninn glöddust yfir hlutverki sínu í sköpuninni. Á haustin voru haldnar uppskeruhátíðir þegar frostið fór að bíta graskerin, slá roða á döðluplómuna og herða kornið. Og Sérókarnir bjuggust til vetrarveiða og helguðu sig Leiðinni. **(Þögn.)** En svo komu hermennirnir.

## WALES

Það komu hermenn frá ríkisstjórninni og sögðu Sérókunum að undirrita skjöl. Þeir sögðu að skjalið segði til um hvar hvítu landnemarnir mættu setjast að og hvar þeir mættu ekki taka land af Sérókunum.

## FAGRA BÝFLUGA

Þegar þeir höfðu undirritað skjalið komu fleiri hermenn frá ríkisstjórninni og þeir höfðu byssur og langa hnífa sem voru festir við þær. Hermennirnir sögðu að orðin á skjalinu hefðu breyst. Orðin segðu núna að Sérókarnir yrðu nú að láta af hendi dalina sína, heimkynnin og fjöllin. Þeir yrðu að fara langar leiðir í áttina að

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

sólsetrinu þar sem ríkisstjórnin hefði annað land handa Sérókunum; land sem hvíti maðurinn vildi ekki.

## WALES

Hermenn stjórnarinnar komu og umkringdu dalinn vopnaðir byssum sínum og um nætur loguðu varðeldar þeirra allt um kring. Þeir fóru og smöluðu Sérókum úr nálægum dölum og fjöllum og ráku þá eins og búpening inn í eldhringinn.

## FAGRA BÝFLUGA

Þannig gekk þetta þar til þeir höfðu náð saman flestum Sérókunum. Þá komu þeir með vagna og múlasna og sögðu fólkinu að það gæti ferðast á þeim til landsins við sólsetrið. Sérókarnir áttu ekkert eftir. En þeir vildu ekki ferðast í vögnunum svo þeir myndu bjarga einhverju. Þú gast ekki séð það eða verið í því eða borðað það en þeir björguðu einhverju: og þeir vildu ekki láta flytja sig. Þeir gengu.

## WALES

Hermenn stjórnarinnar riðu á undan þeim, beggja vegna við þá og fyrir aftan þá. Karlmennirnir gengu og horfðu beint fram fyrir sig og litu aldrei niður eða á hermennina. Konur þeirra og börn fylgdu í fótspor þeirra og litu heldur aldrei á hermennina. Á eftir þeim skröltu tómir vagnarnir til einskis gagns.

## LITLA TRÉ

Af hverju vildi fólkið ekki fá far með vögnunum?

## WALES

Sérókarnir vildu ekki að vagnarnir stælu sál þeirra. Landi þeirra og heimkynnum hafði verið stolið en þeir létu vagnana ekki stela frá sér sálinni.

## FAGRA BÝFLUGA

Þegar Sérókarnir fóru í gegnum bæi hvíta mannsins stóð fólkið við vegkantinn til að horfa á þá. Í fyrstu hló fólkið að þeirri flónsku Sérókana að ganga en láta vagnana vera tóma. En Sérókarnir horfðu beint framfyrir sig og sinntu því ekki og brátt hljóðnaði hláturinn. Og er þau fjarlægðust fjöllin sín meir og meir fóru þau að deyja. Sál þeirra dó hvorki né veiklaðist. En það voru þeir ungu og þeir fjörgömlu og þeir veiku sem dóu.

## WALES

Í fyrstu leyfðu hermennirnir þeim að stansa og grafa hina dauðu en síðan dóu fleiri, hundruðum saman, þúsundum saman. Meira en þriðjungur þeirra dó á leiðinni. Þá sögðu hermennirnir að þau gætu bara grafið þá dauðu þriðja hvern dag því hermennirnir vildu losna við Sérókana sem fyrst. Hermennirnir vildu að Sérókarnir settu þá dauðu á vagnana en það vildu þeir ekki. Þeir báru líkin. Gangandi.

## FAGRA BÝFLUGA

Litli drengurinn bar litlu systur sína og svaf hjá henni á jörðinni á næturnar. Þegar morgnaði tók hann hana upp og bar hana. Eiginmaðurinn bar látna konu sína. Sonurinn bar lík móður sinnar. Móðirin hélt á látnu barni sínu. Þau báru þau í fanginu. Og gengu. Og þau litu hvorki til hægri né vinstri, hvorki á hermennina né á fólkið sem stóð og horfði á þau fara hjá. Sumt fólkið grét. En



FAGRA BÝFLUGA (frh.)

Sérókarnir grétu ekki. Í það minnsta ekki svo séð yrði því þeir vildu ekki láta fólkið sjá sál sína líkt og þeir vildu ekki ferðast með vögnunum.

## WALES

Þessi leið var kölluð Slóð táranna. Ekki vegna þess að Sérókarnir grétu því það gerðu þeir ekki. Þeir kölluðu hana Slóð táranna því það hljómar skáldlega og lýsir sorg þeirra sem horfðu á. En það er ekkert skáldlegt við dauðagöngu.

## FAGRA BÝFLUGA

Það er ekki hægt að semja ljóð um barn sem er dáíð og stirðnað í örmum móður sinnar og starir opnum augum upp í himininn meðan móðirin heldur áfram göngu sinni.

## WALES

Það er ekki hægt að syngja söng um föður sem leggur frá sér lík konu sinnar að kvöldi til þess eins að taka það upp að morgni og bera það áfram. Föður, sem segir elsta syni sínum að bera lík þess yngsta. Sem segir honum að líta ekki á neinn.. segja ekkert.. gráta ekki.. né muna eftir fjöllumum. Það yrði ekki fallegur söngur. Því var leiðin kölluð Slóð táranna.

## FAGRA BÝFLUGA

En það fóru ekki allir Sérókarnir. Sumir þeir sem þekktu fjöllin best flýðu djúpt inn í faðm þeirra og bjuggu þar með konum sínum og börnum, alltaf á faraldsfæti. Þeir lögðu gildirur fyrir bráð en stundum þorðu þeir ekki að vitja þeirra því hermennirnir voru enn á stjái. Þeir grófu upp sætar rætur, möluðu hnetur, söfnuðu laufi og

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

skáru börk af trjánnum. Þeir veiddu fisk með höndunum undan bökkum lækjanna og ferðuðust um þöglir eins og skuggar. Þau voru fólk sem var þarna en það var hvorki hægt að heyra þau né sjá og þau skildu eftir sig fá ummerki. En hér og þar fundu þau vini.

## WALES

Þabbi hafði séð dauf merki um þau á lækjarbakka. Hann fór heim og sótt bóg af hjartardýri og lagði hann í rjóður ásamt byssunni sinni og hnífnum. Þegar hann kom aftur var kjötið horfið en byssan og hnífurinn voru þarna ennþá og við hliðina á þeim lá annar hnífur, langur indjánahnífur, og stríðsexi. Hann tók ekki vopnin heldur sótti maískólfa sem hann lagði hjá vopnunum og svo stóð hann þarna í langan tíma og beið.

## FAGRA BÝFLUGA

Þau nálgust hægt síðla dags. Birtust milli trjánna hikandi en þokuðust þó áfram. Langafi þinn rétti fram hendurnar og þau, karlar, konur og börn, réttu fram sínar og þau snertust. Þau þurftu að teygja sig langt til að gera það en þau gerðu það samt.

## WALES

Þegar þabbi varð eldri giftist hann yngstu dótturinni. Þau héldu saman á giftingarteinungnum og settu hann í kofann sinn og hvorugt braut hann svo lengi sem þau lifðu.

## FAGRA BÝFLUGA

Hún bar fjöður af rauðpresti í hárinu og var kölluð Rauði vængur. Hún var grönn eins og pílviðargrein og söng á kvöldin.

WALES

Viltu fara og sjá hvar þau eru grafin Litla tré?

LITLA TRÉ

Já afi. Það vil ég gjarna.

WALES

Komdu þá.

**(Hurð er opnuð og henni lokað. Skógarhljóð. Fótatak.)**

LITLA TRÉ

Er langt þangað?

WALES

Það er dálítill spölur. Það er hátt uppi í fjallinu undir eikartré sem hylur grafirnar laufi á haustin en vetrarvindarnir blása því svo burt. Á vorin skjóta harðgerðustu gleyméreiarnar upp kollinum, bláar og smáar, eins og þær séu dálítið feimnar við þessa sterku og baráttuglöðu anda sem þreyja eilífðina þarna.

LITLA TRÉ

Segðu mér meira frá langafa.

WALES

Versta sárið hans var í síðunni eftir byssuskot. Blýið hafði ekki verið tekið úr honum og það nagaði hann eins og rotta í korni, dag og nótt, án afláts. Það eyðlagði smámsaman í honum innyflin og á endanum varð að leggja hann á kofagólfið og rista hann upp eins og sláturdýr. Það varð að ná greftrinum út; það var komið drep í sárið. Það var engin deyfing, bara svolgrað úr viskibrúsa og

WALES (frh.)

hann dó þarna í blóði sínu á gólfinu. Það hafði tekið ríkisstjórnarblýið fjörutíu ár að ganga frá honum.

(Þögn). Þegar hann dó, dó öldin líka. Líka sá tími sem hann þekkti best, tími endalausra stríða, blóðs og dauða. Auðvitað kæmi ný öld þar sem annað fólk myndi ganga og bera sína dauðu en hans öld var liðin.

ETHAN

Ég reikna ekki með að ég skilji mikið eftir handa þér sonur minn. Kofinn minn er varla brúklegur í neitt nema þá í uppkveikjuna.

WALES

Já, ég veit það.

ETHAN

Þú ert orðinn fullveðja núna, kominn með fjölskyldu, og ég fer ekki fram á margt við þig nema að þú getir rétt fram sáttahönd jafnskjótt og þú getur lyft hönd til að verja það sem við trúum á. Minn tími er liðinn og sú framtíð sem þér er búin er mér hulin. Ég myndi ekki kunna að lifa hana.. ekki frekar en Þvottabjarnar-Jói. Þú hefur ekki margt til að taka á móti henni en fjöllin munu ekki svíkja þig og þér þykir vænt um þau; og við eigum að vera trúir tilfinningum okkar.

WALES

Ég skal muna það.

ETHAN

Og mundu líka sonur.. að.. að mér.. þykir vænt um þig.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það var ekki auðvelt fyrir gamla harðjaxlinn að segja þetta en þetta urðu síðustu orð hans við afa.

## WALES

Sjáðu. Þarna er eikartréð. Og þarna liggja þau.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Giftingarteinungurinn þeirra er þarna ennþá. Kræklóttur, en enn óbrotinn og á honum ótal skorur til merkja sorgir og gleðistundir, ósætti og sættir. Teinungurinn liggur við höfðalagið og tengir þau saman. Og til að lesa útskorin nöfnin á teinungnum þarf maður að fara niður á hnén, svo smáir eru stafirnir:

## LITLA TRÉ

Ethan og Rauði vængur.

## WALES

Já. Það hétu þau, langafi þinn og amma. **(Þögn.)** Nú skulum við fara niður að akrinum. Ég ætla að kenna þér að plægja.

**(Fótatak.)**

## LITLA TRÉ

Er ég orðinn nógu stór til þess?

## WALES

Nærðu upp í handföngin?

## LITLA TRÉ

Já, það geri ég.

## WALES

Þá ertu orðinn nógu stór. Nú þarftu að læra að stjórna múlasnanum. Ég hef nú aldrei áttað mig á því með hann Sam, hvort hann er mjög gáfaður múlasni eða óskaplega heimskur en hann er orðinn dálítið gamall. Svo er hann líka blindur á vinstra auganu og þessvegna vill hann ekki beygja til vinstri þegar hann er kominn akurinn á enda. Hann er líklega hræddur um að rekast á eitthvað og detta. Jæja við skulum leggja á hann.

**(Múlasni hrín.)**

## LITLA TRÉ

Ég veit alveg hvað á að segja við hann. Ég hef séð þig gera þetta.

## WALES

Gott. Byrjaðu þá.

## LITLA TRÉ

Hott.

## WALES

Þú verður að kalla herra. Hann heyrir ekki vel.

## LITLA TRÉ

Hott!

**(Plóghljóð)**

## WALES

Þetta er gott. Láttu hann beygja til vinstri.

LITLA TRÉ

Hæ!

WALES

Stórfínt. Er þetta erfitt?

LITLA TRÉ

Ég verð að toga dálitið fast niður svo plógurinn fari ekki of djúpt ofan í jörðina.

WALES

Og beygja til hægri.

LITLA TRÉ

Hí! Fjandinn hafi það! Hí!

WALES

Nei hættu nú alveg Litla tré, þú ert alltof ungur til að blóta svona mikið.

LITLA TRÉ

En þú segir alltaf: Hí! Fjandinn hafi það.

WALES

Láttu nægja að segja hí.

LITLA TRÉ

Hí! Hí! Hí! En þá vill hann ekki beygja.

WALES

Reyndu aftur.

LITLA TRÉ

Hí! Hí! Fjandinn hafi það! Hí! Sko, nú beygir hann.

WALES

Já ætli þú verðir þá ekki að segja það líka. En í guðanna bænnum láttu ekki hana ömmu þína heyra það. **(Þögn.)** Ertu ekki orðinn þreyttur.

LITLA TRÉ

Dálítið.

WALES

Ég skal taka við núna. Æ, fjandinn hafi það!

LITLA TRÉ

Steigstu ofan í holu?

**(Flugnasuð.)**

WALES

Já.. Þetta er geitungabú. Forðaðu þér Litla tré. Forðaðu þér. Fjandinn, þeir eru í buxunum mínum. Í lækinn. Fljótur.

**(Þeir hlaupa og stökkva út í lækinn.)**

LITLA TRÉ

Þeir urðu rosalega reiðir þegar þú steigst inn í búið hjá þeim.

WALES

Þetta eru snarvitlaus kvikindi. Jæja, við skulum láta þetta nægja í dag og fara heim og þurrka okkur.

**(Fótatak.)**



## LITLA TRÉ

Það er einhver maður niðri við kofann. Hann er að tala við ömmu.

## WALES

Sérðu hvernig litur hann út?

## LITLA TRÉ

Hann er næstum eins stór og þú afi. Og hann er í gulum skóm. Og svo er hann með langan kassa.

## WALES

Þetta er hann Furu-Billi. Hann er með fiðluna sína í kassanum. **(Kallar.)** Komdu sæll Billi. Hvaðan ber þig að?

## FURU-BILLI

O ég átti nú bara leið hjá. Ég stend hér og spjalla við konuna þína. Ég held svei mér þá að hún verði fallettri með hverju árinu sem líður.

## WALES

Það er ábyggilega rétt hjá þér.

## FAGRA BÝFLUGA

Látið ekki svona strákar.

## FURU-BILLI

Og hver ert þú ungi maður?

## LITLA TRÉ

Ég heiti Litla tré.

## FAGRA BÝFLUGA

Þetta er sonarsonur okkar.

LITLA TRÉ

Ég verð bráðum sex ára.

FURU-BILLI

Þú ert aldeilis stór eftir aldri. Þú verður örugglega jafnstór og hann afi þinn.

LITLA TRÉ

Heldurðu það?

FURU-BILLI

Já, ef ekki stærri.

FAGRA BÝFLUGA

Komið nú innfyrir. Furu-Billi kom með sætar kartöflur og ég gerði böku úr þeim.

WALES

Já komdu inn og sestu Billi. Hvað er svo að fréttu?

FURU-BILLI

Ja. Já já. Það er nú það. Ég held, skal ég segja þér, að ég sé í nokkuð góðum málum núna.

WALES

Nú? Segðu okkur allt um það.

FURU-BILLI

Ætli það hafi ekki verið á miðvikudaginn.. nei það var á þriðjudaginn því ég hafði verið að spila á balli á mánudagskvöldið; já, það var á þriðjudaginn. Ég kom í bæinn á þriðjudaginn. Þú þekkir lögreglumanninn, hann Reykhúsa-Turner?

## WALES

Já já. Ég veit hver hann er.

## FURU-BILLI

Nú jæja, ég stóð þarna á götuhorni og var að tala við Reykhúsa-Turner, þegar stór og fínn bíll keyrði inn á bensínstöðina hinum megin við götuna. Reykhúsa-Turner tók ekki eftir honum.. en ég gerði það. Það var náungi í bílnum, uppdrassaður, alveg helvíti fínn í tauinu. Hann fór út úr bílnum og sagði Jóa á bensínstöðinni að fylla tankinn. Nú jæja, ég var að fylgast með þeim allan tímann og ég sá að náunginn var alltaf að gjóa augunum laumulega í kringum sig. Nema hvað, það rennur upp fyrir mér ljós og ég segi við sjálfan mig: Þetta er glæpamaður úr stórborginni. Takið eftir því að ég sagði þetta ekki við Turner. Ég sagði það bara við sjálfan mig. En við Reykhúsa-Turner sagði ég: Reykhúsa-Turner, þú veist að ég er á móti því að framselja menn til lögreglunnar.. en það gegnir öðru máli um stórborgarglæpamenn og mér finnst þessi náungi þarna hinum megin mjög grunsamlegur. **(Þögn.)** Reykhúsa-Turner skoðaði náungann vandlega og sagði svo: Þetta gæti verið rétt hjá þér Billi. Ætli það sé ekki best að ég kíki aðeins á hann, og svo fór hann yfir götuna og gekk að bíl náungans.

## FAGRA BÝFLUGA

Fáðu þér böku Billi.

## FURU-BILLI

Þakka þér fyrir, kannski smábita. **(Bítur í bökuna og tyggur.)** Þið vitið að Turner kann hvorki að lesa né skrifa en sjálfur get ég lesið sæmilega svo ég elti hann

FURU-BILLI (frh.)

yfir götuna ef ég gæti orðið honum að einhverju liði. Nema hvað, náunginn sér okkur koma og sest inn í bílinn sinn.

## WALES

Já, gerði hann það, já.

## FURU-BILLI

Já já. Nú, við löbбуðum upp að bílnum og Turner stakk hausnum inn um gluggann og spurði náungann kurteislega hvað hann væri að gera í bænum. Náunginn varð óstyrkur, það var augljóst, og hann sagðist vera á leiðinni til Flórída. Það fannst mér grunsamlegt.

## WALES

Já það finnst mér líka. Hvað finnst þér Litla tré?

## LITLA TRÉ

Mér finnst það mjög grunsamlegt.

## FURU-BILLI

Nú! Reykhúsa-Turner sagði: Hvaðan ert þú? Náunginn sagðist vera frá Síkagó. Turner sagði að það væri í lagi en best væri að náunginn kæmi sér úr bænum og hann samþykkti það. Nú, á meðan.. takið eftir því.. á meðan þessu fór fram fór ég aftur fyrir bílinn og skrifaði niður númerið á honum. Ég hnippiti í Reykhúsa-Turner og sagði við hann: Hann segist vera frá Síkagó en hann er með Illinois-númer á bílnum. Og Reykhúsa-Turner rauk á hann eins og fluga á síróp. Hann dró glæpamanninn út úr bílnum og lét hann standa við hliðina á honum og spurði hann hreint út: Ef þú ert frá Síkagó, hvað ertu þá að

FURU-BILLI (frh.)

gera með Illinois-númer á bílnum? Reykhúsa-Turner vissi alveg að hann hafði hann í hendi sér. Glæpamaðurinn varð klumsa og gat ekkert sagt; staðinn að tómri lygi, skiljiði? Hann reyndi að kjafta sig út úr þessu en það má Turner gamli eiga að hann lét hann ekki komast umm með neinn moðreik.

## WALES

Nei, hann lætur ekki plata sig.

## FURU-BILLI

Reykhúsa-Turner setti glæpamanninn í fangelsið og ætlaði að kanna málið nánar; honum fannst líklegt að það væru verðlaun í boði fyrir að ná honum og hann ætlar að deila þeim með mér. Þessi náungi leit ekki út fyrir að vera neinn smákarl svo það gætu jafnvel verið hærri verðlaun en við Turner reiknuðum með.

## WALES

Já, þetta hljómar vel.

## FAGRA BÝFLUGA

Ætli þú verðir ekki bara ríkur maður Billi.

## WALES

Ekki hef ég neina samúð með stórborgarglæpamönnum.

## LITLA TRÉ

Ekki ég heldur afi. Þú átt örugglega eftir að verða ríkur Furu-Billi.

FURU-BILLI

Já þú segir það. Það gæti líka verið að þetta yrðu bara smáverðlaun. En ég set aldrei öll eggin í sömu körfuna. Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi. Ég er líka með dálítið annað í gangi.

WALES

Viltu ekki fá þér smá viskísopa Billi?

FURU-BILLI

Bara lítinn þakka þér fyrir. **(Sýpur drjúgt.)** Þú verður að fá þér einn mér til samlætis.

WALES

Ja, hann verður þá að vera lítill. **(Sýpur.)**

FAGRA BÝFLUGA

**(Hóstar.)** Kannski ég fái mér örlitla hóstasaft.

FURU-BILLI

Sjáðiði til. Tóbaksverksmiðjan Rauði örn er með samkeppni og verðlaunin eru fimmhundruð dollarar. Það er, skal ég segja ykkur, upphæð sem dugir manni til æviloka. Kannski ég fái annan. **(Sýpur drjúgt.)** Það gerir enginn jafngott viskí og þú. Ég er búinn að útvega mér þáttökuseðil og það sem maður þarf að gera er að skrifa á hann hversvegna manni líkar við munntóbakið frá Rauða erninum. Ég hugsaði ansi lengi um það áður en ég fyllti seðilinn út og það sem ég datt niður á er ansi sigurstranglegt þó ég segi sjálfur frá.

WALES

Og hvað var það?

## FURU-BILLI

Jú, sjáðu til, flestir sem taka þátt koma til með að segja að munntóbakið frá Rauða erninum sé gott tóbak og það sagði ég líka; en ég gekk aðeins lengra. Ég sagði að tóbakið þeirra væri besta tóbak sem ég hef smakkað og að aldrei myndi neitt annað munntóbak koma innfyrir mínar varir svo lengi sem ég lifði. Sko, ég notaði höfuðið, og ég reiknaði með að þegar stórkarlarnir hjá Rauða erninum sæju þetta þá myndu þeir gera sér grein fyrir því að fyrr eða síðar myndu þeir fá peningana sína aftur af því að ég ætlaði að nota tóbakið þeirra allt mitt líf. Ef þeir létu einhvern, sem sagði að tóbakið væri gott og ekki söguna meir, fá verðlaunin, þá væru þeir að taka áhættu.

## WALES

Já, það er hverju orði sannara.

## FURU-BILLI

Svona karlar taka enga áhættu í peningamálum og þessvegna eru þeir ríkir. Ég er nánast viss um að fá þessa upphæð í vasann. Nú, er ein sneið eftir af bökunni? Kannski ég þiggi hana.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég hafði verið að gefa þessari sneið auga allt kvöldið. Þetta var líka þriðja sneiðin hans Furu-Billa en ég hafði bara fengið eina. En ég tók það ekki nærri mér, því fyrst Billi var ríkur átti hann það líklega skilið að fá meira en ég.

## WALES

Ætlarðu ekki að spila fyrir okkur Billi?

## FURU-BILLI

Jú ætli það sé ekki best. **(Stillir fiðluna.)**

## FAGRA BÝFLUGA

Spilaðu lagið um Rauða væng.

## FURU-BILLI

**(Spilar og syngur.)**

Máninn gægist inn um glugg'á hana Rauða væng  
golan varpar öndinni og fuglar syngja'af kurt  
en unnustinn hann liggur sofand'undir sæng  
og sárt hún grætur ein sitt hjarta burt

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég sofnaði á gólfinu og amma bar mig inn í rúm. Það  
síðasta sem ég heyrði voru fiðlutónarnir. Mig dreymdi að  
Furu-Billi kæmi í heimsókn. Hann var orðinn ríkur og  
hafði poka á öxlinni. Pokinn var fullur af sætum  
kartöflum.

**(Fiðlutónar.)**

## LITLA TRÉ

Sjáðu amma. Sjáðu.

## FAGRA BÝFLUGA

Hvað ertu með þarna?

## LITLA TRÉ

Moskusbjöllu. Finndu lyktina af henni.

## FAGRA BÝFLUGA

**(Þefar.)** Það er sæt og góð lykt af henni.



## LITLA TRÉ

Já, hún er rosalega góð.

## FAGRA BÝFLUGA

Ég er nú aldeilis hlessa. Ekki hafði ég hugmynd um að þær lyktuðu svona vel.

## LITLA TRÉ

Ertu ekki glöð að ég skyldi færa þér hana?

## FAGRA BÝFLUGA

Jú. Það var rétt hjá þér að koma með hana. Þegar maður finnur eitthvað gott á maður að láta það verða sitt fyrsta verk að deila því með öðrum; þannig breiðist það góða út og það er aldrei að vita hvert það leiðir.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þegar ég þurfti ekki að hjálpa ömmu eða afa var ég í skóginum. Ég gekk um og skoðaði hið smágerða líf skógarbotnsins og lækjanna, gnæfði yfir það eins og tveggja feta hár risi. Ég skoðaði froska, salamöndrur og köngulær sem eyddu mörgum dögum í að brúa lækina með vefnum sínum. Ég kom heim blautur og skítugur en ég var aldrei skammaður fyrir það. Sérókar skamma aldrei börnin sín fyrir að sækja í skógana. Það var á einni af þessum ferðum mínum sem ég fann leynistaðinn minn. Hann var uppi í fjallshlíðinni, grösugur bali vaxinn lárviði og á honum var bogið gamalt gúmmitré sem mér fannst gott að sitja undir ásamt tíkinni Mæju gömlu sem fylgdi mér oftast á ferðum mínum um skóginn. Einn daginn, þegar ég var á leynistaðnum, sá ég einhverju bregða fyrir bak við greinar trjáanna. Það var amma. Hún gat farið hljóðlegar en hvísl um skóginn og hún var að safna rótum. Ég elti hana og bauð henni aðstoð mína.

## FAGRA BÝFLUGA

Þú getur hjálpað mér að flokka ræturnar. Við skulum setjast hérna á trjábólinn.

## LITLA TRÉ

Ég var á leynistaðnum mínum.

## FAGRA BÝFLUGA

Jæja væni minn.

## LITLA TRÉ

Ertu ekkert hissa á því að ég eigi leynistað?

## FAGRA BÝFLUGA

Nei. Ég held að allir Sérókar eigi sér leynistað. Ég á sjálf leynistað.

## LITLA TRÉ

Hvar er hann.

## FAGRA BÝFLUGA

Það má ég ekki segja því þá er hann ekki lengur leynistaður.

## LITLA TRÉ

Heldurðu að afi eigi leynistað?

## FAGRA BÝFLUGA

Örugglega. Ég held að leynistaðurinn hans sé efst í fjallshlíðinni. Á slóðanum sem liggur yfir fjallið. En ég get ekki verið viss því ég hef aldrei spurt hann. Ég held að það sé nauðsynlegt að eiga leynistað og ég held að

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

allir eigi einn slíkan þó maður geti aldrei verið viss um það.

## LITLA TRÉ

Ég á mjög góðan leynistað. Það er svo gott að hugsa á honum.

## FAGRA BÝFLUGA

Já það er um margt að hugsa í lífinu. Veistu það Litla tré að fólk hefur tvær vitundir.

## LITLA TRÉ

Nei, það vissi ég ekki.

## FAGRA BÝFLUGA

Fyrri vitundin sér um allar lífsnauðsynjarnar. Þú notar hana til að finna út hvernig þú átt að fá mat og húsaskjól og allt það sem líkaminn þarfnast. Þú notar hana til að finna þér maka og eignast börn og þessháttar. Sú vitund er til að komast af en svo höfum við aðra sem skiptir sér ekkert að slíku og það er andlega vitundin.

## LITLA TRÉ

Er ég með svoleiðis vitund amma?

## FAGRA BÝFLUGA

Allir hafa hana til að byrja með. En ef þú notar líkamlegu vitundina af græðgi og illsku, ef þú ert alltaf að hugsa um hvernig þú getur grætt á fólki, þá skreppur andlega vitundin saman og verður á stærð við hnetu. Þegar líkaminn deyr þá deyr líkamlega vitundin líka og þá siturðu uppi með andlega vitund á stærð við hnetu því hún er það eina sem lifir áfram. Og þegar þú fæðist aftur

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

ertu með þínulitla andlega vitund og skilur ekki neitt í neinu. Ef líkamlega vitundin tekur öll völd gæti sú andlega jafnvel skroppið saman og orðið eins og baun eða horfið alveg. Þá væru andinn og sálin í þér alveg horfin.

## LITLA TRÉ

Er hægt að lifa án sálarinnar amma?

## FAGRA BÝFLUGA

Nei, það er ekki hægt. Svona fólk er dautt. Það er auðvelt að þekkja það úr. Þegar það lítur á annað fólk hugsar það bara óhreinar og vondar hugsanir; þegar það horfir á tré sér það bara timbur og gróða en aldrei neina fegurð. Þetta er dautt fólk sem eigrar um.

## LITLA TRÉ

Hvað þarf maður að gera svo sálin í manni deyi ekki?

## FAGRA BÝFLUGA

Andlega vitundin er eins og hver annar vöðvi. Það þarf að nota hana til að hún stækki og styrkist. Það þarf að nota hana til skilnings en það er ekki hægt nema líkamlega vitundin sé laus við græðgi. Þá opnast fyrir skilningin og því meira sem þú reynir að skilja því stærrri verður andlega vitundin. Auðvitað er skilningur og ást það sama en fólk fer oft öfugt að þessu og þykist elska eitthvað sem það skilur ekki. En það er bara ekki hægt.

## LITLA TRÉ

Ég ætla að reyna að skilja allt amma. Ég vil ekki enda með hnetuvitund.

## FAGRA BÝFLUGA

Andlega vitundin getur orðið svo stór og öflug að maður man öll sín fyrri líf og líkamsdauðinn hættir að skipta máli. (Þögn.) Þú getur skoðað hvernig þetta virkar allt í leynistaðnum þínum. Vorin, þegar allt fæðist, eru umbrotatími, það eru stormar og blóðug átök eins og þegar barn fæðist. Þá eru andarnir að berjast gegn því að fara aftur í efnislíkamann. Síðan kemur sumarið, fullorðinsárin okkar, og haustið þegar við eldumst og fyllumst fortíðarþrá. Að lokum kemur veturinn með dauðann að því er virðist en svo kemur vorið aftur og allt fæðist á ný.

## LITLA TRÉ

Þetta vissi ég ekki amma.

## FAGRA BÝFLUGA

Nei. En þetta hafa Sérókarnir vitað lengi. Ég get líka sagt þér annað. Gamla gúmmitréð á leynistaðnum þínum hefur líka anda. Ekki andlega vitund eins og mennirnir heldur trjáanda. Pabbi minn kenndi mér allt um það.

## LITLA TRÉ

Hann hét Brúni haukur

## FAGRA BÝFLUGA

Alveg rétt. Hann hafði mjög djúpan skilning og fann á sér hvað trén hugsuðu. Einusinn þegar ég var lítil stelpa þá hafði pabbi miklar áhyggjur af eikartrjánnum á fjallinu því eikurnar voru æstar og hræddar. Þær voru stórar og fallegar og leyfðu öðrum gróðri að þrífast í skjóli við sig og af því að þær óeigingjarnar höfðu þær mikinn og sterkan anda. Og af því að eikurnar voru svona áhyggjufullar þá vissi pabbi að eitthvað var að og dag

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

einn komu skógarhöggsmenn til að fella þær. Og allar eikurnar grétu og þabbi gat ekki sofið. Skógarhöggsmennirnir byrjuðu á að gera veg upp fjallið svo þeir gætu flutt timbrið burt en þabbi fékk hina Sérókana til að hjálpa sér að bjarga eikunum og á næturnar grófu þeir veginn í sundur. Þá settu skógarhöggsmennirnir vopnaða verði við veginn en þeir gátu ekki gætt hans allsstaðar og Sérókarnir grófu sundur veginn þar sem þau náðu til. Þetta var mjög hörð barátta og við urðum mjög þreytt. Dag nokkurn, þar sem skógarhöggsmennirnir voru að vinna við veginn, féll risastór eik á einn vagninn þeirra. Hún drap tvo múlasna og gjöreyðlagði vagninn. Þetta var heilbrigð eik og óskiljanlegt að hún skyldi falla en hún gerði það samt. Skógarhöggsmennirnir gáfust upp á að gera veginn og svo komu vorrigningarnar og þeir komu aldrei aftur. (Þögn.) Á fullum mána héldu Sérókarnir hátíð við eikurnar. Þeir dönsuðu og eikurnar sungu og snertu þá með greinum sínum. Og það var sunginn dauðasöngur fyrir eikina sem hafði fórnað lífi sínu til að bjarga hinum.

## LITLA TRÉ

Nú skil ég af hverju við tökum bara tré sem andinn hefur skilið eftir handa okkur til að nota sem eldivið. Af því skógurinn er lifandi.

## FAGRA BÝFLUGA

Já Litla tré. Og þú mátt ekki segja frá þessu í heimi hvíta mannsins því hann skilur ekki svona hluti. En þú verður að vita þetta og þessvegna hef ég sagt þér frá því.

## LITLA TRÉ

Já amma.

## FAGRA BÝFLUGA

Faðir minn hafði mikinn skilning og ég vissi að hann yrði mjög sterkur. Ég er að vonast til að ég styrkist líka svo andar okkar þekkist aftur. Skilningur afa þíns er líka að aukast, þó hann viti ekki af því, og við verðum alltaf saman því andar okkar þekkjast.

## LITLA TRÉ

Heldurðu að ég geti komið líka, svo ég verði ekki skilinn eftir?

## FAGRA BÝFLUGA

Komdu. Nú skulum við fara heim. **(Fótatak.)** Þú skalt alltaf reyna að skilja Litla tré þá kemstu líka, jafnvel á undan mér.

## LITLA TRÉ

Mig langar ekkert að verða á undan. Ég vil bara verða samferða. Maður verður svo einmana ef maður er alltaf skilinn eftir.

**(Bruggstöðin.)**

## WALES

Jæja Litla tré. Þar sem þú ert að verða sex ára þá er kominn tími til að þú lærir einhverja iðn. Ég hef því hugsað mér að kenna þér mína. Ef þú vilt, þá geturðu gert eitthvað annað síðar en það er gott að kunna eitthvað sem getur framfleytt manni ef í nauðirnar rekur.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Á sjötíu ára ævi sinni hafði afi minn aldrei unnið venjulega vinnu. Fjallafólkið kallaði alla launavinnu venjulega vinnu. Afi þoldi ekki launavinnu. Hann sagði að það eina sem hún gerði væri að sóa tíma manns og maður hefði enga ánægju af henni. Ég er sammála honum í því. 1930, þegar ég var fimm ára, var hægt að selja skeppu af korni fyrir tuttugu sent, það er að segja ef þú gast fundið einhvern kaupanda í miðri kreppunni. En þó við afi hefðum fengið tíu dollara fyrir skeppuna þá hefðum við ekki getað lifað af því. Akurinn okkar var of lítill. Því varð afi leggja stund á heimilisiðnað til að ná endum saman.

## WALES

Allir eiga að kunna einhverja iðn og vera stoltir af því sem þeir gera. Ég lærði mína iðn frá skoska ættleggnum í fjölskyldunni og þar hafði þessi iðn verið stunduð í mörg hundruð ár.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afi var nefnilega viskíbruggari. Viskíbruggun hefur ekki sérstaklega gott orð á sér annarsstaðar en í fjöllum. En það er vegna þess að stórborgarglæpamönnum sem eru að selja viskí er alveg sama hverskonar viskí þeir eru að selja ef þeir bara geta selt mikið af því á skömmum tíma. Þeir nota líka vafasamar aðferðir við framleiðsluna og glundrið sem þeir brugga er bólvað eitur sem getur steindrepið fólk.

## WALES

Það á að hengja svoleiðis eiturbrasara. Það er hægt að koma óorði á hvaða iðn sem er ef hún er dæmd eftir því versta sem gerist í greininni. Sjáðu til dæmis sparifötin



WALES (frh.)

mín. Þau eru jafnsallafín og þau voru þegar ég fékk þau fyrir fimmtíu árum og það er vegna þess að klæðskerinn sem saumaði þau var stoltur af sínu starfi. En aðrir eru ekki jafnvandvirkir og ef maður ætti að dæma klæðskeraiðnina eftir þeim þá fengi hún ekki háa einkunn.

## LITLA TRÉ

Það er alveg rétt hjá þér afi.

## WALES

Ég set aldrei neitt í lögnina annað en korn, ekki einusinni sykur. Sumir nota sykur til að drýggja kornið og fá meiri vínanda. En ég nota bara korn og því er viskíið mitt hreint. Það eru margar og mismunandi aðferðir skal ég segja þér. Sumir segja að gamalt viskí sé betra en nýtt. En veistu hvað? Ég geymdi einu sinni viskí í heila viku og bragðið af því breyttist ekki hætishót. Enn aðrir segja að það eigi að geyma viskíið á tunnum í langan tíma þar til viskíið fær lit og bragð úr tunnunni. Svoleiðis bjálfar ættu nú bara að stinga hausnum ofan í tunnu og fá sér síðan sopa af heiðarlegu viskíi; það ætti að gera sama gagn. Svona tunnuþefarar!

## LITLA TRÉ

Já afi! Svona fjandans tunnuþefarar! Við skulum sko sýna þeim hvernig á að gera almennilegt viskí.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Og viskíið hans afa var mjög gott og sumir vildu ekki kaupa neitt annað viskí hjá herra Jenkins í vegamótabúðinni. Hann keypti af okkur níu gallon á mánuði á tvo dollara gallonið svo þið getið séð að við vorum að fá gott verð fyrir kornið okkar. Fyrir þessa peninga

LITLA TRÉ FULLORÐINN (frh.)

gátum við keypt allar okkar nauðsynjar og lagt örlítið fyrir. Tveimur gallonum héldum við eftir því afi vildi eiga eitthvað til að bjóða gestum og amma notaði drjúgan slurk í hóstasaftina sína.

## WALES

Sjáðu. Fyrst afhýðum við hluta af korninu, setjum það í poka og hellum heitu vatni yfir en afganginn af korninu mölum við. Pokann þarf að geyma á heitum stað og snúa honum tvisvar þrisvar á dag. Þegar kornið í pokanum fer að spíra þá förum við með allt kornið upp í bruggstöðina.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Bruggstöðin hans afa stóð við fjallalæk í þrengslum uppi í fjallinu, hulin lárviði og þéttu kjarri. Hún var ekki stór en dugði okkur og afi var mjög stoltur af henni.

## WALES

Sjáðu þessa potta Litla tré. Þeir eru úr kopar. Lokið og pípurnar líka.

## LITLA TRÉ

Pípurnar eru eins og ormar afi.

## WALES

Já já, það er einmitt það sem þær eru kallaðar. Ormar. Jæja. Fyrst þurfum við að sækja vatn í lækinn. Taktu litlu fötuna og ég tek þessa stóru.

(Þeir bera vatn í pottinn. Málmhljóð.)

## WALES

Passaðu þig. Þú mátt allsekki reka fötuna utan í pottinn. Málmhljóð berast langt hérna í fjöllumunum. Jæja, nú hellum við mjölinu út í og svo kyndum við undir pottunum. Ég nota yfirleitt ask sem eldivið því það kemur enginn reykur af honum. Það má nota hvaða við sem er en það er engin ástæða til að taka áhættu.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Nei, afi vildi ekki taka neina áhættu. Hann hafði fengið bruggtækin í arf og hann vissi sem var að ef þau yrðu gerð upptæk þá var hann of fátækur til að koma sér upp nýjum.

## WALES

Nú þarftu að hræra vel í pottinum. Þú getur staðið á þessum kassa. Nærðu?

## LITLA TRÉ

**(Hrærir.)** Já já. En ég sé ekkert hvað ég er að gera.

## WALES

Nei, en þetta lítur vel út hjá þér. Hræðu bara duglega svo það brenni ekki við.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þegar mjölblandan var soðin töppuðum við henni á tunnu og böttum spíraða korninu út í og létum allt gerjast í fjóra fimm daga. Þá var komin hörð skán ofan á bruggið sem við brutum af og þá gátum við farið að eima.

## WALES

Fyrst hellum við gambranum í pottinn og kyndum undir. Þegar sýður fer gufan eftir orminum og hann fer í gegnum þessa tunnu sem við fyllum af köldu vatni. Þá þéttist gufan aftur í vökva sem er síaður í gegnum viðarkol til að ná úr fitunni sem getur gert mann veikan.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það mætti halda að við fengjum mikið af viskíi eftir alla þessa vinnu en svo var ekki. Við fengum bara tvö gallon en það var rótsterkt. Nú urðum við að síá burt þann gambra sem ekki hafði orðið að gufu og þrífa tækin. Síðan blönduðum við gambranum og gallonunum tveimur saman, bættum við vatni og eimuðum aftur og þá fengum við þessi ellefu gallon. Þetta var hörkupúl og ég hef aldrei skilið hvers vegna fólk heldur því fram að bruggarar séu letingjar og auðnuleysingjar.

## WALES

Heldurðu að þú komist ofan í pottinn til að skrúbba hann að innan?

## LITLA TRÉ

Ég hugsa það. Ef þú lyftir mér.

## WALES

Svona. Obbosí. Hvernig gengur þetta?

## LITLA TRÉ

**(Ofan úr pottinum.)** Bara vel. Það er dálítið heitt en ég reyni bara að vera fljótur.

WALES

Það er ekki ónýtt að hafa félagi eins og þig. Aldrei kæmist ég ofan í svona pott.

LITLA TRÉ

**(Ofan úr pottinum.)** Nei. Þú ert alltof stór afi.

WALES

Það er mjög mikilvægt að þrifa allt mjög vel því lyktin getur borist svo víða. Löggurnar eru eins og hundar, þeir geta fundið lykt í mílufjarlægð. Ætli það sé ekki þessvegna sem þeir eru kallaðir lögguhundar?

LITLA TRÉ

**(Ofan úr pottinum.)** Ég er búinn afi.

WALES

Gott hjá þér félagi. Nú skal ég hjálpa þér upp. Svona já. Obbosí. Sjáðu Litla tré. Ég er búinn að setja viskíið á krukkur. Nú set ég merkið mitt á það.

LITLA TRÉ

Það er stríðsöxi.

WALES

Einmitt. Það er merkið mitt. Ja, eiginlega átt þú það með mér núna af því að við erum félagar í viskíbrugguninni.

LITLA TRÉ

Takk afi.

WALES

Ekkert að þakka vinur, þú hefur unnið fyrir þessu. En nú skulum við fara með vörurnar niðrí vegamótabúðina. Heldurðu að þú getir borið eitthvað?

LITLA TRÉ

Já já afi.

WALES

Ég set tvær krukkur í pokann þinn, hérna, prófaðu.

LITLA TRÉ

Ég get alveg borið eina enn.

WALES

Fínt. Ég tek þá afganginn. Þá skulum við leggja af stað. Við förum alltaf leynistíginn þegar við erum í viðskiptaferðum.

**(Fótatak.)**

LITLA TRÉ

Hvað gera lögguhundarnir ef þeir finna eimingartækin?

WALES

Þeir eyðileggja þau. Og þá erum við í vondum málum Litla tré.

LITLA TRÉ

Já afi. Þá verðum við í vondum málum.

**(Fótatak hættir.)**

WALES

Sjáðu. Héðan sjáum við búðina. Er tunna fyrir framan hana?

LITLA TRÉ

Nei. Það er engin tunna.

WALES

Þá er öllu óhætt. Við skulum koma okkur niður.

**(Fótatak.)**

LITLA TRÉ

Það er margt erfitt í viskígerðinni.

WALES

Það er eitthvað erfitt við allar starfsgreinar. Hugsaðu þér til dæmis hvernig það er í tannlæknaiðninni, að þurfa að stara uppí kjafta allan daginn. Sú iðn myndi gera mig viti mínu fjær á skömmum tíma og þó margt sé erfitt og flókið í viskígerðinni þá held ég að hún sé snöggum skárri en tannlækningarnar.

LITLA TRÉ

Já, það segirðu satt afi.

**(Hurð opnast og lokast.)**

JENKINS

Sælir herra Wales. Og sæll Litla tré.

LITLA TRÉ

Sæll herra Jenkins.

WALES

Ég kom héra með nokkrar krukur handa þér.

JENKINS

Aldeilis stórglæsilegt. Þær mættu að skaðlausu vera fleiri. Veistu það Litla tré að hann afi þinn er besti viskígerðarmaðurinn hér um slóðir.

LITLA TRÉ

Já. Hann er góður hann afi minn.

JENKINS

Heldurðu að þú skeppir ekki fyrir mig út í eldiviðarskúrinn og náir í dálítið af spreki til að leggja á eldinn.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Mér líkaði vel við herra Jenkins. Í hvert sinn sem ég kom sendi hann mig út eftir spreki og að launum fékk ég brjóstsykurstöng.

LITLA TRÉ

Nei, herra Jenkins, ég get ekki tekið við þessu. Ekki fyrir að fara og sækja nokkur sprek. Það er engin fyrirhöfn.

JENKINS

Ansans ári ertu góður drengur. En heyrðu, þessi héra brjóstsykurstöng er orðin dálítið gömul. Þú gætir kannski losað mig við hana, annars þarf ég að henda henni.

LITLA TRÉ

Er það í lagi afi?



## WALES

Ætli það ekki. Fyrst herra Jenkins ætlar hvort sem er að henda henni. Annars verður hún engum til gagns.

## LITLA TRÉ

Í hverjum mánuði fann hann aðra stöng sem var orðin gömul og hann ætlaði að fara að henda svo ég geri ráð fyrir að ég hafi losað hann við allt gamla sælgætið hans. Hann sagði að það væri mikil hjálp í þessu. **(Þögn.)** Smám saman lærði ég allt um viskígerðina, þó margt væri þar flókið og framandi, til dæmis það að amma lokaði alltaf hundina inni þegar við afi fórum upp í bruggstöðina.

## LITLA TRÉ

Af hverju fá hundarnir aldrei að koma með okkur?

## WALES

Ef einhver er á leiðinni uppeftir þá sleppir hún amma þín Koli og þá kemur hann hingað og við vitum að eitthvað er að. Einu sinni notaði ég Varg í þetta en hann sótti svo í hratið og varð alltaf blindfullur. Hann varð næstum brennivíninu að bráð skal ég segja þér. Hann var meira að segja farinn að draga Mæju hingað uppeftir og hún varð dauðadrukinn líka. Þessvegna fór ég að nota Kol því hann virðist ekki hafa nein áfengisvandamál.

## LITLA TRÉ

Hann er þarna.

## WALES

Er hver hvar?

LITLA TRÉ

Kolur. Hann er þarna.

WALES

Fjandinn hafi það. Hvað er hann búinn að vera þarna lengi?

LITLA TRÉ

Fjandinn hafi það, ég hef ekki hugmynd um það.

WALES

Fuglarnir eru ekki flognir upp svo þeir geta ekki verið mjög nærri. Taktu pokann þinn og farðu niðureftir. Ef þú sérð einhvern, farðu þá út af slóðanum og feldu þig þangað til þeir eru komnir framhjá. Ég ætla að ganga frá herna og fela tækin betur og svo fer ég yfir fjallið og hitti þig heima.

**(Mikil hundgá í fjarska.)**

LITLA TRÉ

Ég held að amma sé búin að sleppa öllum hundunum.

WALES

Hvað er eiginlega um að vera? Jæja, drífðu þig. Og taktu Kol með þér.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég fleygði pokaum upp á öxlina og þaut af stað. Ég var dauðhræddur en ég vissi að ég varð að gera þetta. Við afi urðum að bjarga bruggstöðinni því án hennar gætum við tæpast lifað af. Ég flýtti mér niður slóðann og hafði Kol á undan því hann hafði betra þefskyn en ég og yrði því fyrr var við mannaferðir.

**(Hundur urrar.)**

1. LÖGREGLUMAÐUR

Hei! Þú þarna!

2. LÖGREGLUMAÐUR

Drottinn minn, þetta er bara krakki.

1. LÖGREGLUMAÐUR

Fjandans indjánakrakki!

2. LÖGREGLUMAÐUR

Hvað ertu með í pokanum strákur?

**(Hundur urrar.)**

1. LÖGREGLUMAÐUR

Passaðu þig á hundinum.

2. LÖGREGLUMAÐUR

Hann ætlar uppeftir aftur. Gríptu hann

1. LÖGREGLUMAÐUR

Á, helvítis hundurinn beit mig.

2. LÖGREGLUMAÐUR

Gríptu í löppina á honum!

1. LÖGREGLUMAÐUR

Æ, hann slapp. Á!

## 2. LÖGREGLUMAÐUR

Hvernig getur krakkaskrattinn hlaupið svona hratt upp brekku?

## 1. LÖGREGLUMAÐUR

Taktu hundinn! Hann er snarvitlaus. Lemdu hann með kylfunni eða eitthvað.

## 2. LÖGREGLUMAÐUR

Hafðu þetta hundspott.

**(Sársaukaýlfur í hundi.)**

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það er til sérstök aðferð sem afi hafði kennt mér sem Sérókarnir nota til að hlaupa upp fjöll. Maður fer ekki beint af augum heldur skásker hliðina. Maður snertir varla jörðina en leitar að fótfestu í greinum, föllnum trjábolum og rótum og þannig kemst maður hratt yfir. Ég notaði notaði þessa aðferð og með dyggri aðstoð Kols tókst mér að komast undan án þess að brjóta eina einustu krukku. Ég faldi mig í skóginum og svaf úti þessa nótt en daginn eftir fundu hundarnir mig og fóru með mig heim til afa og ömmu.

**UPPFRÆÐSLA  
LITLA TRÉS  
eftir  
Forrest Carter**

Leikgerð eftir  
Benóný Ægisson

**3. ÞÁTTUR**

**PERSÓNUR**

Litla tré, 5 ára.....	.....
Litla tré fullorðinn.....	.....
Wales, afi Litla trés.....	.....
Fagra býfluga, amma Litla trés.....	.....
Furu-Billi.....	.....
Jenkins, kaupmaður í vegamótabúðinni.....	.....
María, dóttir landbúnaðarverkamannsins.....	.....
Pabbi Maríu, landbúnaðarverkamaður.....	.....
Stjórnmalamaður.....	.....
Kristinn maður.....	.....
Boli, glæpamaður úr stórborginni.....	.....
Rebbi, glæpamaður úr stórborginni.....	.....

**(Skógarhljóð og fótatak.)**

LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Hringur! Hringur! Hringur!

WALES

**(Kallar.)** Hringur! Hringur! Hringur! Hvar getur hundurinn verið?

LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Hringur! Hringur! Hringur!

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Daginn eftir eltingaleikinn mikla við brugglögguna voru hundarnir ennþá dálítið órólegir, sárfættir en þó stoltir. Þeir vissu að þeir höfðu gert gagn. Ég var líka dálítið stoltur en ég lét ekki á því bera því svona uppákomur voru bara hluti af því að vera viskígerðarmaður. Það eina sem skyggði á var að Hringur gamli hafði ekki skilað sér heim og við fundum hann hvergi.

LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Hringur! Hringur! Hringur!

WALES

Ætli það sé ekki best að við förum leiðina sem þú fórst. Hringur var jú að leita að þér.

**(Hundgá.)**

LITLA TRÉ

Þetta eru Kolur og Móri litli. Kannski eru þeir búnir að finna Hring. Komdu afi.

WALES

Þarna eru þeir.

LITLA TRÉ

Hringur liggur á jörðinni. Sjáðu, þarna hjá trénu.

WALES

Hann hefur kannski hlaupið á tréð.

LITLA TRÉ

Aumingja Hringur!

**(Hundsýlfur.)**

WALES

Það er engu líkara en hann hafi hlaupið á mörg tré. Við skulum fara með hann heim.

LITLA TRÉ

Má ég hjálpa þér að bera hann.

WALES

Taktu undir undir framfætuna á honum.

**(Fótatak.)**

LITLA TRÉ

Hann er með svo mörg grá hár.

WALES

Já hann er orðinn gamall greyið.



## LITLA TRÉ

Aumingja Hringur minn. Þú varst alltof gamall til að vera að leita að mér uppi í fjalli.

## WALES

Hann sleikir þig bara. Það er til að sýna þér að hann myndi gera það aftur ef á þyrfti að halda. **(Þögn.)** Það gæti líka verið að hann hafi verið laminn með kylfu.

## LITLA TRÉ

Mér þykir þetta svo leiðinlegt Hringur minn.

**(Hundsýlfur.)**

## FAGRA BÝFLUGA

Þið hafið fundið Hring.

## WALES

Já við fundum hann. En nú er hann dáinn.

## LITLA TRÉ

Er hann dáinn? Er Hringur dáinn?

## WALES

Já Litla tré. Hann dó eins og sannur fjallahundur: Úti í skógi fyrir fólkið sitt.

## FAGRA BÝFLUGA

Hann var sáttur því að hann vissi að þið komuð að sækja hann og hann var á leiðinni heim. Nú skulum við jarða hann.

## LITLA TRÉ

Við skulum jarða hann við kornakurinn því hann var svo duglegur að gæta hans.

## FAGRA BÝFLUGA

Það er góð hugmynd.

## LITLA TRÉ

Mér finnst ég svo tómur inni í mér.

## WALES

Svona líður manni alltaf þegar maður missir einhvern sem manni þykir vænt um. Eina leiðin til að koma í veg fyrir þessa líðan er að elska aldrei neinn. En það er reyndar enn verra því þá er maður alltaf tómur inni í sér.

## FAGRA BÝFLUGA

Ef Hringur hefði ekki verið svona góður og tryggur þá hefðum við ekki verið svona stolt af honum og það hefði verið vont. Þegar þú verður eldri áttu alltaf eftir að muna eftir Hringi gamla. Það er nefnilega svo skrítt að þegar maður verður gamall og minnst þeirra sem manni þótti vænt um, þá man maður bara góðu hlutina. Sem sýnir að það slæma skiptir engu máli.

**(Skvaldur.)**

## LITLA TRÉ

Hérna eru spænirnir þínir herra Jenkins.

## JENKINS

Þakka þér fyrir góði. Ætli ég geti ekki fundið gamla brjóstsykurstöng sem þú getur losað mig við.

LITLA TRÉ

Þakka þér fyrir herra Jenkins.

WALES

Hversvegna er svona margt fólk hérna núna?

JENKINS

Þingmaðurinn okkar kemur hingað í dag.

FURU-BILLI

Hann er að koma frá Washington.

LITLA TRÉ

Ég ætla út afi.

WALES

Allt í lagi vinur. Ég kem bráðum.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ferðirnar í vegamótabúðina voru skemmtileg tilbreyting og ég naut þeirra alltaf. Við fórum með vörurnar okkar og fengum greitt fyrir þær og svo keyptum við nauðsynjarnar. Stundum keypti afi eitthvað gott eins og í þetta skipti þá keypti hann appelsínur en amma var sólgín í þær og ég líka. Hann keypt þrjár þannig að ég vissi að ég átti að fá eina. Og í hvert sinn sem afi fékk greitt fékk ég tíu sent því ég var hluthafi í viskígerðinni. Ég átti orðið fimmtíu sent og amma geymdi þau fyrir mig en ég tók peningana alltaf með mér þegar við fórum í búðina.

MARÍA

Hvað heitirðu?

LITLA TRÉ

Ég?

MARÍA

Já. Ég er að tala við þig. Hvað heitirðu?

LITLA TRÉ

Litla tré.

MARÍA

Ertu indjáni?

LITLA TRÉ

Ætli það ekki.

MARÍA

Ég heiti María. Ég get tínt hundrað pund af bómull á dag. Hvar fékkstu þetta nammi?

LITLA TRÉ

Jenkins kaupmaður gefur mér gamalt nammi fyrir að sækja í eldinn fyrir sig.

MARÍA

Svleiðis. Er þetta gott?

LITLA TRÉ

Já já. Viltu smakka? Þú mátt ekki bíta, bara sleikja.

MARÍA

Allt í lagi. Bróðir minn getur tínt tvö hundruð pund og mamma getur tínt þrjú hundruð þegar hún er ekki lasin. En pabbi getur tínt fimmhundruð pund ef hann tínir fram á nótt. Umm, þetta er gott nammi. Við erum líka þekkt fyrir

MARÍA (frh.)

að vera heiðarleg, við setjum aldrei steina í pokana til að svindla á vigtinni. Hvað getur þú tínt mikið?

LITLA TRÉ

Ég hef aldrei tínt bómull.

MARÍA

Ég vissi það. Það segja allir að indjánar séu latir og nenni ekki að vinna.

LITLA TRÉ

Komdu með nammið mitt.

MARÍA

En þið getið örugglega ekkert að þessu gert og svo gerið þið kannski eitthvað annað. Má ég sleikja aðeins lengur?

LITLA TRÉ

Jæja þá. Allt í lagi.

MARÍA

Við erum að hlusta eftir kalli turtildúfunnar núna, svo við vitum hvert við eigum að flytja á næsta ári. Hún kallar úr þeirri átt sem maður á að fara í. Við þurfum að flytja því húsbóndinn svindlaði á okkur og þessvegna kom pabbi hingað til að athuga hvort einhvern vantaði ekki góða fjölskyldu sem væri dugleg að tína. Ég hugsa að við fáum góðan stað núna því það er farið að fréttast hvað við erum dugleg. Eigið þið eitthvað land?

LITLA TRÉ

Nei, eiginlega ekki. Bara hlíðina þar sem akurinn okkar er. Við erum fjallafólk og höfum ekkert að gera við mikið ræktarland. Ég á fimmtíu sent.

MARÍA

Er það? Má ég sjá þau? Rosalega áttu mikið af peningum.

LITLA TRÉ

Ég er dálítið að spá í að kaupa bauk sem er á sælgætishillunni í búðinni handa ömmu. Hann er fullur af nammi sem við getum borðað saman.

FAÐIR MARÍU

**(Kallar úr fjarska.)** María!

MARÍA

Þetta er pabbi. Þegar við fáum uppskeruna á næsta stað þá eigum við fullt af peningum og þá fæ ég dúkku. Mamma segir að hún verði keypt í búð og hafi alvöruhár og geti opnað og lokað augunum.

FAÐIR MARÍU

**(Kominn nær.)** María! Komdu hingað strax! Ég vil ekki að þú sért að tala við þennan indjánastrák.

MARÍA

Ég fæ örugglega fullt af dóti því við verðum alveg rosalega rík. Bless stráksi.

**(Bill nálgast.)**

FURU-BILLI

Þarna kemur hann, blessaður þingmaðurinn.

WALES

Ætli það sé þá ekki best að fara að koma sér.

JENKINS

Þú verður að heyra ræðuna hjá honum.

WALES

Kannski ég hinkri aðeins. Ef hann skyldi minnst á viskískattinn.

**(Billinn stöðvar og hurð er skellt.)**

ÞINGMAÐUR

Komið þið sælir félagar. Sæll Jenkins kaupmaður. Hvernig ganga viðskiptin?

JENKINS

Bara þokkalega, þakka þér fyrir.

ÞINGMAÐUR

Það er gott að heyra. Sæll. Þú heitir Billi er það ekki.

FURU-BILLI

Jú jú, það stendur heima. Kallaður Furu-Billi.

ÞINGMAÐUR

Einmitt. Komdu sæll.

FAÐIR MARÍU

Sælir þingmaður.

LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Hann heilsar okkur ekki.

## WALES

Nei. Hann sér að við erum indjánar og kjósum ekki. Hann veit að hann græðir ekkert á okkur.

## ÞINGMAÐUR

Það er gaman að sjá svona marga samankomna hérna en því miður er mér langt frá því hlátur í hug. Eins og þið vitið kusuð þið mig á þingið í Washington og þar hef ég verið fulltrúi ykkar og trúið mér að það er ekki létt að halda sjó í þeirri Sódómu og Gómorru.

## LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Það er örugglega rétt hjá honum afi.

## ÞINGMAÐUR

Það eru kaþólikkarnir sem standa á bak við allt svínaríið. Þeir ráða bókstaflega öllu og helst vildu þeir setja herra páfann í Hvíta húsið. Kaþólikkar eru lúmskustu og undirförulustu snákar sem til eru í heiminum. Ég skal segja ykkur það að þeir eru með náunga á sínum snærum sem eru kallaðir munkar og þeir eru með konum sem kallast nunnur og börnunum sem fæðast úr þessu syndsamlega samræði henda þeir fyrir óða hunda. Þetta er, skal ég segja ykkur, það versta sem ég hef nokkru sinni heyrt um.

## LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Ég líka afi.

## ÞINGMAÐUR

Ef ég stæði ekki vaktina í Washington réðu þeir öllu og væru út um allt og komnir hingað meira að segja. Þeir



ÞINGMAÐUR **(frh.)**

væru búnir að setja allt kvenfólkið hérna í klaustur og útrýma öllu ungvíði.

LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Við erum heppnir að hafa hann í Washington afi.

ÞINGMAÐUR

Ég er tilbúinn til að berjast áfram ef þið viljið veita mér brautargengi. Þó að baráttan sé hörð og menn séu að selja sig kaþólikkunum til hægri og vinstri. En það kaupir mig enginn því ég hef enga þörf á peningum og er reyndar hálfpartinn á móti þeim.

KRISTINN MAÐUR

Heyr! Heyr!

ÞINGMAÐUR

Ég get sagt ykkur það að stundum er ég að því kominn að gefast upp og fara bara að taka því rólega eins og þið. En ég gefst ekki upp.

KRISTINN MAÐUR

Lengi lifi þinmaðurinn.

**(Lófatak.)**

ÞINGMAÐURINN

Þakka ykkur fyrir kæru vinir og félagar. Ég vissi að ég gat reitt mig á stuðning ykkar.

## WALES

Bíddu eftir mér hérna Litla tré, ég þarf að tala aðeins við herra Jenkins.

## LITLA TRÉ

Ég ætla að klappa þessum kálfi á meðan.

## ÞINGMAÐUR

Verið þið öll blessuð og sæl.

## KRISTINN MAÐUR

Já láttu nú fjandans kaþólikkana hafa það óþvegið.

## FAÐIR MARÍU

Já. Þú ert okkar maður.

## ÞINGMAÐUR

Ég reyni að gera mitt besta. Verið þið sælir.

**(Vélarhljóð, bíll ekur burt.)**

## KRISTINN MAÐUR

Líst þér vel á kálfinn minn stráksi?

## LITLA TRÉ

Já herra.

## KRISTINN MAÐUR

Ekki hætta. Haltu bara áfram að klappa honum. Það ætti ekki að skaða hann. **(Þögn.)** Ég sé að hann hænist að þér.. já meira en nokkrum öðrum. Ég held bara að hann langi til að fara með þér.

LITLA TRÉ

Heldurðu það?

KRISTINN MAÐUR

Þetta er minn kálfur og ég þekki hann. Áttu einhverja peninga?

LITLA TRÉ

Já herra. Ég á fimmtíu sent.

KRISTINN MAÐUR

Kálfurinn er hundrað sinnum meira virði en það.

LITLA TRÉ

Já herra, ég sé það. Ég hafði alls ekki hugsað mér að kaupa hann.

KRISTINN MAÐUR

Ég er kristinn maður. Eiginlega, þó það kosti mig stórfé, þá finnst mér í hjarta mínu að þú eigir að fá kálfinn; hann er orðinn svo hændur að þér.

LITLA TRÉ

Ég myndi aldrei taka hann frá þér.

KRISTINN MAÐUR

Ég ætla að láta þig hafa hann fyrir fimmtíu sent því mér finnst það vera kristileg skylda mín.

LITLA TRÉ

En..

KRISTINN MAÐUR

Nei nei, það þýðir ekkert að malda í móinn, láttu mig bara fá fimmtíu sentin þín og kálfurinn er þinn.

LITLA TRÉ

(Hringlar í smámynt.) Gjörðu svo vel.

KRISTINN MAÐUR

Þetta eru kjarakaup stráksi. Vertu blessaður og passaðu kálfinn þinn vel.

LITLA TRÉ

(Í gælurómi.) Voðalega ertu finnstu litli kálfur. Hvað ætti ég nú að láta þig heita? (Kallar.) Sjáðu afi, ég á kálf. (Lægra.) Það var kristinn maður sem seldi mér hann, ég var ekkert að biðja um hann, hann bara varð að gera það af því að það var.. kristileg skylda hans.

WALES

Nú jæja.

LITLA TRÉ

Finnst þér hann ekkert finnstu? Þú mátt eiga hann á móti mér, afi. Af því að við erum félagar í viskígerðinni.

WALES

Huh!

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það kom mér á óvart að afi virtist ekki vera eins ánægður með kálfinn og ég. Við lögðum af stað heim og ferðin reyndist mér erfið því kálfurinn minn gat varla gengið. Hann staulaðist áfram, valtur á fótunum og ég reyndi að draga hann áfram með tjóðurbandinu. Ég var farinn að hafa

LITLA TRÉ FULLORÐINN (frh.)

áhyggjur af því að ég kæmi honum ekki heim, kannski væri hann veikur.. jafnvel þó hann væri hundrað sinnum meira virði en ég hafði greitt fyrir hann. Afi strunsaði á undan eins og hann var vanur og ég varð að grípa til bragðsins sem ég notaði alltaf til að fá hann til að stoppa en það var að fá hann til að setjast niður og spjalla aðeins.

## LITLA TRÉ

(Kallar.) Afi! Afi!

## WALES

Já.

## LITLA TRÉ

Þekkirðu einhverja kaþólikka, afi?

## WALES

Einu sinni sá ég einn. Í borginni. Sá sem ég sá leit ekki út fyrir að vera mjög hættulegur, þó hann liti út fyrir að hafa lent í einhverjum ryskingum. Kraginn hans var undinn og skakkur en hann var of fullur til að taka eftir því. En hann virtist vera fremur friðsamlegur. (Þögn.) Annars finnst mér ekki líklegt að maður rækist á sannleikskorn belgnum á þessum stjórnámamanni þó maður renndi hníf í gegnum hann í hálfan dag. Þú hefur kannski tekið eftir því að þessi tíkarsonur talaði ekkert um að leggja niður viskískattinn.. og ekki minntist hann heldur á kornverðið.. eða á nokkurn skapaðan hlut sem skiptir máli.

## LITLA TRÉ

Nei afi, ég tók einmitt eftir því að tíkarsonurinn minntist ekkert orði á það.

## WALES

Þú mátt ekki undir nokkrum kringumstæðum nota þetta orð þegar amma þín heyrir.

## LITLA TRÉ

Ég skal passa mig á því.

## WALES

Mér er líka hundsama um það hvort munkar og nunnur hafi samræði daglega eða ekki, það skiptir mig ekki meira máli en samræði hjarta og hinda. Það er bara þeirra mál. En þetta með að henda ungvíðinu fyrir hunda; ég hef aldrei vitað til þess að hindir eftirlétu hundum afkvæmi sín, hvað þá konur. Svo ég veit að það er bölvuð lygi.

## LITLA TRÉ

Já, það er rétt hjá þér afi. Þeir eru kannski ekki svo slæmir, kaþólikkarnir.

## WALES

Ég efast ekkert um að kaþólikkarnir vilja ráða öllu. En ef maður á svín sem maður vill ekki láta stela þá er best að fá tólf menn sem alla langar til að stela því til að gæta þess. Þá er svínið jafn óhult og í eldhúsinu heima. Þeir eru allir svo óheiðarlegir í Washington að þeir verða að vera saman til að geta haft gætur hver á öðrum. Það eru allir að reyna að ná völdum, þetta er endalaus hanaslagur. Það versta við Washington er að það er allt of mikið af stjórnámálamönnum þar.

## LITLA TRÉ

Eintómir tíkarsynir afi.

## WALES

Tíkarsonur er ansi magnað blótsyrði skal ég segja þér, þú skalt fara sparlega með það. Það er verst þegar bókstafstrúarmenn ná völdum, hvort sem það eru kaþólikkar eða mótmælendur. Þeir eru algjörlega á móti vındrykkju nema fyrir sjálfa sig og myndu þurrka landið upp ef þeir kæmust til valda.

## LITLA TRÉ

Þá myndu þeir eyðileggja allt fyrir okkur í viskígerðinni og við myndum svelta í hel. Eru þetta ekki bara einhverjir tunnubefarar afi, sem eru að reyna að bola okkur burt.

## WALES

Ekki kæmi það mér á óvart þó þeir þyldu ekki samkeppnina. Og þeir bera mútur í stjórnámálamennina til að fá þá á sitt band. En eitt er víst og það er að Indjánarnir fá aldrei að ráða neinu.

## LITLA TRÉ

Nei. Þeir fá aldrei að ráða neinu.

## WALES

Kálfurinn þinn er dauður.

## LITLA TRÉ

Dauður? Nei, það getur ekki verið. Litli kálfur! Litli kálfur! Stattu upp!

## WALES

Hann er dauður Litla tré. Þegar einhver er dauður.. þá er hann dauður. Ég ætla að rista upp á honum kviðinn. Sjáðu lifrina. Hún er öll skellótt og greinlega sýkt. Við getum ekki einusinni étið hann. Ég skal flá hann fyrir þig, ég býst við að amma þín vilji borga þér tíu sent fyrir skinnið. Svo getum við sent hundana hingað til að éta hræið.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Mér leið alveg hræðilega. Kálfurinn minn var dauður og fimmtíu sentin mín glötuð. Þetta var versti dagur lífs míns og hann batnaði lítið þó ég fengi tíu sent frá ömmu og góðan kvöldmat.

**(Matarhljóð, glamur í diskum oþh.)**

## WALES

Hlustaðu nú Litla tré. Maður lærir aldrei neitt nema af reynslunni. Ef ég hefði bannað þér að kaupa kálfinn þá hefði þér alltaf fundist að þú hefðir átt að fá hann. Ef ég hefði sagt þér að kaupa hann þá hefðirðu kennt mér um dauða hans. Maður lærir best af því að reka sig á.

## LITLA TRÉ

Já afi.

## WALES

Jæja, hvað lærðirðu af þessu?

## LITLA TRÉ

Ætli ég hafi ekki lært að maður á ekki að versla við kristna menn.



**(Fagra býfluga fer að hlæja.)**

WALES

Já þú segir það. **(Skellir upp úr.)**

FAGRA BÝFLUGA

Þú átt við að þú munir passa þig betur næst þegar þú hittir einhvern sem segist vera afskaplega finn náungi.

LITLA TRÉ

Já amma. Ég býst við því. **(Þögn.)** Ég hitti litla stelpu í búðinni í dag. Hún var þar með pabba sínum. Hún er rosalega dugleg að tína bómul.

WALES

Þau eru farandverkamenn. Þau eiga ekkert land og oftast ekki einusinni stól eða rúmbæli.

LITLA TRÉ

Kjóllinn hennar er bara strigapoki sem er búið að klippa göt á. Ég leyfði henni að sleikja nammið mitt.

WALES

Þeir koma í uppskeruna uppá að fá helminginn af því sem þeir tína en yfirleitt fá þeir bara þriðjung. Og svo þegar allt er gert upp, áburðurinn sem landeigandinn borgar, notkunin á mülösnunum og öllu öðru þá kemur alltaf í ljós að farandverkamaðurinn vann ekki fyrir neinu nema matnum sínum. Og hann er ekki einusinn vel útilátinn.

LITLA TRÉ

Hún á enga skó amma.

## FAGRA BÝFLUGA

Á hún enga skó litla greyið?

## WALES

Þeir eiga allir stórar fjölskyldur þessir farandverkamenn. Þeir verða, því þá geta þeir tínt meira því allir hjálpast að við uppskeruna, konan og börnin líka.

## LITLA TRÉ

Fætturnir á henni eru alveg bláir af því það er orðið svo kalt.

## WALES

Indjánar fást ekki í þennan fjanda. Fyrr hlypi ég til skógar og veiddi kanínur mér til viðurværis en að standa í þessu. En það er eins og sumir festist í þessu og komist ekki út úr því.

## FAGRA BÝFLUGA

Kannski ég ætti að gera mökkasínur handa henni úr skinninu af kálfinum þínum, Litla tré.

## LITLA TRÉ

Já amma. Það er góð hugmynd.

## WALES

Auðvitað er þetta stjórnamálamönunum að kenna eins og allt. Ef þeir ynnu vinnuna sína í stað þess að eyða tímanum í kjaftæði þá væri þetta ekki svona. Sumir landeigendur eru nískir en aðrir ekki eins og gengur og gerist en það virðist ekki skipta neinu þegar kemur að uppgjörinu. Verkamennirnir verða alltaf fyrir vonbrigðum og þess vegna taka þeir sig upp á hverju ári og flytja.

## LITLA TRÉ

Þeir hlusta eftir turtildúfunni amma. Hún segir þeim hvert þau eiga að fara.

## FAGRA BÝFLUGA

Gerir hún það já.

## WALES

Þeir finna nýjan landeiganda, flytja inn í nýtt kofaræksni og sitja við eldhúsborðið á kvöldin og láta sig dreyma um að allt verði nú betra en fyrr. En það gerist ekkert, þau verða fyrir vonbrigðum og flytja aftur og fólk sem skilur ekki neitt segir að þau séu "ístöðulaus", sem er eitt af þessum fjandans orðum. Þau eru líka sögð vera "óábyrg" fyrir að eiga of mörg börn sem þau þó neyðast til að gera.

## FAGRA BÝFLUGA

Já, ég held ég geri mokkalínur handa greyskinninu.

**(Fyrir utan vegamótabúðina.)**

## MARÍA

Má ég sleikja nammið þitt?

## LITLA TRÉ

Já, en ekki bíta.

## MARÍA

Takk. Má ég sjá peningana þína?

LITLA TRÉ

Ég á enga peninga lengur. Kristinn maður sveik þá út úr mér.

MARÍA

Ég er kristin. Einu sinni fékk ég heilagan anda á samkomu og frelsaðist. Mamma og pabbi fá næstum alltaf heilagan anda og tala tungum. Það er gott að vera kristinn og þú ferð til helvítis af því að þú ert ekki frelsaður.

LITLA TRÉ

Skilaðu namminu! Það er auðséð að þú ert kristin, þú ert næstum búin að sleikja það upp til agna.

MARÍA

Hvernig svindlaði hann á þér.

LITLA TRÉ

Hann seldi mér kálf sem drapst svo bara.

MARÍA

Það var nú leiðinlegt.

LITLA TRÉ

Ég er með dálitíð handa þér.

MARÍA

Er það? Hvað?

LITLA TRÉ

Skó. Sjáðu. Þeir eru úr skinninu af kálfinum mínum.

MARÍA

Óskaplega eru þeir fallegir. Með svona fallegum perlum.  
Ég held að þetta séu fallegustu skór sem ég hef séð.

LITLA TRÉ

Amma mín gerði þá. Farðu í þá.

MARÍA

Ég get nú aldeilis dansað í þessum. Takk Litla tré. Þú  
verður að kyssa hana ömmu þína fyrir mig.

LITLA TRÉ

Ég skal gera það.

PABBI MARÍU

Komdu María, ég er að fara.

MARÍA

Ég er að koma. Bless Litla tré, sé þig seinna.

LITLA TRÉ

Bless.

PABBI MARÍU

Ég var búinn að segja þér að ég vil ekki að þú sért að  
tala við þennan indjánastrák.

MARÍA

Hann er ágætur pabbi. Sjáðu, hann gaf mér skó.

WALES

Jæja Litla tré. Við skulum koma heim.

PABBI MARÍU

Indjáninn. Gaf hann þér þessa skó.

MARÍA

Já pabbi. Æi. **(Barsmíðar.)** Hvað hef ég gert pabbi?  
**(Grætur.)** Ekki berja mig. Ekki berja mig.

PABBI MARÍU

Farðu úr þessum skóm. Já, úr þeim. Hérna strákur. Taktu þá aftur. Við þiggjum ekki ölmusu frá neinum. Og allra síst frá heiðnum villimönnum.

LITLA TRÉ

Af hverju var hann svona reiður við mig afi?

WALES

Það eina sem hann á er stoltið, þó hann ætti ekki að láta það bitna á þér. Þú skalt ekki erfa þetta við hann. Sjáðu til, hann veit sem er að hann getur ekki leyft litlu stúlkunni eða hinum börnunum sínum að láta sér þykja vænt um fallega hluti því þau munu aldrei eignast þá. Þess vegna lemur hann þau í hvert sinn sem þau fara að hugsa um hluti sem þau geta aldrei eignast og á endanum hætta þau að hugsa um þá.

LITLA TRÉ

En er það ekki leiðinlegt fyrir þau?

WALES

Jú, líklega. En þau hafa heilagan anda, stoltið og vonina um að allt verði betra á næsta ári. Það er ekkert skrítið þó þú hafir ekki áttað þig á þessu. Ég var hræddur um að þetta gæti gerst því ég þekki aðeins til þessara mála. Einusinni varð ég nefnilega vitni að því að

WALES (frh.)

landbúnaðarverkamaður stóð tvær dætur sínar að því að skoða vörulista. Hann tók prik og hýddi þær þangað til blóðin lagaði úr þeim. Ég fylgdist með honum fara með vörulistann bak við hlöðuna, rífa hann í tætlur og brenna hann. Svo settist hann niður þar sem enginn sá til hans og grét. Þetta sá ég og þess vegna skil ég. Maður verður að skilja. En sumu fólki finnst það of mikil fyrirhöfn að reyna að skilja og þess felur það leti sína bak við orð eins og "ístöðuleysi".

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég fór heim með skóna og setti þá undir strigapokann þar sem ég geymdi smekkbuxurnar og skyrtuna mína. Ég vildi ekki sjá þá því þeir minntu mig á litlu stúlkuna. Hún kom aldrei aftur í vegamótabúðina og ekki heldur pabbi hennar. Ég býst við að þau hafi flutt. Þau hafa líklega heyrt í turtildúfunni í fjarska.

## LITLA TRÉ

(Kemur hlaupandi. Andstuttur og óðamála.) Amma! Amma!

Komdu fljótt! Fljótt!

## FAGRA BÝFLUGA

Hvað gerðist?

## LITLA TRÉ

Afi er að deyja.. Skröltormur..

## FAGRA BÝFLUGA

Hvar?

## LITLA TRÉ

Árbakkinn.. Ekki láta hann deyja amma.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Hún sagði ekki svo mikið sem "Guð minn góður", heldur tíndi einhverja hluti ofan í poka og var þotin áður en ég náði andanum. Og hún gat hlaupið eins og ung stúlka hún amma mín. Ég sleppti hundunum lausum og hljóp á eftir henni. Þegar ég kom á árbakkann var hún að sjúga höggormseitrið úr höndinni á afa.

## FAGRA BÝFLUGA

Flettu berkinum af trénu þarna Litla tré. Við verðum að kveikja eld því ég þarf að gera seyði handa honum svo hann geti andað.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Á meðan vatnið hitnaði litaðist amma um og kom auga á lynghænu sem lá á eggjum. Hún fór úr pilsinu og kastaði því yfir hana. Hún skar upp lynghænuna eftir endilöngu og lagði hana ofan á bitið. Hún hélt henni þar spriklandi í langan tíma og þegar hún tók hana af var hún græn að innan. Það var eiturn snáksins.

## LITLA TRÉ

Þú lætur afa ekki deyja er það amma?

## FAGRA BÝFLUGA

Nei, ekki ef ég fæ nokkru ráðið. Segðu mér hvað gerðist.

## LITLA TRÉ

Við vorum að veiða undan bökkunum. Afi var búinn að ná einum en ég fann enga fiskiholu svo ég fór niður eftir ánni. Ég lá á bakkanum og var að leita og þá heyrði ég allt í einu hljóð fyrir aftan mig. (Skröltormshljóð.) Ég leit við og sá að það var skröltormur. Hann var rétt við



LITLA TRÉ (frh.)

andlitið á mér og ég sá að hann var öskureiður og ætlaði að bíta mig. Halinn á honum gekk til og frá, hraðar og hraðar, og tungan skaust inn og út úr munninum á honum og svo fór hann að sveifla sér fram og til baka eins og hann væri að ákveða hvar hann ætti að höggva í mig. En þá féll skuggi yfir mig og snákinn.

## WALES

Ekki snúa höfðinu Litla tré. Hreyfðu þig ekki. Ekki depla auga.

## LITLA TRÉ

Ég gat heldur ekki hreyft mig og allt í einu var höndin á afa komin á milli mín og snáksins og hreyfðist ekki. Allt í einu hjó snákurinn í höndina á afa en afi greip hann fyrir aftan hausinn og kreisti hann og ormurinn vafði sig utan um handlegginn á honum. En afi vildi ekki sleppa honum og kyrkti hann með annari hendi.

## LITLA TRÉ

Takk afi.

## WALES

Fjandinn hafi það. Við sýndum þessum tíkarsyni í tvo heimana.

## LITLA TRÉ

Já afi. Við sýndum honum svo sannarlega.

## WALES

Það er heitt eins og í víti miðað við árstíma.

## LITLA TRÉ

Ég ætla að sækja ömmu.

## WALES

Ætli ég slappi ekki aðeins af. Ég kem rétt bráðum.

## LITLA TRÉ

Svo lagðist hann út af og ég flýtti mér að sækja þig.  
Þetta var allt mér að kenna.

## FAGRA BÝFLUGA

Svona lagað er engum að kenna Litla tré, ekki einusinni skröltorminum. Nú skaltu kveikja annan eld því við verðum að halda hita á afa þínum. Við þurfum að breiða fötin okkar yfir hann líka.

## LITLA TRÉ

Hann getur fengið skyrtuna mína. Og buxurnar.

## FAGRA BÝFLUGA

Vertu bara í buxunum. Þær eru svo litlar að þær hylja ekki einusinni fótinn á afa þínum.

## WALES

**(Með óráði.)** Má ekki láta hermennina sjá mig. Fela mig í skóginum. Ég hef aldrei komið áður í þennan dal. Þarna er hús í rjóðrinu.

## LITLA TRÉ

Hvað er afi að tala um?

## FAGRA BÝFLUGA

Hann er með óráði. Hann heldur að hann sé orðinn lítill strákur aftur.

## LITLA TRÉ

Var afi einhvern tíma lítill strákur? Það finnst mér skrítið.

## FAGRA BÝFLUGA

Þegar afi þinn var lítill þá var landið hersetið af Norðurríkjamönnum. Langafi þinn hafði barist með hinu liðinu og þurfti að fara huldu höfði í fjöllumunum. Afí þinn þurfti að reka öll erindi í þorpinu því enginn skipti sér að litlum indjánastrák. Það var á einni af þessum ferðum sem hann fann húsið í rjóðrinu.

## WALES

Veröndin er öll sigin og múrsteinar fallnir úr strompinum. Þetta hlýtur að vera í eyði.

## FAGRA BÝFLUGA

En það var ekki í eyði. Það var líf á bænum þó engar væru skepnurnar, hvorki hænur eða kýr eða múlasni til að spenna fyrir plóginn. Þarna var ekkert nema úr sér gengin verkfæri en samt var líf þarna.

## WALES

Útslitin kona. Tvær litlar stelpur með gömul andlit. Gamall svertingi sem býr í hlöðunni og einfættur maður í gráum einkennisbúningi sem hefur spennt viðarteinung við stúfinn svo hann geti gengið.

## FAGRA BÝFLUGA

Og allt í einu sá afi þinn dálítið skrítið. Þessi undarlega þrenning kom út á akurinn og maðurinn og konan spenntu sig fyrir plóginn og fóru að plægja en svertinginn stýrði plógnum.

## WALES

Þetta er vitfirring. Þetta gengur aldrei hjá þeim, þeim tekst aldrei að plægja akurinn. Ég ætla að færa þeim fisk svo þau hafi eitthvað að borða.

## FAGRA BÝFLUGA

En það voru fleiri sem höfðu áhuga á þessum undarlega búskap. Afi þinn varð var við að foringi úr Norðurríkjahernum fylgdist líka með bænum. Hann velti því fyrir sér hvort hann ætt að vara fólkið við en þá sá hann svolítið merkilegt.

## WALES

Hann er með múlasna. Hann er að reka hann inn á akurinn. Sá er gamall. Æ nú hleypur hann út undan sér. Hann kemur hingað. **(Kallar.)** Hó hó hó, farðu til baka asnakjálki.

## FAGRA BÝFLUGA

En fólkið á bænum hafði orðið vart við múlasnann og nú upphófst mikill eltingarleikur. Það gekk á ýmsu áður en þau náðu honum en þessi gamli múlasni var svo sannarlega velkominn í dalinn. Hann var spenntur fyrir plóginn og nú gekk allt betur. Hvorki afi þinn né hermaðurinn létu sjá sig í þetta sinn, afi þinn hélt áfram að færa þeim fisk því þar sem þau voru ekki indjánar þá reiknaði hann með að þau myndu annars deyja úr hungri áður en þau fengju uppskeruna. En eftir nokkra daga færði hermaðurinn fólkinu sáðkorn og skömmu síðar var hann farinn að plægja.

## WALES

Hermaðurinn er liðþjálfari og hann er víst sjálfur bóndi. Það er auðséð að hann kann til verka. Stundum beygir hann sig niður og tekur upp handfylli af mold. Hann lyktar af henni og segir að þetta sé góð mold.

## FAGRA BÝFLUGA

Síðan bættist annar hermaður við. Sá kom með litla græðlinga; það voru eplatré. Hann plantaði þeim allt í kringum akurinn og litlu stelpurnar hjálpuðu honum og voru nú með meira gleðibragði en áður.

## WALES

Þau elda fiskinn og borða hann. Stundum horfa þau til fjalla og benda mér að koma; þau vita af mér en sjá mig ekki. Ég fylgist bara með þeim og stundum fer ég svo nærri að ég heyri hvað þau segja: Þetta er gott land segir liðþjálfinn. Já, þetta er gott land segir sá einfætti. Besta kornuppskera sem ég hef séð segir sá svartí. Bíðið bara í ár, segir hermaðurinn, þegar öll þessi eplatré fara að blómstra. Það er ekkert sem kemst í hálfkvísti við það. Og litlu stelpurnar flissa og yngjast upp.

## FAGRA BÝFLUGA

Eiginlega gekk allt svo vel í húsinu í rjóðrinu að afi þinn fór að missa áhugann á að fylgjast með. En þá riðu eftirlitsmennirnir í hlað og reistu stöng með litlu rauðu flaggi. Afi þinn vissi vel hvað þetta flagg þýddi, hann hafði séð það áður; það þýddi að einhvern stjórnmaðlaðinn langaði í landið þitt og þess vegna hækkaði hann skattana svo mikið að þú gæst ekki borgað þá. Rauða flaggið þýddi að þeir ætluðu að taka landið upp í skuldina.

## LITLA TRÉ

Afi er hættur að tala. Er hann dáinn?

## FAGRA BÝFLUGA

Nei. Hann sefur. Nú getum við bara beðið þess sem verða vill.

## LITLA TRÉ

Hvað gerðist svo?

## FAGRA BÝFLUGA

Fólkið kom allt af akrinum og einfætti maðurinn fór inn í húsið. Stuttu síðar haltraði hann út og hélt á gömlum framhlaðningi sem hann miðaði á eftirlitsmennina. Í sama mund kom liðþjálfinn ríðandi og stillti sér upp á milli eftirlitsmannanna og einfætta mannsins. Einn eftirlitsmannanna hleypti af byssu sinni og hermaðurinn féll. Einfætti maðurinn skaut á eftirlitsmann sem féll og þá skutu hinir eftirlitsmennirnir hann. Konan og stúlkurnar hlupu grátandi til hans en svarti maðurinn reiddi upp hrífuna sína og ætlaði að ráðast á eftirlitsmennina en þeir skutu hann líka. Þá forðaði afi þinn sér því hann vissi að eftirlitsmennirnir myndu ekki skilja nein vitni eftir.

## LITLA TRÉ

Hvað varð um konuna og börnin? Og hinn hermanninn?

## FAGRA BÝFLUGA

Afi þinn vissi ekki hvað varð af þeim en það var sagt að hermaðurinn hefði gerst liðhlaupi. Stjórnámálamennirnir héldu því fram að þetta hefði verið uppreisn og sögðu að þeir þyrftu meiri peninga til að kveða niður

FAGRA BÝFLUGA **(frh.)**

uppreisnaröflin; sem þeir fengu auðvitað. Ríkur landeigandi yfirtók dalinn. Hann réði landbúnaðarverkamenn og lét þá plægja burt eplatrén því það var ekki nógu mikið upp úr þeim að hafa. Liðþjálfinn var kistulagður og sendur heim til ættingja sinna. Þegar þeir voru að ganga frá líkinu uppgötvuðu þeir að hönd hans var kreppt utan um eitthvað. Þeim tókst ekki að losa fingurna nema með verkfærum og þá komust þeir að því það sem hann hélt á var verðlaust.

## WALES

Það var mold. Handfylli af mold.

## LITLA TRÉ

Afi! Ertu vaknaður?

## WALES

Hvernig er það með þig Fagra býfluga? Maður getur hvergi lagst til svefns án þess að þú rífir þig úr hverri spjör og leggist hjá manni.

## FAGRA BÝFLUGA

**(Hlær.)** Skammastu þín karlskratti.

## LITLA TRÉ

Getu við þá farið heim?

## WALES

Já Litla tré. En fyrst ætla ég að flá tíkarsoninn. Amma þín getur búið til belti úr skinninu handa þér.

## FAGRA BÝFLUGA

Orðbragðið sem þú hefur fyrir barninu.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

En amma var ekkert reið við afa; hún var bara feginn að hann skyldi lifa. Afi minntist aldrei á það að hann hefði sett hendina á milli mín og snáksins. Mér fannst það bera vott um að á eftir ömmu þá þætti honum vænst um mig, jafnvel vænna en um Kol.

(Í vegamótabúðinni.)

## JENKINS

Ekki ertu sporlatur Litla tré. Þakka þér fyrir spænina. Hérna er gömul brjóstsykurstöng sem þú þarft að losa mig við því hún er orðin of gömul.

## LITLA TRÉ

Takk herra Jenkins. Fer ég ekki bráðum að verða búinn með allt gamla sælgætið þitt?

## JENKINS

Nei nei. Það kemur alltaf nýtt sælgæti sem verður gamalt og svo koll af kolli. Það voru menn að spyrja um þig. Mennt úr borginni.

## WALES

Löggur?

## JENKINS

Nei. Þvert á móti. Þeir sögðust vera í viskíbransanum. Þeir höfðu heyrt að þú værir góður bruggari og vildu fá þig í vinnu í stóru brugghúsi.

## WALES

Ætli ég fái ekki tvö pund af kaffi.



JENKINS

Þeir sögðust ætla að gera þig ríkan. Hvernig líst þér á það?

WALES

Og fjögur pund af sykri.

JENKINS

Þeir sögðust ætla að koma aftur.

WALES

Láttu mig fá helmingin af oststykkinu þarna.

JENKINS

Svona já. Gjörðu svo vel. Hvað?..

WALES

Við skulum drífa okkur Litla tré. Sælir herra Jenkins.

**(Hurð opnast og lokast.)**

JENKINS

Ekki talar hann af sér karlinn.

**(Fótatak.)**

WALES

Farðu með vörurnar til ömmu þinnar og segðu henni frá mönnunum. Ég ætla upp í bruggstöðina og leggja fleiri greinar yfir hana.

LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Amma! Amma!

FAGRA BÝFLUGA

Já. Hvað var það vinur?

LITLA TRÉ

Hefur einhver komið hingað?

FAGRA BÝFLUGA

Nei. Enginn.

LITLA TRÉ

Það voru einhverjir menn úr stórborginni að spyrja eftir afa í búðinni.

**(Vélarhljóð, bíll nálgast.)**

FAGRA BÝFLUGA

Ætli þetta séu ekki þeir sem eru að koma þarna.

LITLA TRÉ

En flottur bíll. Hann er alveg nýr.

**(Bíllinn stöðvast og hurðir skellast.)**

BOLI

Halló, þið þarna! Við erum komnir til að hitta þann gamla. **(Þögn.)** Ég held að indjánakerlingin skilji enga ensku Rebbi.

REBBI

Fari hún til fjandans. Mér líst ekkert á þennan stað Boli, þetta er lengst uppi í fjöllum. Drullum okkur héðan.

BOLI

Haltu kjafti. Strákurinn er örugglega kynblendingur.  
Kanski hann skilji ensku. Skilurðu ensku strákur?

LITLA TRÉ

Ég býst við því.

BOLI

Heyrirðu þetta? Hann býst við því. (Þeir hlæja.) Hvar er  
pabbi þinn?

LITLA TRÉ

Ég man ekkert eftir pabba mínum. Ég bý herna með afa og  
ömmu.

BOLI

Hvar er afi þinn?

LITLA TRÉ

Þarna uppfrá.

BOLI

Sérðu þennan dollara strákur. Þú getur fengið hann ef þú  
ferð með okkur til afa þíns.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Mér leist nokkuð vel á þetta allt saman. Ég sá fram á að  
geta bætt mér upp tapið á fimmtíu sentunum sem kristni  
maðurinn hafði af mér, jafnvel þó ég þyrfti að deila  
dollaránum með afa. Vandinn var bara sá að ég vissi ekki  
hvert ég ætti að fara með þá því auðvitað gat ég ekki  
farið með þá upp að bruggstöðinni. Ég hafði satt að segja  
ekki hugmynd um hvað ég ætti að gera.

REBBI

Manstu ekkert eftir pabba þínum?

LITLA TRÉ

Nei. Ekki neitt.

REBBI

Þá ertu bastarður er það ekki strákur?

LITLA TRÉ

Ætli það ekki. Annars er ég ekki kominn að béunum í orðabókinni svo ég veit ekki hvað það þýðir.

REBBI

**(Þeir hlæja.)** Hann er góður strákurinn.

LITLA TRÉ

**(Hlær líka.)** Finnst ykkur þetta fyndið?

BOLI

Þeir eru eins og skynlausar skepnur Rebbi.

LITLA TRÉ

Það er fullt af dýrum hérna í fjöllum. Villikettir og villisvín og einusinni sáum við afi skógarbjörn.

REBBI

**(Skelkaður.)** Hefurðu séð einhverja birni nýlega?

LITLA TRÉ

Nei. En maður sér merki eftir klærnar á þeim. Til dæmis á trénu þarna.

BOLI

Guð sé oss næstur!

REBBI

Passaðu þig maður. Ætlaðu að hrinda mér út af stígnum?

BOLI

Guð minn góður! Hvað erum við eiginlega komnir hátt upp?

LITLA TRÉ

Ég veit ekki hvað þetta er hátt. Jú þetta er sennilega ansi hátt, ég hef bara aldrei hugsað út í það.

BOLI

Ef maður dytti út af þessu einstigi þá myndi maður hálsbrotna.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þeir voru orðnir móðir og mäsandi og farnir að dragast aftur úr. Einu sinni þurfti ég að snúa við til að athuga með þá og þegar ég fann þá lágu þeir undir eikartré umkringdir brenninetlum.

REBBI

Heyrðu litli bastarðurinn þinn. Hvað er eiginlega langt eftir?

LITLA TRÉ

Ekki mjög langt. Bara upp á brúnina og þar bíðum við eftir afa. Komið þið.

BOLI

Hjálpaðuð mér á fætur.

## LITLA TRÉ

Ætlið þið ekki að taka frakkana ykkar með ykkur.

## REBBI

Við tökum þá á bakaleiðinni.

## BOLI

Viltu styðja mig andskotans bastarðurinn þinn. Það er varla til of mikils mælst, það var þín hugmynd að fá einhvern fjandans fjallabúa til að brugga fyrir okkur.

## REBBI

En það var þín hugmynd að fá þennan fjandans indjána, tíkarsonurinn þinn.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þeir voru svo uppteknir af rifrildinu að þegar þeir komu upp á brúnina tóku þeir ekki eftir mér heldur héldu bara áfram eftir stígnum, niður hinumegin. Ég fékk ekkert tækifæri til að stöðva þá því þeir voru svo háværir og mér hafði verið kennt að trufla ekki þegar fullorðna fólkið er að tala. Það var farið að skyggja og mér fannst ráðlegast að bíða eftir afa. Hann hefur líklega verið að fylgjast með okkur því ég þurfti ekki að bíða lengi.

## WALES

Hvar eru þeir?

## LITLA TRÉ

Þeir héldu bara áfram. Veistu það afi, þeir sögðu að ég væri bastarður og svo kemur það í ljós að herra Rebbi er það líka.

WALES

Sögðu þeir það? Komstu með einhvern mat frá ömmu þinni?

LITLA TRÉ

Já ég er með hann hérna í pokanum.

WALES

Við skulum þá fá okkur að borða.

LITLA TRÉ

Sjáðu afi. Þeir gáfu mér dollar fyrir að fara með þá til þín. Heldurðu að ég sé búinn að vinna fyrir honum.

WALES

Það tel ég víst. Ekki var það þér að kenna að þeir skyldu ana áfram út í tóma vitleysu.

LITLA TRÉ

Þegar ég get skipti honum færð þú helminginn.

WALES

Nei það er óþarfi. Þú vannst fyrir honum því hér er ég, tilbúinn til að hitta þá.

LITLA TRÉ

Ég var að hugsa að kaupa boxið með namminu í vegamótabúðinni handa ömmu. Heldurðu að það kosti nokkuð meira en dollara?

WALES

Ætli það vinur. Jæja, ég ætla að reyna að kalla í þá.

**(Klappar lófa á munn.)** Vúvúvúvúvúvú vú! **(Hjóðið bergmálar í fjöllum og er svarað með byssuskotum.)** Þeir svara með byssuskotum. Hjálpaðu mér Litla tré.

## BÁÐIR

Vúvúvúvúvúvú vú! (Skothríðin ágerist en hljóðnar svo.)

## WALES

Þeir eru búnir með skotin. Við skulum ekkert vera að æsa okkur yfir þessu. Við skulum leggja okkur og sækja þá á morgun.

(Kofinn.)

## LITLA TRÉ

Amma! Amma! Afi sendi mig að sækja mat. Hann vildi fá mat handa okkur í strigapoka en mat handa hinum í bréfpoka.

## WALES

Ætli það sé ekki best að ég steiki handa ykkur fisk.

## LITLA TRÉ

Hann sagði mér líka að segja þér hvað þeir sögðu við mig.

## FAGRA BÝFLUGA

Nú? Hvað sögðu þeir?

## LITLA TRÉ

Þeir sögðu að ég væri bastarður. Herra Rebbi er það líka. Við hlógum rosalega af þessu.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Amma mín var byrjuð að steikja fisk handa Bola og Rebba þegar ég sagði henni þetta en nú tók hún fiskinn af pönnunni og setti í pott. Hún fyllti pottinn af vatni og bætti í hann góðum slurk af rôtarduftinu sínu. Já reyndar bætti hún aftur við dufti þegar ég sagði henni meira frá



LITLA TRÉ FULLORÐINN **(frh.)**

samskiptum mínum við karlana og að endingu var gufan frá pottinum svo öflug að tárin runnu niður kinnarnar á henni. Þegar ég kom aftur upp á fjallið fengum við afi okkur að borða en síðan hengdi afi pokann með mat karlanna fyrir ofan stíginn.

## WALES

Þeir hljóta að sjá hann hérna. Ég er búinn að vera að kalla á þá og þeir hljóta að fara að koma.

## BOLI

**(Í fjarska.)** Hægðu á þér mannfjandi.

## REBBI

**(Í fjarska.)** Ég vil komast sem fyrst í burt héðan.

## BOLI

**(Kominn nær.)** Ég kemst ekki svona hratt. Ég er búinn að týna skónum mínum. Hvað hangir þarna?

## REBBI

Það er poki. Það er matur í honum.

## BOLI

Guði sé lof.

## LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Maður þekkir þá varla aftur. Þeir eru allir rifnir og klóraðir.

## WALES

**(Hvíslar.)** Já, þeir líta hálfilla út karlagreyin. Þeir hafa lent í þyrnikjarri.

LITLA TRÉ

**(Hvíslar.)** Svo eru þeir bólgnir í framan. Ég hugsa að það sé út af því að þeir lágu í brenninetlunni í gær.

WALES

**(Hvíslar.)** Gerðu þeir það. Það var ekki sérlega gáfulegt hjá þeim.

REBBI

Ekki klára allt. Þú er búinn með þinn helming.

BOLI

Ég þarf meira en þú, ég er stærri.

REBBI

Þú ert bölvaður fituhlunkur.

BOLI

Taktu þetta þá. Ofboðslega var þetta gott. Við skulum leggja okkur aðeins áður en við höldum áfram.

LITLA TRÉ

Eigum við að fara að sækja þá núna afi?

WALES

Bíddu aðeins. Og fylgstu nú vel með þeim Litla tré.

REBBI

Óóóóó! Maginn á mér!

BOLI

Það er eins og innyflin ætli út úr mér.

REBBI

(Prumphljóð.) ~~Ææææææææ!~~ Drottinn minn, ég get ekki hætt.

LITLA TRÉ

Sérðu afi. Nú kúka þeir í brenninetluna.

WALES

Já, þeir sækja aldeilis í hana.

LITLA TRÉ

Þeir skeina sig meira að segja með brenninetlublöðum.

WALES

Jæja, ætli þeir séu ekki búinir að fá nóg. Við skulum fara niður. Komdu Litla tré.

BOLI

Halló! Bíðið eftir okkur.

REBBI

Ekki fara á undan okkur.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við létum þá elta okkur yfir fjallsbrúnina og þegar við vorum vissir um að þeir hefðu fundið stíginn þá héldum við áfram á undan þeim. Þegar við komum niður að kofanum settumst við út á pallinn með ömmu og biðum eftir að þeir kæmu niður. Það tók þá óratíma en loksins birtust þeir.

REBBI

(Úr fjarlægð.) Bölvaður tíkarsonurinn þinn. Þetta er allt þér að kenna.

BOLI

(Úr fjarlægð.) Þegi þú bastarður. Ef við komumst einhverntíma til Chattanooga þá drep ég þig.

LITLA TRÉ

Ætla þeir ekki að koma og tala við þig afi.

WALES

Ætli það. Þeir eru líklega búnir að komast að því að það er mikill misskilningur að við höfum áhuga á að vinna í viskígerðinni þeirra.

LITLA TRÉ

En heldurðu að ég megi þá halda dollaranum mínum?

WALES

Auðvitað. Þú ert búinn að gera það sem þú varst beðinn um. Það er ekki þér að kenna að þeir vilja ekki tala við mig lengur.

LITLA TRÉ

Bless herra Boli! Og bless herra Rebbi!

BOLI

(Úr fjarlægð.) Andskotans indjánaskratti..

REBBI

(Úr fjarlægð.) Drullum okkur bara burt héðan.

FAGRA BÝFLUGA

Eigum við ekki að siga hundunum á þá?

WALES

Það er óþarfi. Þeir eru alveg búnir að vera.

(Bíll ekur í burtu.)

LITLA TRÉ

Ertu alveg viss um að þú viljir ekki deila dollaranum með mér afi?

WALES

Nei, þú átt hann, hann kemur viskigerðinni ekkert við.  
Það má segja að þú hafir haft ágætt kaup þessa tvo daga.

(Þau hlæja.)

**UPPFRÆÐSLA  
LITLA TRÉS  
eftir  
Forrest Carter**

Leikgerð eftir  
Benóný Eðjsson

**4. ÞÁTTUR**

**PERSÓNUR**

Litla tré, 5 ára.....  
 Litla tré fullorðinn.....  
 Wales, afi Litla trés.....  
 Fagra býfluga, amma Litla trés.....  
 Furu-Billi.....  
 Pílvíðar-Jón.....  
 Jenkins, kaupmaður í vegamótabúðinni.....  
 Prestur í sveitakirkju.....  
 Maður í kirkju.....  
 Kona í kirkju.....  
 Félagssráðgjafi, kona.....  
 Afgreiðslumaður.....  
 Joe Taylor lögfræðingur.....  
 Raddir náttúruvætta.....  
 Prestur á munaðarleysingjahæli.....  
 Wilburn.....  
 Gamalt eikartré.....  
 Kennslukona.....  
 Drengur á munaðarleysingjahæli.....

## WALES

Stjörnurnar eru réttar núna til að planta baunum. Við gerum það á morgun ef hann er ekki að austan.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Jafnvel þó afstaða stjarnanna væri rétt þá datt afa mínum ekki í hug að planta baunum í austanvindi.

## WALES

Það kemur ekkert upp af þeim ef hann er að austan.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það er margs að gæta við sáningu. Allt sem vex neðanjarðar, til dæmis rófur og kartöflur, verður að setja niður á nýju tungli annars fær maður tómmt smælki. Öllu sem vex ofanjarðar, korni, baunum, ertum og þess háttar, þarf að sá í tunglskinu. Það þarf líka að huga að árstímanum við sáningu og flestir fara eftir dagatalinu. En ekki hann afi minn. Hann fór eftir stjörnunum. Og eftir ýmsu öðru. Það gat verið of rakt eða of þurrt eða þá að fuglarnir þögðu. Það var að ýmsu að gæta þegar finna átti rétta daginn.

## FAGRA BÝFLUGA

Ég held að þessar tiktúrur í honum séu bara veiðieðli.

## WALES

Það er ekki að spyrja að því. Kvenfólk skilur ekki flókna hluti Litla tré. Þær halda að allt sé einfalt og blátt áfram. En það er bara ekki rétt. En þær geta ekki að þessu gert, þær fæðast tortryggjar. Ég get sagt þér það að ég hef séð dagsgamalt stúlkubarn horfa með tortryggni á brjóst móður sinnar.



## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afi plægði en við amma fylgðum í kjölfarið og sáðum korni og grænmeti. Við plöntuðum ertum yst á akrinum, nálægt skóginum. Dádýr eru vitlaus í ertur og fara langar leiðir til að komast í þær. Þessvegna vorum við alltaf birg af dádýrakjöti. Við sáðum líka vatnsmelónumfræjum.

## LITLA TRÉ

Ég hef aldrei smakkað vatnsmelónu.

## WALES

Hérna skulum við sá þeim. Hér er skuggsælt og gott.

## FAGRA BÝFLUGA

Er þetta ekki ansi stórt beð fyrir vatnsmelónur?

## WALES

Það sem við getum ekki borðað seljum við í vegamótabúðinni.

## LITLA TRÉ

Já afi. Og græðum fullt af peningum.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það kom reyndar í ljós, þegar melónurnar okkar voru orðnar þroskaðar, að vatnsmelónumarkaðurinn hafði hrunið.

## WALES

Við fáum ekki meira en fimmkall fyrir stykkið.

## FAGRA BÝFLUGA

Ef einhver vill þá kaupa.

## WALES

Sjáðu til Litla tré. Gallon af viskí vegur fjögur kíló og við fáum tvo dollara fyrir það. Vatnsmelóna vegur um sex kíló og við fáum ekki nema fimm sent fyrir hana. Éú sérð að það eru ekki hagstæð viðskipti að drösla þeim niður í vegamótabúðina.

## LITLA TRÉ

Nei afi. Við verðum víst að borða þær allar sjálf.

## WALES

Þá verðurðu að læra að finna út hvenær þær eru orðnar fullþroska.

## LITLA TRÉ

Hvernig gerir maður það?

## WALES

Málið með vatnsmelónur er það að það er ekkert sem vex jafn hægt og þær. Þegar maður er viss um að þær séu þroskaðar þá eru þær það bara alls ekki. Sjáðu, maður byrjar á að banka í þær. (Bankhljóð.) Ef það heyrir *bink* þá eru þær grænar í gegn. Heyrist *bank* er hún að koma til en ef það er *búnk* þá er hún fullþroskuð. Hlustaðu nú. (Bankhljóð.) Hvaða hljóð er þetta?

## LITLA TRÉ

Mér heyrir þetta vera *búnk* afi

## WALES

Ertu alveg viss um það? Reynum aftur. (Bankhljóð.)

## LITLA TRÉ

Nei, þetta er *bank*.

WALES

Ég held að það sé alveg hárrétt hjá þér.

LITLA TRÉ

En sjáðu þessa afi. Sem fiðrildið situr á. Er það ekki gott merki ef fiðrildi situr á því? Mér finnst eins og einhver hafi sagt mér að fiðrildi setjist bara á þær sem eru orðnar þroskaðar.

WALES

Ekki hef ég heyrt það en það gæti verið rétt fyrir því. Prófum að banka í hana. **(Bankhljóð.)**

LITLA TRÉ

Þetta er *búnk* afi.

WALES

Ertu nú alveg viss?

LITLA TRÉ

Já, alveg viss.

WALES

Þessi er nú bara á mörkunum svona einhversstaðar miðja vegu milli *bank* og *búnk*.

LITLA TRÉ

En samt nær *búnk* afi.

## WALES

Það er bara eitt að gera í svona tilfelli. Við verðum að prófa hana með strái. Sjáðu, maður leggur strá þversum á melónuna og ef það snýst langsum þá er hún þroskuð. Nei það hreyfist ekki.

## LITLA TRÉ

Jú, aðeins. Það stoppaði. Ég held að það sé of langt hjá þér og of þungt.

## WALES

Jæja, ég skal þá stytta það.

## LITLA TRÉ

Nú snýst það.

## WALES

En það fer ekki alla leið.

## LITLA TRÉ

Bíddu, ég ætla að skoða það aðeins betur.

## WALES

Ekki anda á það, þá er ekkert að marka.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þó afi hefði efasemdir lét hann það samt eftir mér að taka vatnsmelónuna og við fengum hana í eftirmat. Það var fyrsta vatnsmelónan mín. Hún var svo safarík að ég var blautur niður á nafla af safanum og afi og amma skellihlógu að mér. Það var sumar og ég var orðinn sex ára því sumarið var árstíðin mín, því þá fæddist ég. Furu-Billi kom oft í heimsókn þetta sumar því honum þótti melónurnar góðar. Hann var ekkert að monta sig af

LITLA TRÉ FULLORÐINN (Frh.)

peningunum sem hann fékk frá tóbaksframleiðandanum Rauða erni eða verðlaununum fyrir að handsama stórborgarþófann. Hann minntist satt að segja aldrei á peningana svo við vorum ekkert að spyrja hann um þá. En honum lá margt annað á hjarta.

## FURU-BILLI

Ég hef heyrt því fleygt að það verði stríð. Já og hungursneyð líka. Nú er svo komið að bankarnir fara í halarófu á hausinn og þeir sem eftir eru eru rændir aftur og aftur. Í stórborgunum er fólk stökkvandi út um glugga í gríð og erg og í Oklahóma blæs jörðinni í burtu.

## FAGRA BÝFLUGA

Við höfum heyrt um það frá skyldfólki sem býr þar. Það voru einhverjir hvítir menn sem plægðu land sem aldrei hefði átt að plægja og nú fýkur moldin burt.

## FURU-BILLI

Ég ætla að frelsast því ég er hræddur um að endalokin séu að nálgast. Ég hef ekki gert það hingað til því ég er dálítið veikur fyrir því að drýgja hór. Ég hef drýgt dálítið mikið hór þegar ég er að spila á böllum skal ég segja ykkur en það er nú yfirleitt stelpunum að kenna því þær láta mig aldrei í friði. En ætli maður verði ekki að hætta núna fyrst heimsendir er í nánd.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við fórum í kirkju á hverjum sunnudegi. Þá fór afi í jakkafötin sín og svörtu klossana sína sem meiddu hann því hann var vanur að ganga í mokkasínum. Við fórum báðir í skyrtur sem amma hafði saumað úr hveitipokum og lagt í klór til að fá þær alveg hvítar. Ég fór í hreinan

LITLA TRÉ FULLORÐINN (**frh.**)

samfesting og við afi hnepptum efstu tölunum á skyrtnum og þá vorum við klárir í kirkjuferð. Amma var alveg sallafín í kjól sem var rauðgulur, gylltur, blár og rauður. Hún var eins og vorblóm í honum og ég var mjög hreykin af henni. Ég hugsa að ef hún hefði ekki klæðst þessum kjól og haft svo gaman að því að fara þá hefði afi aldrei átt neitt erindi í kirkjuna.

## WALES

Þessir prestar og djáknar eru búnir að taka trúna kverkataki. Það er eins og þeir ráði því hver fer til himna og hver fer til helvítis. Eins og þeir haldi að þeir hafi öll lyklavöld að gullna hliðinu og guð komi þar hvergi nærri. Svo rífast þeir um hvort eigi að dýfa niður eða ausa vatni í skírninni. Ef Guð er jafn þröngsýnn og þessir vitleysingar þá er ólíft í himnaríki, fjandinn hafi það.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

En afi lét sig hafa það að fara. Fyrir ömmu. Og til að hitta Pílvíðar-Jón. Pílvíðar-Jón var gamall Séróki sem bjó hátt uppi í fjöllunum. Augun í honum voru kolsvört opin sár. Ekki reið opin sár heldur dái sár. Það var ekki hægt að sjá hvort augun væru myrk eða hvort Pílvíðar-Jón væri horfa framhjá þér inn í eitthvað fjarlægt myrkur. Löngu seinna sá ég mynd af höfðingjanum Geronimo. Hann hafði augu eins og Pílvíðar-Jón.

## FAGRA BÝFLUGA

Pílvíðar-Jón fetaði slóð táranna í þjóðflutningunum. Hann gekk eins og hinir Sérókarnir og vildi ekki ferðast í vagni. Hann var þrjú ár í burtu en sneri svo til baka.

FAGRA BÝFLUGA (frh.)

Hann vildi ekki tala um það sem hafði á daga hans drifið en hann sagði að það væri engin Þjóð lengur.

## LITLA TRÉ

Pílviðar-Jón, bráðum verða margir margir Sérókar. Ég ætla að vera Séróki og amma segir það það sé mér eðlilegt að vera í fjöllum.

## PÍLVIÐAR-JÓN

Það þykir mér vænt um að heyra drengur minn.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Stundum vita börnin betur en þeir fullorðnu og mér tókst að gleðja Pílviðar-Jón. Einu sinni þegar við settumst í kirkjunni fann ég langan indíánahníf í sætinu mínu.

## FAGRA BÝFLUGA

Pílviðar-Jón er að gefa þér hann. Svona gefa Sérókar gjafir. Þeir skilja þær eftir þar sem þiggjandinn finnur þær. Þú þarft ekki að þakka fyrir hana því Sérókar gefa aldrei gjafir nema þeim sem eiga þær skilið og það er heimskulegt að þakka fyrir það sem maður á skilið.

## LITLA TRÉ

Það er alveg rétt amma. Ég ætla líka að gefa Pílviðar-Jóni gjöf. Ég ætla að setja hana í frakkavasa hans.

## PRESTUR

Þegar herrann kom í musterið var þar saman kominn hópur farísea. Engir eru eins hættulegir og farísearnir, nema þá kannski filistearnir. Og hvað skyldu þeir hafa ætlað sér að gera herranum til miska?

MAÐUR

Segðu okkur það!

KONA

Lofaður sé drottinn.

PRESTUR

Og hvað skyldu þessir lúmsku snákar hafa ætlað sér, vitið þið það?

MAÐUR

Segðu okkur það!

KONA

Lofaður sé drottinn.

PRESTUR

Þeir ætluðu sér að.. **(Hávært kvað í froski. Prestur þagnar.)**

MAÐUR

Guð minn góður!

KONA

Lofaður sé drottinn.

**(Froskkvak.)**

MAÐUR

Hvað er þetta eiginlega?

PÍLVIÐAR-JÓN

Það er froskur. Það er froskur í vasa mínum. **(Hlær en hláturinn breytist smámsaman í grát.)**



## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Það varð messufall þegar Pílvíðar-Jón fór að gráta út af gjöfinni minn sem var risastór froskur og samkoman leystist upp. Við fórum út og borðuðuðum nestið okkar í rjóðri nálægt kirkjunni eins og við gerðum á hverjum sunnudegi.

## WALES

Silungsveiðin hefur verið ágæt í sumar.

## PÍLVIÐAR-JÓN

Dádýrin eru að færa sig hærra upp í fjöllin.

## FAGRA BÝFLUGA

Þarftu ekki að láta gera við einhver föt Jón?

## PÍLVIÐAR-JÓN

Það gæti hugsast.

## FAGRA BÝFLUGA

Komdu þá með þau næsta sunnudag.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Svona hjöluðu þau um allt og ekkert þangað til það var kominn tími til að halda heim. Þá föðmuðust þau í kveðjuskyni og Pílvíðar-Jón klappaði mér á öxlina. Svo gekk hann í burtu, teinréttur með handleggina niður með síðunum og leit hvorki til hægri eða vinstri. Hann virtist einhvern vegin svo týndur þarna í útjaðri menningar hvíta mannsins. Hann hvarf inn á milli trjáanna og það var ekki hægt að sjá að hann fylgdi neinni slóð. Hann leit aldrei um öxl.

## LITLA TRÉ

Afi. Þekkir þú einhverja farísea?

## WALES

Nei drengur minn, það geri ég ekki og það þýðir ekkert fyrir einhver títarson að vera að þráspyrja mig um hvað þeir ætluðu sér. Presturinn ætti ekki að vera að æsa faríseana upp; það eru nóg vandræði án þess.

## LITLA TRÉ

En afi, hver var Móses?

## WALES

Mér skilst að hann hafi byrjað að vera með stelpu í sefi á árbakka. Nú, það er bara eðlilegt nema hvað stelpan var rík og tilheyrði viðskotailllum títarsyni sem hét Faró. Faró þessi var alltaf að drepa fólk og hann lagði fæð á Móses, líklega út af stúlkukindinni.

## LITLA TRÉ

Hvað gerði Móses þá?

## WALES

Hann forðaði sér og tók með sér hóp af fólki sem Faró ætlaði að drepa. Hann þvældist um árum saman án þess að hafa hugmynd um hvert hann var að fara. Reyndar komst hann aldrei á leiðarenda en fólkið sem var með honum komst víst þangað á endanum. Hvar í fjandanum sem það nú var. Og þarna einhversstaðar kemur Samson til sögunnar og hann drap helling af filisteum skilst mér. Ég veit nú ekki afhverju hann var að berjast við filisteana eða hvort þeir voru eitthvað á vegum Farós. Þetta endaði allt með ósköpum því einhver kvensnipt hellti Samson fullan og klippti af honum hárið og þá gátu óvinir hans komist að

WALES (frh.)

honum. Ég man ekki hvað kvensan hét en þetta er góð biblíusaga því hún kennir manni að gæta sín á kvenfólki sem reynir að hella mann fullan.

## LITLA TRÉ

Ég skal sko passa mig á því afi.

## WALES

Fínt vinur, það er ágætt ef biblíulærdómur kemur að einhverju gagni.

(Hundgá.)

## LITLA TRÉ

Ég held að herra Vín sé að koma.

## WALES

Við verðum þá að fara á móti honum og hjálpa honum með farangurinn.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Herra Vín var örugglega hundrað ára og hann var farandsali. Hann bjó í þorpinu en ferðaðist um fjöllin með vörur sínar á bakinu. Hann hét ekki herra Vín heldur einhverju löngu og flóknu nafni sem byrjaði á Vín og þessvegna kölluðum við hann Herra Vín. Hann kom til okkar einusinni í mánuði og oft gisti hann hjá okkur í eina eða tvær nætur.

## HERRA VÍN

Komið þið nú sælir herrar mínir. Ætlar þú að halda á þessari klukku fyrir mig Litla tré?

LITLA TRÉ

Er hún biluð?

HERRA VÍN

Ekki gengur hún nú alveg rétt. Ég verð að fá þig til að hjálpa mér að laga hana.

FAGRA BÝFLUGA

Komdu sæll herra Vín.

HERRA VÍN

Sælar frú. Er eitthvað sem frúna vanhagar um?

FAGRA BÝFLUGA

Kannski eitt tvinnakefli. Og svo langar mig að skoða hjá þér efnin og hnappana.

HERRA VÍN

Við kíkjum á það á eftir.

LITLA TRÉ

Finnst þér ekkert leiðinleg að við köllum þig Vín þegar þú heitir eitthvað meira.

HERRA VÍN

Það skiptir engu hvað þið kallið mig. Sum indjábanöfn eru þannig að ég get ekki einusinni borið þau fram. En heyrðu.. er ég ekki að gleyma einhverju?

LITLA TRÉ

Hverju herra Vín?

HERRA VÍN

Ég veit það ekki, ég er búinn að gleyma því. Manst þú hverju ég er búinn að gleyma Fagra Býfluga?

FAGRA BÝFLUGA

Nei. Það man ég ekki.

HERRA VÍN

En þú Wales? Manst þú það?

WALES

Nei.

HERRA VÍN

Litla tré, getur þú ekki hjálpað mér?

LITLA TRÉ

Ertu ekki að gleyma einhverju sem þú ert með í vasanum?

HERRA VÍN

Ja, þú segir nokkuð. Ég veit ekki hvernig ég er að verða. Man ekkert stundinni lengur. Hvað skyldi þetta nú vera?

LITLA TRÉ

Epli. Rosalega er það stórt.

HERRA VÍN

Já stórt er það. Þessvegna tók ég það með mér þegar ég rakst á það en ég ætla nú eiginlega að henda því. Mér finnast epli nefnilega ekkert góð.

LITLA TRÉ

Ég skal losa þig við það.

HERRA VÍN

Þú ert góður drengur Litla tré. Ekki er að spyrja að því.  
En hvar setti ég nú gleraugun mín?

LITLA TRÉ

Þau eru þarna.

HERRA VÍN

Þarna hvar? Ég sé ekkert án þeirra.

LITLA TRÉ

Á enninu á þér.

HERRA VÍN

Ég er nú svo aldeilis hlessa. Ef þú hefðir ekki verið  
hérna hefði ég ekki séð til að gera við þessa klukku.  
Sjáðu: Ef ég set stóra vísinn beint upp, á hvað bendir  
hann þá?

LITLA TRÉ

Hann bendir á tólf.

HERRA VÍN

Rétt. En á hvað bendir sá litli?

LITLA TRÉ

Á tvo.

HERRA VÍN

Og hvað er klukkan þá?

LITLA TRÉ

Hún er tvö.

HERRA VÍN

Hárrétt. En ef ég set þann stóra beint niður og þá er sá litli hérna mitt á milli. Hvað er klukkan þá?

LITLA TRÉ

Hálfþrjú.

HERRA VÍN

Rétt hjá þér. Þú ert alveg búinn að ná þessu.

LITLA TRÉ

Þú ert líka búinn að kenna mér svo vel.

HERRA VÍN

Já, þú ert að fá góða uppfærðslu. Það eru ekki margir drengir á þínum aldri sem kunna skil á herra Makbeð eða vita yfirhöfuð nokkuð um herra Shakespeare. Hvernig gengur þér með reikningsbókina?

LITLA TRÉ

Ég er búinn með hana.

HERRA VÍN

Má ég sjá. **Flettir.** Já. Já. Þetta er rétt. Rétt. Það er bara allt rétt hjá þér. Sjáðu, hérna er ný reikningsbók handa þér og af því að þú ert búinn að vera svona duglegur færðu þennan fína gula blýant.

LITLA TRÉ

Rosalega er hann flottur.

## HERRA VÍN

Nú skal ég sýna þér hvernig maður á að ydda blýant. Þú þarft að gera hann oddmjóan án þess að blýið verði of mjótt því þá brotnar það bara og blýanturinn verður til lítills gagns. Þetta er sparnaðaraðferðin skal ég segja þér. Það er nefnilega stór munur á að vera sparsamur og nískur. Ef þú ert nískur þá ertu nákvæmlega eins og stórlaxarnir sem dýrka peninga og nota þá ekki fyrir nauðsynjum. Maður er sparsamur ef maður notar peninga til að kaupa það sem maður þarfnast en er ekkert að strá þeim í kringum sig. Eitt leiðir nefnilega af öðru og ef þú venur þig á ósiði þá tekur það engan enda. Ef þú ferð illa með peningana þína þá ferðu að fara illa með tíma þinn og það kemur losarabragur á hugsanir þínar og flest annað. Og ef það kemur losarabragur á heilar þjóðir þá sjá stjórnámálamennirnir sér leik á borði og fyrr en varir er kominn harðstjóri. En harðstjóri getur ekki náð tökum á hófsamri þjóð.

## LITLA TRÉ

Ég held að herra Vín hafi svipaða skoðun á stjórnámálamönnum og við, afi.

## WALES

Já, það er ábyggilega rétt hjá þér.

## HERRA VÍN

En nú skaltu byrja að reikna Litla tré. Það er mjög mikilvægt að kunna að reikna. Sjáðu til, menntun er tvíþætt. Annarsvegjar er það verklegi þátturinn, það að læra að skila vinnu sinni sem allra best. Það er best að vera sem nútímalegastur í að þróa þann þátt en hvað varðar hinn þáttinn þá er best að vera íhaldssamur og breyta sem fæstu. Hinn þátturinn er gildismatið. Maður á



HERRA VÍN (Frh.)

að meta það mikils að vera duglegur og heiðarlegur, að gera sitt besta og þykja vænt um fólk. Það er mikilvægast og læri maður það ekki skiptir engu hve vel manni gengur í vinnunni. Og ef gildismatið verður of nútímalegt er jafnlíklegt að menn þrói einhverja tækni til að tortíma og eyðileggja.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Sumarið bjó sig undir dauða sinn; það var eins og það dottaði þessa síðustu daga undir haustið. Sólin hætti að vera hitagjafi og ljós hennar breyttist úr hvítu í rautt og gult sem hjúpaði síðdeginn móðu og hjálpaði sumrinu að deyja.

## FAGRA BÝFLUGA

Það er allt að búa sig undir svefninn langa.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Herra Vín kom í sína síðustu ferð. Við vissum það ekki þá, þó við afi yrðum að hjálpa honum upp tröppurnar. En kannski vissi hann það.

## HERRA VÍN

Eins og þið vitið þá er ég alltaf hálfpartinn utan við mig og gleyminn eftir því.

## LITLA TRÉ

Já það vitum við. Þú ert alltaf að týna gleraugunum þínum.

## HERRA VÍN

Já en nú er það dálítið verra Litla tré. Ég er hræddur um að ég hafi drýgt hroðalega synd.

## LITLA TRÉ

Hvernig þá herra Vín?

## HERRA VÍN

Sjáið þennan frakka sem ég saumaði. Gjörsamlega ónýtur.

## LITLA TRÉ

Þetta er mjög fallegur frakki hjá þér.

## FAGRA BÝFLUGA

Hann er gulur eins og kanarífugl.

## HERRA VÍN

Ég saumaði hann handa sonarsonarsyni mínum sem býr handan við hafið. En af því að ég hef ekki séð hann svo lengi þá hef ég gert frakkann of lítinn. Sjáið, þetta passar á lítinn dreng en hann er að verða fullorðinn maður.

## WALES

Já nú er illt í efni.

## HERRA VÍN

Það er mikil synd að henda einhverju sem einhver annar getur notað. Ég er orðinn svo gamall að ég þoli ekki að bera fleiri syndir. Ef ég finn engan sem getur gert mér þann greiða að taka frakkann þá er ég alveg glataður.

## LITLA TRÉ

Ég skal máta hann fyrir þig.

## HERRA VÍN

Þarna getið þið séð hvað ég er orðinn gleyminn. Ég steingleymdi að biðja þig um þennan greiða. Þú léttir af mér þungu fargi. Svona, stingdu höndinni hérna í ermina, svona já, og hin, aðeins að laga hann hérna, svona já.

## FAGRA BÝFLUGA

Hann passar alveg.

## HERRA VÍN

Já þú ert alveg jafn stór og mig minnti að langafabarnið mitt væri.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Herra Vín var svo hamingjusamur að hann grét af gleði. Ég var líka svo ánægður með frakkann að ég fór ekki úr honum allt kvöldið og hefði sofið í honum ef amma hefði leyft það. Hún hengdi hann upp í herberginu mínu svo ég gæti horft á hann í tunglskininu. En þar sem ég lá í rúminu mínu og dáðist að frakkanum mundi ég allt í einu eftir því að ég hafðu gleymt að þakka Herra Vín fyrir frakkann. Það fannst mér að ég yrði að gera jafnvel þó ég væri að gera honum greiða. Ég fór framúr og fann hann á hnjánum á dýnunni sinni. Hann hafði kveikt á kerti og var að biðja.

## HERRA VÍN

..og þakka þér fyrir þennan litla dreng sem hefur fært mér svo mikla hamingju. Amen. Ert þú þarna Litla tré?

## LITLA TRÉ

Já, þetta er bara ég.

## HERRA VÍN

Komdu hingað.

## LITLA TRÉ

Af hverju ertu með kerti? Þú mátt alveg kveikja á lampanum.

## HERRA VÍN

Allt skyldfólk mitt er handan við hafið mikla. Það er bara ein leið svo ég geti verið með því. Á vissum tímum kveiki ég á kerti og það gerir skyldfólkið mitt líka og þannig gerum við eitthvað saman og hugsum til hvors annars.

## LITLA TRÉ

Það er sniðugt. Við eigum fullt af skyldfólki út um allt land en okkur hafði ekki dottið þetta í hug. Vinur okkar hann Pílvíðar-Jón býr uppi í fjöllum og hann er alltaf einn. Ég ætla að segja honum frá kertunum.

## HERRA VÍN

Það líst mér vel á vinur minn.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Auðvitað steingleymdi ég að þakka herra Vín fyrir frakkann. En ég vonaði að hann myndi skilja það og fyrirgefa mér gleyskuna. Hann var jú alltaf að gleyma einhverju sjálfur.

**(Bankað á dyr. Dyr opnaðar.)**

## FÉLAGSRÁÐGJAFI

Er afi þinn heima.

## LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Afi. Það er komin stjórnmalakona.

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Ég er ekki stjórnmalakona.

WALES

Já, hvað get ég gert fyrir þig?

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Má ég koma innfyrir?

WALES

Gjörðu svo vel. Viltu ekki fá þér sæti.

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Nei, ég held ég standi. Getur drengurinn ekki farið út á meðan við tölum saman?

WALES

Hann tekur þátt í öllu sem hér gerist.

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Gott og vel. Þannig er mál með vexti að fólk hefur áhyggjur af menntun drengsins.

WALES

Hvaða fólk? Það er ástæðulausar áhyggjur. Hann kann að lesa og skrifa og reikna. Herra Vín segir að hann fái betri uppfræðslu en flestir drengir á hans aldri af því hann þekkir til herra Shakespeare's.

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Herra Vín? Ég hef aldrei heyrt hann nefndan.

## WALES

Hann er farandsali sem býr niðri í þorpinu. Bráðgáfaður maður.

## FÉLAGSRÁÐGJAFI

Er það svo? Nú jæja, ég er hérna með bréf frá sveitarstjórninni sem ég ætla að biðja þig að lesa.

## WALES

Fagra býfluga, ætli það sé ekki best að þú lesir þetta.

## FAGRA BÝFLUGA

**(Les.)** Barnaverndurnarnefnd hefur borist ábending um að mál drengsins..

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Hér hætti amma að lesa upphátt en las áfram í hljóði. Þegar hún hafði lokið við að lesa bréfið slökkti hún á lampanum. Stjórnmalakonan skildi ábendinguna og stóð upp í rökkrinu og staulaðist til dyra.

## WALES

Hvað stendur í þessu bréfi?

## FAGRA BÝFLUGA

Einhverjir hafa kært okkur. Þeir segja að getum ekki annast Litla tré almennilega. Þeir segja að við höfum engan rétt til að halda honum og við séum gömul og ómenntuð. Þeir segja að ég sé Indjáni en þú kynblendingur og þú hafir slæmt orð á þér.

## WALES

Segja þeir það?

## FAGRA BÝFLUGA

Þeir segja við séum eigingjörn og séum að spilla fyrir Litla tré, að við séum að þræla honum út svo við getum haft það gott í ellinni.

## LITLA TRÉ

Segja þeir ekkert um mig?

## FAGRA BÝFLUGA

Jú en ég hef það ekki eftir.

## LITLA TRÉ

Ég get alveg lært tíu orð á viku í orðabókinni og kannski meira. Og þó að stjórnmalakonan þekki ekki herra Vín þá er það alveg rétt hjá honum að ég er orðinn góður í reikningi. Þið eruð ekkert að þræla mér út, ég er miklu frekar byrði á ykkur og þið skuluð ekki trúá þessu bulli sem þeir segja um ykkur.

## FAGRA BÝFLUGA

Þeir segja að við getum farið fyrir rétt og svarað fyrir þetta. Annars verður hann settur á munaðarleysingjahæli.

## LITLA TRÉ

Hvað er munaðarleysingjahæli amma?

## FAGRA BÝFLUGA

Það er staður fyrir börn sem eiga ekki mömmu og pabba.

## LITLA TRÉ

Ég er sko miklu betur staddur en mörg börn. Ég er meira að segja að læra iðn.

## WALES

Ég held það sé betra, eins og lögin eru, að þú minnst ekkert á iðnina.

## LITLA TRÉ

Ég fer ekki með stjórnmalakonunni, ég strýk, ég fer og fel mig hjá Pílvíðar-Jóni.

## FAGRA BÝFLUGA

Þá senda þeir lögregluna að leita að þér.

## WALES

Við skulum fara niður í þorpið og tala við herra Vín. Kannski dettur honum ráð í hug.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Herra Vín bjó niðri í þorpinu fyrir ofan fóðurverslun. Við börðum að dyrum en enginn svaraði og hurðin var læst. Þá fórum við niður í fóðurverlunina til að athuga hvort þeir vissu eitthvað um herra Vín.

## AFGREIÐSLUMAÐUR

Hann heitir ekki herra Vín. Reyndar heitir hann ekkert lengur því hann er dauður. (Þögn.) Heitir þú ekki Wales?

## WALES

Jú.

## AFGREIÐSLUMAÐUR

Hann skildi þennan poka eftir handa þér. Sjáðu, nafnið þitt er á honum. Hann merkti allt. Vissi að hann var að deyja. Hann var meira að segja með merkimiða um úlnliðinn með leiðbeiningum um hvað ætti að gera við líkið. Vissi líka nákvæmlega hvað það kostaði.. skildi peningana eftir



AFGREIÐSLUMADUR **(Frh.)**

í umslagi.. nákvæmlega upp á sent. Nískur. Engir peningar afgang. Júðadjöfull.

## WALES

Hann stóð við allar sínar skuldbindingar ekki satt?

## AFGREIÐSLUMADUR

Ó jú.. jú jú.. ég hafði ekkert á móti gamla manninum, þekkti hann ekkert. Enginn þekkti hann. Eyddi öllum sínum tíma í að flækjast um fjöllin.

## WALES

Geturðu bent mér á einhvern lögfræðing?

## AFGREIÐSLUMADUR

Hérna hinum megin við götuna. Upp tröppurnar. **(Þögn.)**  
Eitt var dálítið skrítið hjá gamla Gyðingnum. Það eina sem var ómerkt, þegar við fundum hann, var kerti. Gamla fíflið hafði kveikt á því og það var logandi við hliðina á honum.

**(Gengið upp tröppur og bankað á dyr.)**

## JOE TAYLOR

Kom inn. **(Dyr opnast.)** Sælir. Ég heiti Joe Taylor.

## WALES

Wales. Ég er hérna með bréf.

JOE TAYLOR

Látum okkur sjá. (Les.) Barnaverndunarnefnd hefur borist ábending.. (Eðlilega.) Nú já.. (Les.) Óhæfur til að fara með forræði drengsins.. (Eðlilega.) Þú hefur verið í fangelsi? Fyrir að brugga viskí.

WALES

Einu sinni.

JOE TAYLOR

Ég gæti tekið við peningunum þínum en það yrði ekki til neins. Þessir kerfiskarlar skilja ekki fjallafólkið. Vilja það ekki. Ég held að tíkarsynirnir skilji ekki neitt yfirhöfuð. Ekki indjána að minnsta kosti. Við myndum tapa þessu. Þeir taka drenginn.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afi tók dollara upp úr buddunni sinni og lagði á borðið hjá lögfræðingnum. Svo fórum við. Við gengum út úr þorpinu. Herra Vín var horfinn af sjónarsviðinu. Og við höfðum tapað. Þetta var í fyrsta skipti sem ég átti auðvelt með að fylgja afa eftir. Hann dró lappirnar og ég reiknaði með að hann væri þreyttur. En ég varð að fá svar við spurningu sem brann á mér.

LITLA TRÉ

Afi. Hvað er Júðadjöfull?

WALES

Veit það varla, það er eitthvað minnst á þá í biblíunni, eitthvað sem gerðist fyrir löngu síðan. Ég hef heyrt að þeir séu landlaus þjóð eins og við indjánarnir.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þegar við komum heim opnuðum við pokann frá herra Vín. Þar ægði öllu saman, efnum og saumadóti fyrir ömmu, verfærum handa afa og bókum handa mér.

## FAGRA BÝFLUGA

Það er eins og hann hafi sett allar vörurnar sínar í pokann.

## LITLA TRÉ

Þarna er epli. Hann hefur ekki gleymt því núna. Og kerti. Hvað stendur á því?

## FAGRA BÝFLUGA

Það stendur Pílviðar-Jón.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við höfðum þrjá daga saman og þá nýttum við til fullnustu. Við vorum alltaf saman nema einusinni því þá þurfti ég að skreppa í vegamótabúðina og reka dálítið erindi.

## LITLA TRÉ

Hvað kostar þetta sælgætisbox herra Jenkins?

## JENKINS

Hvað eigum við að segja? Þetta er orðið dálítið gamalt box. Sextíu og fimm sent.

## LITLA TRÉ

Ég ætla að fá það. Handa ömmu. Og þennan pakka af brjóstsykurstöngum handa afa.

JENKINS

Þú ert nýkklipptur Litla tré, ég ætlaði varla að þekkja þig aftur.

LITLA TRÉ

Afi hélt að það væri betra að ég væri með stutt hár af því að ég er að fara á munaðarleysingjahæli.

JENKINS

Það þykir mér leitt að heyra.

LITLA TRÉ

Ég má ekki heldur vera í mokkalinum, ég verð að fara í gömlu skónum mínum. En ég geymi mokkalínurnar bara undir rúminu mínu því ég ætla að koma fljótt aftur.

JENKINS

Amma þín og afi hljóta að vera leið yfir þessu.

LITLA TRÉ

Já ég held það. Amma missir sykur í deigið sitt í hvert skipti svo við afi lifum eiginlega á sætu kexi.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Og svo rann dagurinn upp.

FAGRA BÝFLUGA

Þú manst eftir Hundastjörnunni er það ekki? Þessari sem við horfum á í rökrinu.

LITLA TRÉ

Jú, ég man eftir henni.

## FAGRA BÝFLUGA

Hvar sem þú verður þá skaltu horfa á Hundastjörnuna. Við afi þinn gerum það líka. Við gleymum þér ekki.

## LITLA TRÉ

Ég gleymi ykkur ekki heldur. Viltu biðja Pílvíðar-Jón að horfa á Hundastjörnuna líka.

## FAGRA BÝFLUGA

Það skal ég gera. Mundu líka að hvað sem hver segir þá giftu Sérókarnir mömmu þína og pabba.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Afi fór með mig á umferðarmiðstöðina. Amma vildi ekki koma með. Enginn vildi að ég færi. Fururnar beygðu sig niður og reyndu að grípa í handleggina á mér og runnagróðurinn flæktist fyrir fótunum á mér. Lækurinn rann hraðar, slettandi og kvartandi, og kráka flaug nöldrandi yfir. Allir sögðu það sama.

## RADDIR NÁTTÚRUVÆTTA

**(Endurtekið margradða.)** Ekki fara Litla tré, ekki fara.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Á umferðarmiðstöðinni tók stjórnmálakonan við mér. Hún hengdi miða með nafni og ákvörðunarstað um hálsinn á mér og lét mig fara upp í rútu. Ég horfði út um glugga rúttunnar á afa minn fjarlægjast og verða minni og minni þar sem hann stóð í kvöldsólinni. Hann var hokinn og beygður og í fyrsta sinn á minni stuttu ævi fannst mér hann vera gamall.

## PRESTUR

Það eru erfiðir tímar. Ríkið hefur enga peninga aukreitis. Söfnuðurinn hefur ákveðið að taka við þér - gegn betri vitund verð ég að segja, en við ætlum samt að gera það. Þú verður hér í skóla og þú þarft að vinna einhver verk. Allir vinna hérna en þú ert líklega ekki vanur því. Þú verður að fara eftir reglunum. Ef þú gerir það ekki verður þér refsað. Það eru engir aðrir indjánar hérna. Og þar sem foreldrar þínir voru ekki giftir þá ertu líka fyrsti lausaleikskróinn sem við höfum tekið við.

## LITLA TRÉ

Sérókarnir giftu mömmu og pabba.

## PRESTUR

Það sem Sérókarnir gera skiptir engu máli. Og þú átt ekki að segja neitt nema ég spyrji þig. (Þögn.) Söfnuðurinn minn trúir því að við eigum að vera góð við alla. Líka við dýr. Þú þarft ekki að taka þátt í guðspjónustunum því biblían kennir að bastarðar geti ekki frelsast. En þú mátt koma og hlusta ef þú situr aftast og lætur lítið fyrir þér fara.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Mér var alveg sama þó ég færi ekki til kirkju. Við afi vorum eiginlega búnir að gefast upp á trúarbrögðunum.

## PRESTUR

Ég sé hérna í skjölunum að hann afi þinn er óhæfur til að ala upp barn. Hann hefur verið í fangelsi.

## LITLA TRÉ

Einu sinni var ég næstum því hengdur.

## PRESTUR

Hvað ertu að segja drengur!?

## LITLA TRÉ

Löggan var næstum búin að ná mér. Ef hundurinn hefði ekki bjargað mér hefðu þeir örugglega hengt mig.

## PRESTUR

Guð minn góður. Ég vissi að við ættum ekki að gera þetta.

## LITLA TRÉ

Þú skalt ekki vera leiður yfir þessu. Ég slapp alveg ómeiddur. En aumingja Hringur dó og það var eiginlega mér að kenna.

## PRESTUR

Þegiðu! Ég var ekki að spyrja þig neins. (Þögn.) Jæja, við reynum, með guðs hjálp. En kannski ættirðu frekar heima á betrunarhæli.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Rúmið mitt stóð úti í horni og næsta rúm við mig var rúmið hans Wilburn's. Wilburn var eldri en ég og hann hafði klumbufót. Það var hægri fóturinn og hann var líka svo snúinn að þegar hann gekk nerust tærnar við vinstri fótinn og hann gekk með rykkjum.

WILBURN

Ég þarf að vera hérna þangað til ég verð átján af því að enginn vill ættleiða mig. En mér er skítsama. Þegar ég slepp út ætla ég að koma aftur og kveikja í hælínu. Spilar þú fótbolta?

LITLA TRÉ

Nei, ég kann það ekki.

WILBURN

Ég spila ekki heldur. Boltaleikir eru fyrir smábörn. Ég sit hérna undir eikinni þegar hinir eru að leika þér.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég sat undir eikinni með Wilburn því ég kunní ekki leikina og svo var ég sennilega of lítill. Eikin var gömul og af því veturinn var að koma þá hafði hún fellt laufin. Ég spjallaði oft við hana en Wilburn heyrði það ekki því ég notaði engin orð.

GAMLA EIKIN

Ég er nú orðin dálítið syfjuð en ég ætla að halda mér vakandi aðeins lengur til að geta sent trjáním í fjöllumum skilaboð um hvar þú ert.

LITLA TRÉ

Þakka þér fyrir gamla eik. Gætirðu sagt honum Pílvíðar-Jóni það líka?

GAMLA EIKIN

Það skal ég gera.



## LITLA TRÉ

Þú getur líka sagt honum frá honum Wilburn. Hann segist ekki vilja láta ættleiða sig en þegar einhver kemur stillir hann sér alltaf upp í röðina með hinum drengjunum. Hann reynir alltaf að fela klumbufótinn bakvið heilbrigða fótinn meðan fólkið er að skoða þá. En það vill aldrei neinn tala við hann.

## WILBURN

Mér er alveg skítsama.

## LITLA TRÉ

Næstu nótt á eftir þissar hann í rúmið.

## WILBURN

Ég geri það nú bara viljandi. Ef þetta lið lætur mig ekki í friði skal ég pissa í rúmið á hverri nóttu. **(Þögn.)** Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór.

## LITLA TRÉ

Ég ætla að verða indjáni eins og afi og Pílvíðar-Jón og búa í fjöllum.

## WILBURN

Þegar ég verð stór ætla ég að ræna banka og munaðarleysingjahæli. Ég ætla líka að ræna kirkjur ef ég get komist að því hvar þeir geyma peningana. Ég býst við að ég þurfi að drepa alla í bönkunum og munaðarleysingjahælunum en ég ætla ekki að drepa þig.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Þegar allir fóru í kvöldguðspjónustuna horfði ég á hundastjörnuna með afa og ömmu og Pílvíðar-Jóni. Afi sendi mér minningu af okkur tveimur á fjallstindi. Sólin

LITLA TRÉ FULLORÐINN (Frh.)

var að koma upp og afi sagði: Hún er að lifna við. Og ég svaraði: Já afi. Hún er að lifna við. Við afi fórum líka á refaveiðar með hundana og veltumst um af hlátri út af vitleysunni í Vargi gamla. Amma sendi mér minningu af því þegar hún missti sykur í deigið og mynd af leynistaðnum mínum. Pílvíðar-Jón sýndi mér dádýrinn hátt í fjöllumum og við hlógum að því þegar ég setti froskinn í vasa hans.

## KENNSLUKONA

(Skvaldur.) Þögn í bekknum. Þögn segi ég! Sjáið þessa mynd hérna. Vitið þið hvaða dýr þetta eru?

## DRENGUR

Þetta eru dádýr.

## KENNSLUKONA

Það er rétt. Þið sjáið að þau eru úti í læk og eru að reyna að ryðjast áfram og hlaupa hvert á annað. Hvað haldið þið að sé að gerast?

## DRENGUR

Kannski eru þau hrædd veiðimann sem er að elta þau.

## KENNSLUKONA

Já það er ekki ósennilegt.

## DRENGUR

Kannski finnst þeim ekki gott að vera í vatninu og eru að flýta sér að komast upp úr.

## LITLA TRÉ

Nei nei, þetta er ekki rétt hjá ykkur. Ég sé það á trjánum og runnunum að það er fengitími. Tarfarnir eru bara að fara upp á hindurnar.

## KENNSLUKONA

Hvað sagðirðu?

**(Drengirnir hlæja.)**

## LITLA TRÉ

Þeir eru að fara upp á..

## KENNSLUKONA

Já ég vil heyra þennan óþverra litli indjánabastarðurinn þinn. Nú ferð þú til prestsins. **(Hark og fótatak.)** Ég hefði átt að vita - við hefðum öll átt að vita.. óþverri.. litli óþverraheiðinginn þinn. **(Bankað á dyr.)** Bíddu hérna.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Hún fór inn í skrifstofu prestsins og ég gat heyrt óminn af reiðilestri hennar. Eftir stutta stund kom hún út og gekk burtu án þess að virða mig viðlits.

## PRESTUR

Komdu inn. **(Dyr lokast.)** Farðu úr skyrtunni. Beygðu þig. **(Högg.)** Þú ert fæddur illur svo ég býst ekki við iðrun frá þér. **(Högg.)** En ég skal kenna þér að spilla ekki kristnu fólki. **(Högg.)** Þú getur ekki iðrast en þú færð að væla undan þessu. **(Barsmíðar.)**

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Fyrstu högginn voru óskaplega sár en ég hvorki grét né gaf frá mér nokkurt hljóð. Amma hafði kennt mér hvernig indjánarnir þola sársauka, einusinni þegar ég missti tánögl. Maður lætur líkamlegu vitundina fara að sofa en notar andlegu vitundina til að fara út úr líkamanum og sér sárauðann í stað þess að finna hann. Þrik prestsins dundi á bakinu á mér aftur og aftur þar til það brotnaði og hann þurfti sækja nýtt.

## PRESTUR

**(Högg.)** Íllskan er þrjósk. En með guðs hjálp mun ég gera það sem er rétt. **(Högg.)** Svona. Nú skalt þú fara í rúmið og þú færð engan kvöldmat í viku.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Ég var valtur á fótunum þegar ég staulaðist upp í svefnasalinn. Ég fór út að glugganum og horfði á hundastjörnuna og sagði afa, ömmu og Pílvíðar-Jóni frá því sem hafði gerst.

## LITLA TRÉ

Ég veit ekkert af hverju konan var svona reið við mig eða af hverju hann var að berja mig. Mig langar til að bæta mig en presturinn segir að það sé ekki hægt því ég sé fæddur illur og geti það ekki. Ég held ég ráði ekkert við þetta afa. Mig langar að koma heim.

## WILBURN

Þarna ertu. Hvað er að sjá þig, skyrtan þín er öll blóðug.

## LITLA TRÉ

Presturinn barði mig.

## WILBURN

Þegar ég verð stór og fer að ræna banka og munaðarleysingjahæli þá ætla ég að drepa prestinn. Mér er skítsama þó ég fari til helvítis eins og þú.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Á hverju kvöldi þegar hundastjarnan kom upp sagði ég afa, ömmu og Pílvíðar-Jóni að mig langaði að koma heim. Þegar ég var úti talaði ég við gömlu eikina sem hélt sér vakandi bara fyrir mig. Einn daginn hélt ég að ég hefði séð afa því ég sá hávaxinn mann með svartan hatt en hann heyrði ekki í mér þegar ég kallaði á hann og gekk í burtu.

## KENNSLUKONA

Jæja, þá eru jólin að koma. Þá kemur jólasveinninn til ykkar.

## WILBURN

Það er algjört kjaftæði.

## PRESTUR

Hérna er ég með jólatré handa ykkur. Er það ekki fínt?

## KENNSLUKONA

Nei, en fínt strákar. Hugsið ykkur. Ykkar eigið jólatré. Þið ættuð að þakka prestinum fyrir það.

## WILBURN

Kjaftæði.

## LITLA TRÉ

Af hverju eru þeir að höggva tréð? Það á bara eftir að deyja hérna inni.

## WILBURN

Á Þorláksmessu kemur eitthvað fínt lið úr bænnum með gjafir handa okkur. Þau koma ekki á jólunum, nei, þá er liðið of upptekið við að drekka sig fullt. Fjandans kjaftæði þessi jól. Svo fáum við kjúkling í matinn, legg, háls eða fóarn. Ég er viss um að þeir rækta kjúklinga sem eru bara með leggi, háls og fóarn í jólamatinn okkar.

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Svo var það á jóladag að ég sá afa. Hann var að koma út af skrifstofu prestsins.

## LITLA TRÉ

Afi! Afi! Þú ert kominn!

## WALES

Já, ég kom til að líta eftir þér. Hvernig líður þér?

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Mig langaði til að segja honum að taka mig með sér en ég þorði það ekki því ég var hræddur um að hann lenti í vandræðum. Við föðmuðumst bara og sögðum ósköp fátt en þegar afi þyrfti að fara datt mér í hug að hann þyrfti aðstoð við að finna rútubílastöðina svo ég elti hann í hæfilegri fjarlægð. Þegar við komum á stöðina sá ég í hendi minni að hann þyrfti aðstoð við að komast heim.

## LITLA TRÉ

**(Kallar.)** Afi! Afi! Á ég ekki að koma og hjálpa þér að lesa á rútuna

WALES

**(Kallar.)** Jú komdu hingað Litla tré.

LITLA TRÉ

**(Vélarhljóð.)** Það er þessi hérna.

WALES

Þakka þér fyrir drengur minn. Ég hefði aldrei fundið hana hjálparlaust.

LITLA TRÉ

Afi. Mig langar til að fara með þér heim.

WALES

Ég ætla að fá farmiða fyrir mig og drenginn minn.

LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við afi settumst aftast rútna og á leiðinni heim sagði hann mér frá því hvernig stóð á ferðum hans.

WALES

Við vorum að horfa á Hundastjörnuna og fannst að eitthvað hlyti að vera að og allt í einu var Pílviðar-Jón kominn til okkar. Hann sagði ekki margt en svaf í rúminu þínu um nóttina og var svo farinn. Lögreglustjórinn lét svo senda eftir mér nokkrum dögum seinna og sagði að ég yrði að fara á munaðarleysingjahælið. Presturinn var hálfslaslegur að sjá og hann vildi ólmur losna við þig. Hann sagði að einhver villimaður hefði elt sig um allt í tvo daga og það eina sem þessi villimaður hefði sagt var að Litla tré ætti að fara heim til fjallanna. Presturinn sagði að hann vildi ekki eiga í útistöðum við villimenn og heiðingja.

## LITLA TRÉ

Það hefur þá verið Pílvíðar-Jón sem ég sá. Ég þarf að þakka honum fyrir.

## WALES

Ég gat ekki verið viss um hvort þú vildir fara með mér eða vera hjá drengjunum.

## LITLA TRÉ

Auðvitað vildi ég fara með þér afi. Ég átti bara einn vin þarna, hann Wilburn.

## WALES

Kannski ég ætti að senda honum hníf.

## LITLA TRÉ

Ég held ekki að það borgi sig afi. Ég hugsa að hann myndi drepa prestinn. Hann var svo reiður þegar hann barði mig.

## WALES

Barði hann þig? Það er best að ég segi lögreglustjóranum það svo þú þurfir aldrei að fara þangað aftur.

## LITLA TRÉ

En ég held að það borgi sig ekki að segja Pílvíðar-Jóni frá því.

## WALES

Ætli það sé ekki best að láta það ógert. Ég held að presturinn þoli ekki aðra heimsókn. Jæja. Þá erum við komnir.

**(Rútan stöðvast, dyr opnast og lokast, rútan ekur burt.**

**Náttúruhljóð.)**



## LITLA TRÉ

Það er eitthvað að afi.

## WALES

Hvað er það Litla tré?

## LITLA TRÉ

Ég finn ekki fyrir jörðinni í þessum skóm. Ég ætla að fara úr þeim.

## WALES

Ætli ég fari ekki úr klossunum mínum líka.

## LITLA TRÉ

Þetta er betra.

## WALES

Ég held ég hendi bara mínum. Þið getið hirt þessa fjandans klossa. **(Hlær)**

## LITLA TRÉ

Og þið getið hirt mína líka. **(Hlær.)** Héðan í frá geng ég bara í mokkasínum.

## RADDIR NÁTTÚRVÆTTA

Litla tré er kominn heim! Litla tré er kominn heim!  
Hlustið á okkur. Litla tré er hjá okkur! Litla tré er kominn heim!

## LITLA TRÉ FULLORÐINN

Við gengum eftir stígnum og fundum æðaslátt móður jarðar í gengum iljarnar. Þegar við nálgumst kofann komu hundarnir gjammandi á móti mér og veltu mér um koll í fagnaðarlátunum. Ég sá ömmu standa í kofadyrunum og breiða út faðminn og bakvið hana stóð Pílvíðar-Jón. Þau höfðu bæði elst eins og afi. Mig grunaði að líklega ættum við ekki eftir mörg ár saman. En ég vissi að það yrðu góð ár.